



ODDFELLOW

1. TBL | 75. ÁRG.

BLAÐIÐ

NR. 187 | APRÍL 2026



Gjöfin sem gefur enn

Þegar horft er yfir golfvöllinn í Urriðavatnsdölum og byggðina sem risið hefur hratt í Urriðaholti og Kauptúni undanfarin ár er merkilegt til þess að hugsa að allt á þetta í raun rætur að rekja til nokkurra félaga í Oddfellow sem fyrir 80 árum keyptu jörðina Urriðavatn og gáfu hana síðar, eða árið 1957, til Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, StLO. Það tók reyndar sinn tíma að koma landinu í nýtingu, sjóðnum til ávöxtunar, en góðir hlutir gerast hægt.

Meðal efnis í Oddfellowblaðinu er umfjöllun um stækkunaráform á Urriðavelli, úr 18 holum í 27, sagt er frá gangi mála við byggingu nýs regluheimilis efst í Urriðaholti og frásögn er um hvernig byggð í holtinu hefur þróast á örskömmum tíma. Má nú telja að svæðið sé orðið fullbyggt, um 20 árum eftir að fyrstu íbúðarhúsin risu í holtinu og 25 árum eftir að verðslanir komu fyrst í Kauptúnið; Ikea, Toyota og fleiri fyrirtæki. Um þetta verkefni í heild sinni má einnig lesa á vefnum urriðaholt.is en Oddfellowreglan hefur leikið stórt hlutverk í þeirri uppbyggingu sem landeigandi í góðu samstarfi við fleiri aðila, einkum Garðabæ og bræðurna Jón og Sigurð Gísla Pálmasynti.

Kaupin á Urriðavatni árið 1946 voru upphaflega ekki gerð í nafni Oddfellow heldur ætluðu 30 félagar að nýta landið m.a. undir eigin sumarhúsi og áform voru uppi um að reisa síðar dvalarheimili Oddfellowa „með einstöku útsýni yfir Reykjavík og Reykjanessvæðið“, eins og það er orðið í sögu StLO. Árið 1946 stofnuðu umræddir Oddfellowar félagið *Sumarbúðir að Urriðavatni*. Var bærinn Urriðavatn m.a. leigður út sem sumarhús en búskapur hafði lagst þar af. Samstaða náðist ekki um nýtingu landsins, þrátt fyrir fögur áform, og árið 1957 var ákveðið að gefa StLO jörðina. Hluthafar í félaginu voru þá 61 að tölu, allt félagar í Oddfellow. Alls var um 400 hektara lands að ræða.

Tekjur til almannaheilla

Enn liðu nokkur ár án þess að jörðin væri nýtt til fulls eða að hún skapaði einhverjar tekjur að ráði. Einna helst var það umdeild malarnáma í Búrfellshrauni sem var starfrækt um tíma samkvæmt samningi StLO við jarðverktaka, eða frá 1969 til 1974. Það ár var jörðin Urriðavatn sett á skrá yfir náttúruverndarráðs.

Hugmyndir voru á þessum tíma komnar fram að nýju um að þróa byggð á jörðinni. Markmið StLO með eignarhaldinu á Urriðavatni var ávallt að reyna að hafa af landinu tekjur sem mætti verja til almannaheilla. Á árunum eftir 1970 kom til tals að Garðabær myndi kaupa landið en úr því varð ekki. Hlutirnir fóru að gerast árið 1987 þegar vinnuhópur var settur af stað til að koma með nýjar tillögur að nýtingu jarðarinnar. Afrakstur þeirrar vinnu var svenefnd Hvitbók um framtíðarskipan Urriðavatns, sem kom út árið 1988. Þar voru kynnt áform um íbúðabyggð fyrir 4.500 manns, skóla og leikskóla á 96 hekturum lands og golfvelli á 65 hekturum með áherslu á góða göngustíga í kring.

Til að gera langa sögu stutta má segja að öll þessi áform Hvitbókarinnar hafi gengið eftir, og vel það. Urriðavöllur var fyrst tekinn í gagnið 1992, 9 holur ásamt æfingavellinum Ljúflingi. Fimm árum síðar voru komnar aðrar 9 holur og golfskáli tekinn í notkun 2004. Og nú eru uppi áform um að stækka völinn í 27 holur, með möguleika á að breyta honum í 18 holu alþjóðlegan keppnisvöll. Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa á lokaorðið um fjármögnunina og ekkert benti til annars þegar þetta var ritað en að það yrði samþykkt á aðalfundi sjóðsins nú í apríl. Golfið er í miklum vexti og biðlistar langir í öllum klúbbum. Mun fjárfestingin án nokkurs vafa skila sjóðnum góðum tekjum til framtíðar litið og hann þannig halda áfram að styrkja góð málefni í samfélaginu, fyrir hönd Oddfellowreglunnar á Íslandi.

Urriðavöllur er í fögru umhverfi Urriðakotshrauns þar sem gert er ráð fyrir aðstöðu til margs konar úti- vistar, ekki bara fyrir kylfinga. Hraunið var sem kunnugt er friðlýst sem fólkvangur fyrir rúmum tveimur árum, sá fyrsti hér á landi í einkaeigu.

Urriðaholtið er nánast fullbyggt og íbúafjöldinn í dag nálægt þeirri tölu sem nefnd var í Hvitbókinni árið 1988. Og Oddfellowhúsið er orðið nýtt kennileiti efst í holtinu, með útsýni til allra átta. Þannig að draumur Oddfellowa frá 1946 um „dvalarheimili“ í landi Urriðavatns hefur að nokkru leyti ræst. Gjöfin heldur áfram að gefa.

Góðar stundir og gleðilegt sumar!

Björn Jóhann Björnsson, St. nr. 7, þorkeli mána

Efnisyfirlit



Gjöfin sem gefur enn.....	2
Sterkust er við stöndum þétt saman.....	4
Thomas Wildey varðaði leiðina.....	6
Hvaðan kemur Rebekkunafnið?.....	8
EKKO-áætlun innleidd.....	9
Gerum gott starf enn betra.....	10
Sigrún fyrsti heiðursfélagi Barböru.....	13
Stækkaður í 27 holu keppnisvöll.....	14
Hádegisverður eldri systra.....	17
Brautin breiða og slétta.....	18
Aðgengileg saga uppbyggingar Urriðaholts.....	20
Aldrei íþyngjandi, alltaf gaman.....	22
105 ára Hallveig styrkti Arnarskóla.....	23
Að gleðjast með góðum félögum.....	24
Einmanaleiki, heilsa og líðan.....	26
Oddfellowhúsið ris hratt í Urriðaholti.....	28
Styrkur veittur á BFH-kvöldi.....	29
Stækkun regluheimilis vel á veg komin.....	30
Textarnir endurspeglu oft innra starfið.....	32
Getið verið stolt af ykkar störfum á Íslandi.....	36
Færeyingar kunna að halda veislu.....	42
Lognið tók á móti okkur.....	44
Heimsborg sem bragð er að.....	46
Gleði og gaman í Freyju.....	48
Veran í Oddfellow hefur þroskað mig.....	50
Halldór Margeirsson á Ísafirði heiðraður.....	51
Bræður og systur saman í línudansi.....	52
Stemning í pöbkkvissi.....	53
Meðal milljóna á októberfest.....	54
Friðrik vann allar skákir í Vonarstrætinu.....	55
Fjórði ættliður í Oddfellow.....	56
Nýir kraftar og ferðagleði.....	57
Samferða í reglustarfinu og lífinu.....	58
Söguslóðir biskupsins sóttar heim.....	61
Húsnæði StLO við Glerárgötu tilbúið.....	62
Emmsjé Gauti og Guðni sáu um uppstandið.....	64
„Þið yljíð mér um hjartarætur“.....	66
Uppskeran er góð og gjöful.....	69


Oddfellow
BLAÐIÐ

1. tbl. 75. árg. nr. 187 April. 2026

Útgefandi: Oddfellowreglan á Íslandi Vonarstræti 10, 101 Reykjavík

Ritstjórn: Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, Björn Jóhann Björnsson, Helga Björg Steinþórsdóttir, Jón Birgir Eiríksson, Sesselja Ingólfssdóttir og Steinþór Guðbjartsson, ritstjorn@oddfellow.is

Hönnun: Garðar Pétursson **Umbrot:** Sigríður Friðjónsdóttir **Prófarkalestur:** Ólafur Hjörtur Jónsson

Auglýsingar: Bjarni Ólafur Guðmundsson, bog@eyjar.is **Prentun:** Litróf

Forsíðumynd: Frá Landsmóti Oddfellowa í golfi á Urriðavelli

Sterkust er við stöndum þétt saman

Kæru reglusystkin! Nú fer annasömu starfi vetrarins senn að ljúka og stutt í að vorboðinn ljúfi láti í sér heyra.

Ég óska nýjum kjörnum og skipuðum embættismönnum innilega til hamingju með sín embætti og velfarnaðar í störfum, en innsetningum embættismanna lauk á Sauðárkróki 14. febrúar síðastliðinn.

Það er afskaplega ánægjulegt að finna kraftinn frá ykkur öllum, um að gera vel í reglustarfinu, stúkum ykkar og Oddfellowreglunni til heilla. Að finna fyrir áhuganum, gleðinni og því áræði ykkar að takast á við nýjar áskoranir. Stórstúkustjórn, og stórembættismenn okkar, hlakkar mikið til að starfa með ykkur og veita ykkur þann stuðning sem þarf til að starfið gangi vel.

Ánægjulegar vikur

Þetta voru ánægjulegar fimm vikur sem innsetningartímabilið tók og aldrei hafa jafn margir embættismenn tekið þátt í þeim og vil ég færa öllum sem að þeim komu innilegar þakkir fyrir. Alls staðar gekk vel og ekki spillti fyrir að bæði veður og færð voru sannarlega með okkur þennan tíma.

Það er krefjandi að taka við stjórn heillar reglu-deildar en um leið afskaplega gefandi og ánægjulegt og hvet ég ykkur, kæru reglusystkin, sem hafið verið valin til forystu, að nýta þennan tíma vel og njóta starfsins til fullnustu.

Í kjölfar innsetninganna hefur Stórstúkustjórn með stórembættismönnum haldið námskeið í öllum regluheimilum þar sem við höfum farið yfir verkefni fram undan með nýjum stjórnendum.

Kæru reglusystkin! Við þurfum öll að standa saman og hafa markmiðin okkar að leiðarljósi, þau eru skýr:

- Að vinna markvisst að því að göfga og betra sjálfan sig.
- Að láta kenningar Reglunnar móta athafnir daglegs lífs.
- Að kynna út á við hvernig við ræktum vináttu, eflum kærleika og leitum sannleikans í lífinu.
- Að stuðla að því að allir geti lagt sitt af mörkum til að hjálpa náunga sínum til betra og farsælla lífs.
- Að láta ekki sitja við orðin tóm heldur láta verkin tala.

Það munar um Oddfellowregluna í samfélaginu okkar, ekki síður nú en til framtíðar. Stöndum þétt saman – þá erum við sterkust!



Ljósmyndir Rutar og Sliju

Steindór Gunnlaugsson, stórsir Oddfellow á Íslandi.

Öflugt ytra starf

Eftir að Oddfellowblaðið var opnað fyrir almenningi höfum við fundið fyrir auknum áhuga fólks á okkar kærri Oddfellowreglu og nú hefur verið settur svokallaður QR kóði hér í blaðið, sem auðveldar áhugasömum að hafa samband við okkur og tókum við vel á móti þeim.

Í blaðinu birtist mikið efni um okkar ytra starf, sem er afar öflugt, og ekki að undra að aðrir heillist af því góða starfi sem fer fram í Oddfellowreglunni. Að geta stundað markvisst mannræktarstarf í þeirri viðleitni okkar að verða betri manneskjur og geta jafnframt gefið ríkulega af okkur til samfélagsins.

Um þessar mundir er framkvæmdaráð Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa á ferð um landið og heim-sækir reglusystkin í öllum regluheimilum til að kynna stöðu sjóðsins og starfsemi hans, m.a. um stækkun golfvallarins og útivistarsvæðisins í Urriðavatnsdölum. Verkefnið er langþráður áfangi og í framhaldi af mikilli og vandaðri vinnu undanfarinna ára. Sýn Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa er að Urriðavatnsdalir verði aðlaðandi útivistarsvæði, þar sem

útivist og fræðsla fari saman við vernd einstakrar náttúru, menningarminja og landslags og aðstöðu til golfiðkunar á heimsmælikvarða.

Nýbyggingin á áætlun

Nýbygging Oddfellowhússins við Vínatræti í Urríðaholti gengur vel og er samkvæmt áætlun og er byggingin sannarlega farin að minna á sig í umhverfinu. Veðurfar í vetur hefur verið afar hagstætt fyrir framkvæmdina og er uppsteypu nær lokið og uppsetning stálvirkis sömuleiðis. Í sumar verður unnið við ísetningu glugga, frágang þaks, einangrun og uppsetningu klæðningar.

Í háholtinu er verið að leggja lokahönd á skipulag lóðarinnar næst Oddfellowhúsinu og hafa farið fram kynningar með skipulagsyfirvöldum Garðabæjar og íbúum Urríðaholts til að kynna þeim þessi áform, því ekkert viljum við frekar en að eiga gott samráð og samskipti við nágretta okkar.

Á vettvangi Stórstúkunnar, eftir innsetningar, hafa verið mörg stofnafmæli regludeilda sem eru afskaplega ánægjulegt heim að sækja. Ekki síður hefur það verið mikill ánægjuauki fyrir okkur í starfinu að heim-sækja stúkur til að fagna stórafmælum reglusystkina í starfinu.

Þá er fram undan Stórstúkuþing Evrópu sem fer fram að þessu sinni í Stokkhólmi 5.–7. júní og viku síðar Stórstúkuþing Noregs 11.–14. júní sem haldið verður í Krokkleiva.

Þá verður evrópska ungmennaheimsóknin til Íslands og Bandaríkjanna 24. júlí til 2. ágúst og er reiknað með um 30 þátttakendum frá flestum umdæmum, m.a. tveimur frá Íslandi.

Kæru reglusystkin. Ég þakka fyrir góðan og ánægjulegan vetur og óska ykkur öllum og fjölskyldum ykkar gleðilegs sumars.

Steindór Gunnlaugsson, stórsir



Stjórn Stórstúku Íslands I.O.O.F.
sendir reglusystkinum og fjölskyldum þeirra
og öllum landsmönnum bestu óskir
um gleðilegt sumar.

Thomas Wildey varðaði leiðina

Oddfellowreglan, eins og hún þekktist í Bandaríkjunum og Evrópu í dag, Independent Order of Odd Fellows (IOOF), rekur upphaf sitt til framlags og ævistarfs Englendingins Thomasar Wildey á 19. öld. Hann kynntist starfi Oddfellow í Englandi en fluttist ungur til Bandaríkjanna, þar sem hann kom að stofnun fyrstu stúkunnar þar í landi 26. apríl árið 1819. Þetta var í borginni Baltimore og fékk stúkan nafnið Washington.

Regludeildir Oddfellow á Íslandi minnst Thomasar Wildey ár hvert, í kringum fæðingardag hans, sem var 15. janúar árið 1782.

Thomas Wildey fæddist í London. Ungur að aldri, eða aðeins 14 ára, hóf hann nám í járnsmíði og lauk sveinsprófi 22 ára gamall með þeim vitnisburði, að vera sérlega vandvirkur og duglegur námsmaður.

Árið 1804 var hann vígður í Oddfellowstúku í London og varð yfirmeistari þeirrar stúku nokkrum árum síðar. Heimildir eru fyrir því að hann hafi verið stofnandi stúkunnar númer 38, Morgunstjörnunnar, en sú stúka var stofnuð árið 1807. Hann var yfirmeistari þeirrar stúku í 10 ár, en árið 1817 flutti hann ásamt eiginkonu sinni sem innflytjandi til Bandaríkjanna og settist að í Baltimore.


Faraldur í Baltimore

Á þessum árum voru Englendingar ekki sérlega vinsælir í Bandaríkjunum enda hafði ófriður ríkt milli þeirra og Bandaríkjamanna í nokkur ár og var nýlokið. Samt tókst Thomas Wildey fljótlega, með sinni heillandi framkomu, að fá starf við iðn sína þrátt fyrir mikið atvinnuleysi heimamanna.

Á þessum tíma geisaði í Baltimore faraldur, kallaður „gula sóttin“, sem olli mikilli neyð. Thomas Wildey hafði starfað í 13 ár fyrir Oddfellowhreyfinguna í heimalandi sínu og vissi hvað honum bar að gera sem Oddfellowbróðir. Hann bauð þegar fram krafta sína, stundaði vinnu á daginn en hjúkraði sjúkum á kvöldin og reyndi að gera allt sem hann gat, til að lina þjáningar sjúkra og bæta hörmungarástandið sem ríkti.

Hann saknaði Oddfellowstarfsins frá Englandi, en vissi ekki um neina Reglu né aðra reglubræður í Bandaríkjunum. Þannig atvikaðist að hann kynntist skipamiðlara nokkrum, John Welch að nafni, sem einnig hafði verið bróðir í enskri stúku áður en hann fluttist vestur um haf. Báðir höfðu þeir mikinn áhuga á að stofna Oddfellowstúku í Baltimore. Þeir fóru því að leita að fleiri bræðrum og loks fundu þeir þrjá landa sína, sem einnig höfðu verið í Oddfellow í Englandi.

Þessir fimm bræður stofnuðu síðan stúkuna



Thomas Wildey, oft kallaður faðir Oddfellow.

Washington hinn 26. apríl 1819 á veitingastaðnum Sjóstjörninni í Baltimore, eða fyrir 207 árum. Það mun hafa verið af háttvísi að stúkan fékk nafn fyrsta forseta Bandaríkjanna, George Washington. Markmið stúkunnar voru í anda þeirrar starfsemi sem Thomas Wildey hafði kynnt í Englandi; að sinna góðgerðarmálum og að veita félagsmönnum stuðning og standa vörð um virðingu og siðferðisleg gildi þeirra. Áhersla var lögð á að aðstoða sjúka og aðstandendur þeirra, efla menntun og sjálfshjálp innan samfélagsins.

Fyrsti stórsírin

Frá stofnun til dauðadags var Thomas Wildey í forystusveit Reglunnar og hefur hann oft verið kallaður faðir Oddfellowreglunnar.



Minnisvarðinn um Thomas Wildey í Baltimore.

Árið 1820 hófu stúkurnar Washington og Franklin samstarf og stofnuðu Stórstúku fyrir Maryland-fylki. Stofnbréfið var gefið út 22. nóvember 1820. Thomas Wildey var kosinn fyrsti stórsir hinnar nýju Stórstúku. Þess er sérstaklega getið hve duglegur hann var að breiða út kenningar Oddfellowreglunnar. Á afmælisdegi hans, 15. janúar 1825, var Hástúkan í Baltimore stofnuð og Thomas Wildey kjörinn fyrsti stórsir hennar. Þegar þessum áfanga var náð sneri hann sér að því að stofna enn fleiri stúkur og síðan stórstúkur innan hvers fylkis Bandaríkjanna.

Þegar Thomas Wildey var 53 ára gamall hætti hann sem stórsir Reglunnar og gerðist erindreki hennar og þáði lágmarkslaun fyrir. Síðar gerðist það, að starf hans fyrir Regluna var orðið svo yfirgripsmikið, að ákveðið var að veita honum sérstakan fjárhagsstyrk til að geta sinnt þessu yfirgripsmikla starfi. Styrkinn fékk hann til æviloka.

Thomas Wildey andaðist 19. október 1861, 79 ára að aldri. Oddfellowreglan sá um veglega útför hans og honum til heiðurs komu bræður frá öllum fylkjum Bandaríkjanna til að vera viðstaddir. Reglan reisti honum stóran minnisvarða í miðborg Baltimore árið 1865 og árið 1997 var minnismarkið endurvigt. Stendur það á North Broadway, nálægt Fayette Street.

Hreif fólk með sér

Enginn vafi leikur á að persónuleiki Thomasar Wildey var hrifandi. Hann hafði styrka rödd og þétt



Gullhúðaður minnispeningur sem gefinn var út í tilefni af 200 ára afmæli Oddfellowreglunnar árið 2019. Mynd af Wildey á framhliðinni og fyrsta regluheimilið á bakhliðinni, Sjóstjarnan í Baltimore.

handtak, og átti auðvelt með að hrifa fólk með sér til starfa fyrir Regluna. Var mjög frjór og opinn fyrir nýjum hugmyndum sem gætu orðið starfi hans til heilla. Sérstakt er að í heimildum er hans eingöngu getið í sambandi við störf fyrir Oddfellowregluna, jafnvel einkalíf hans virðist að mestu óþekkt. Hann hefur helgað líf sitt hugsjónum Reglunnar og gerði markmið hennar að sínum. Mestan hluta ævi sinnar fór hann eftir grundvallarkenningum Oddfellowreglunnar; vináttu, kærleika og sannleika. Ennfremur hvatti hann menn til þess að sýna með athöfnum sínum að þeir væru drengskaparmenn og mannvínir.

Þó finna megi eldri heimildir allt aftur til miðalda um álika starfsemi og Oddfellow iðkar í dag þá rekur Oddfellowregla nútímans sögu sína til Baltimore árið 1819. Thomas Wildey átti sér hugsjónir um alheimsreglu bræðralags til eflingar mannúðar og mannræktar. Þær hugsjónir náðu til manna, sem vildu láta gott af sér leiða, og hafa fest djúpar rætur sínar hér á landi og víðar í hinum vestræna heimi.

	<p>RBST.NR.7 ÞORGERÐUR KYNIR GLÆSILEG OG VÖNDUÐ HÁLSMEN Í samstarfi við Sif Jakobs</p>
<p>RHODIUMHÚÐAÐ Gull eða silfur með sirkonium steinum verð 24.900.- Fæst í vefverslun www.oddfellow.is</p>	

Hvaðan kemur Rebekkunafnið?

Í nnan Oddfellow starfa karlar í svonefndum bræðrastúkum og konur í Rebekkustúkum. En hvernig kemur Rebekkunafnið til um systrastúkurnar?

Á miðri 19. öld var Oddfellowreglan orðin áhrifamikil hreyfing í Bandaríkjunum, en aðild að Reglunni var þá eingöngu ætluð körlum. Fyrsta bræðrastúkan þar í landi var stofnuð árið 1819, eins og fram kemur í annarri grein í blaðinu um stofnandann Thomas Wildey.

Strax árið 1830 var farið að tala um að fá konur í félagsskapinn en sambærileg líknar- og góðgerðarfélag á þessum tíma voru nær eingöngu skipuð körlum. Hugmyndin mætti í fyrstu nokkurri andstöðu en árið 1850 komst skriður á málið fyrir tilstilli Schuyler Colfax, sem var áhrifamaður innan Oddfellow og áberandi í stjórnmalum. Varð hann síðar varforseti Bandaríkjanna í forsetatíð Ulysses S. Grant.

Samþykkt á Stórstúkuþingi 1851

Schuyler Colfax hafði mikla trú á því að þátttaka kvenna í störfum Oddfellow yrði Reglunni til framdráttar. Hann var fenginn til að undirbúa tillögu á Stórstúkuþingi og eftir umræður í nefnd kom tillaga fyrir þingið í Baltimore árið 1851 um sameiginlegt stig fyrir bræður og systur. Colfax fylgdi tillögunni fast eftir og að loknum heitum umræðum var hún samþykkt með 46 atkvæðum gegn 37.

Lagði Colfax til nafnið Rebekkustig, sem í fyrstu gerði eiginkonum og dætrum Oddfellowbræðra kleift að starfa á vettvangi Oddfellow að líknar- og mannúðarmálum. Voru þær í upphafi, árið 1851, kallaðar „dætur Rebekku“. Nokkrum árum síðar urðu til sjálfstæðar Rebekkustúkur eingöngu skipaðar konum. Engar staðfestar heimildir eru um hver teljist fyrsta konan til að ganga í Oddfellow.

Tekið úr Biblíunni

Rebekkunafnið sótti Colfax úr Biblíunni. Þar segir frá Abraham og Söru, konu hans, sem áttu soninn Ísak. Þegar Sara lést sendi Abraham þjón sinn Eliezer með marga úlfalda og dýrgripa til að leita að konu fyrir Ísak. Þegar hann kom eftir langt ferðalag til borgarinnar Nahor í Mesópótamíu bað hann Guð að hjálpa sér að finna konuna fyrir Ísak. Birtist þá ung kona að nafni Rebekka við brunninn og brynnti þyrstum þjóninum og úlföldum hans. Eliezer fékk hana til að ganga til fundar við Ísak. Tókust ástir með þeim í kjölfarið og Ísak lét huggast eftir móðurmissinn.



Schuyler Colfax var upphafsmaður þess að konur fengu inngöngu í Oddfellow árið 1851.

Rebekka var talin tákna góðvild, gestrisni og óeigingjarna hjálpsemi, siðgæði sem Oddfellowreglan vildi setja í forgrunn þegar hún opnaði dyr sínar fyrir konum. Var Rebekkustigið byggt á persónu Rebekku, þar sem saga hennar þótti endurspeglar þær dyggðir sem konur gætu fært Oddfellowreglunni.

Schuyler Colfax naut hylli og virðingar fyrir sína framgöngu og að honum látnum reistu Oddfellowar honum glæsilegan minnisvarða í borginni Indianapolis. Á framhlið hans er bronsskjöldur með mynd af Rebekku og Eliezer við brunninn. Á öðrum hliðum eru ýmsar táknmyndir Oddfellow, t.d. súlur með einkunnarorðunum *í vináttu, kærleika og sannleika*. Ofan á þessum súlum er bronsstyttla af Schuyler Colfax.

Heimildir:

Vinátta, kærleikur, sannleikur – saga Oddfellowreglunnar á Íslandi
Wikipedia

EKKO-áætlun innleidd

Stórstúkustjórn hefur kynnt viðbragðsáætlun við einelti, kynbundnu ofbeldi og eða kynferðislegri áreitni, skammstafað EKKO. Áætlunina má finna bæði á ytri og innri heimasíðum Oddfellowreglunnar.

Aðdragandi þessarar áætlunar liggur í vinnu Stórstúkustjórnar um málefni Oddfellowreglunnar og félaga hennar. Í þessu verkefni voru skoðaðar síðareglur Almannaheilla, samtaka þriðja geirans, en Oddfellowreglan ásamt Styrktar- og líknarsjóði Oddfellowa hefur átt í góðu sambandi við samtökin og fengu síðareglur þeirra til skoðunar sem öll aðildarfélög þeirra geta notast við.

„Við nánari vinnu var skoðað að notast við viðbragðsáætlun sem er skylt að notast við í atvinnulífinu, lögum samkvæmt og heimfæra hana yfir á félagsskap eins og okkar. Við leitum til fagfólks í

þessum efnum okkur til stuðnings og niðurstaðan gefin út í byrjun starfsins á liðnu hausti,“ segir Steindór Gunnlaugsson stórsir við Oddfellowblaðið.

Ástæða þess að viðbragðsáætlun er vistuð bæði á innri og ytri síðu Oddfellowreglunnar, segir Steindór vera að í flestum regluheimilum séu starfsmenn sem geti verið hvort sem er, félagar í Oddfellow eða ekki.

Steindór bendir á að fjöldi reglusystkina í landinu sé rétt um 1% þjóðarinnar. Oddfellowreglan sé þverskurður hennar og líkt og gerist í þjóðfélaginu, þá komi upp árekstrar og ágreiningur sem takast þurfi á við. Þá sé nauðsynlegt að hafa leiðbeiningar um fyrstu viðbrögð, allra aðila vegna.

„En auðvitað á mannrækt okkar reglusystkina að vera þannig, að við eigum aldrei að þurfa að nota þessa áætlun,“ segir Steindór að endingu.



Oddfellowheimilið að Vonarstræti, til hægri, við hlið nýbyggingu Alþingis, Smiðju.

HVERNIG GENG ÉG Í ODDFELLOWREGLUNA?

Á vef Oddfellowreglunnar, oddfellow.is, má nálgast upplýsingar um Regluna og hvernig hægt er að ganga til liðs við hana. Meðfylgjandi QR-kóði færir þig inn á vefinn, lesandi góður, og þar má m.a. nálgast eyðublað til að óska eftir frekari upplýsingum.

Til að verða Oddfellowi þarf viðkomandi að vera lögráða og fjárhagslega sjálfstæð(ur).

Oddfellow viðurkennir tilvist „einnar æðstu veru sem skapað hefur heiminn og heldur honum við,“ óháð trúarbrögðum.

Innheimt eru félagsgjöld sem standa straum af rekstri Oddfellowreglunnar og regluheimila. Hluti þeirra rennur einnig til líknarmála.



Gerum gott starf enn betra

Oddfellowbræðurnir Baldvin Valdemarsson og Hannes Siggason eru hér í viðtali sem br. Gísli Sigurgeirsson tók í tilefni nýrrar könnunar Akademiú Oddfellowreglunnar meðal kjörinna embættismanna. Þeir segjast geta bætt sjálfa sig til enda lífsgöngunnar með verkfærum Oddfellow.

Eftir reynslu mína af störfum innan Reglunnar okkar kom það mér ekkert á óvart að kjörnir embættismenn Reglunnar þurfa að eyða verulegum tíma í viku hverri fyrir Regluna. En nær allir telja þeir þeim tíma vel varið, ekki síst vegna þess að starfið sé gefandi og reynslan geri þá hæfari til starfa í samfélaginu," sagði Baldvin Valdemarsson, patriarki, þegar hann var inntur eftir viðhorfi til niðurstaðna úr könnuninni. Í sama streng tók Hannes Siggason patriarki, en þeir félagar starfa innan Akademiunnar, hvor fyrir sínar búðir.

Könnunin var gerð í samvinnu við Rannsóknarmiðstöð Háskólans á Akureyri, RHA, og náði til 28 bræðrastúkna og 20 Rebekkustúkna. Stúkurnar eru ýmist með fundi vikulega eða hálfsmánaðarlega. Spurningar voru sendar til 240 kjörembættismanna, mismargar eftir embættum. Spurt var um bakgrunn embættismanna, viðhorf til starfsins og tímanotkun fyrir Regluna. Þar var einnig komið inn á hvort þeim þætti starfið gefandi og þroskandi, þannig að reynslan gerði þá að hæfari vinnukrafti. Einnig var leitað eftir viðhorfum embættismanna gagnvart fjölskyldulífi, hvort reglustarfið raskaði því með einhverjum hætti.

Mesta vinnan hjá yfirmeistara og ritara

Alls eru sex reglusystkini í málefnaþópi Akademiunnar, sem sá um framkvæmd könnunarinnar; þrjú



Hannes Siggason.



Baldvin Valdimarsson.

patriarkar og jafn margir matriarkar. Óskar Jósefsson patriarki starfaði með hópnum auk patriarkanna Hannesar og Baldvins. Matriarkarnir í hópnum voru Sigríður Hlíðar, Hrund Logadóttir og Guðlaug Björg Björnsdóttir, sem var hópstjóri. Sérfræðingar Háskólans unnu með hópnum við mótun spurninga og gerð könnunarinnar. Þar stóð fremst í flokki dr. Gró Einarsdóttir, sem veitti ómetanlega aðstoð við þessa vinnu.

Lögð var á það sérstök áhersla að gæta persónuverndarlaga við gerð könnunarinnar og úrvinnslu svara. Könnunin náði til tímanotkunar og viðhorfa kjörembættismanna stúkna árin 2022 til 2024.

Kjörnir embættismenn tóku könnuninni vel

Tímafjöldi sem kjörnir embættismenn leggja af mörkum vikulega

Klukkustundir á viku í 52 vikur á ári

	Bræðrastúkur		Rebekkustúkur
	vikulegir fundir	hálfsmánaðarlegir fundir	hálfsmánaðarlegir fundir
Yfirmeistari	5,5	5,6	6,4
Undirmeistari	4	4,8	4,8
Ritari	6,4	4	5,6
Gjaldkeri	2,4	3,2	2,4
Féhirðir	4	3,2	4

Heimild: Könnun RHA fyrir Akademiú Oddfellowreglunnar

Því þátttaka var 71%. Þar kom fram að mesta vinnan hvílir á yfirmesturum og riturum regludeildanna. Yfirmestarar bræðrastúkna með vikulega fundi telja sig verja 5,5 klukkustundum fyrir stúku sína á viku hverri yfir árið og svipaður tími fer í starfið hjá yfirmesturum bræðrastúkna, sem funda hálfsmánaðarlega. Undirmeistarar eru með um klukkustund færri tíma en yfirmestararnir, en það hvílir mikið á riturum stúkna sem funda vikulega, því þeir telja sig þurfa 6,5 tíma vikulega til sinna starfa. Gjaldkerar og féhirðar bræðrastúkna telja sig flestir þurfa 3-4 tíma á viku í sín reglustörf.

Raskar ekki fjölskyldulífinu

Rebekkustúkurnar eru með fundi hálfsmánaðarlega og yfirmestarar þeirra verja að meðaltali 6,4 klukkustundum í starfið á viku hverri yfir árið, ritarar 5,6 klukkustundum, undirmeistarar 4,8 klukkustundum, féhirðar 4 klukkustundum og gjaldkerar 2,4 klukkustundum. Það vekur athygli að það virðist ekki vera verulegur vinnunundur hjá kjörnum embættismönnum regludeilda, sem ýmist eru með fundi sína vikulega eða hálfsmánaðarlega. Sjá nánar í meðfylgjandi töflu.

Umtalsverður fjöldi þátttakenda í könnuninni taldi að staða þeirra á vinnumarkaði væri sterkari eftir að þeir hefðu sinnt kjörembætti og nær allir kjörembættismenn töldu tíma sínum vel varið við störfin og þeir eru flestir tilbúnir í frekari embættisstörf fyrir Regluna. Þrátt fyrir að reglustarfið væri tímafrekt töldu þeir það ekki raska eigin fjölskyldulífi. Í svörum þeirra kom einnig fram að ástæða væri til að bæta fræðslu- og námskeiðatækifæri fyrir nýja embættismenn og sitthvað mætti laga, t.d. til að koma í veg fyrir tvíverknað embættismanna.

Oddfellow hafði vinninginn

Baldvin Valdemarsson hefur starfað mikið innan sinnar stúku, St. nr. 15, Freyju, á Akureyri. Hann hélt suður yfir heiðar í háskólanám en við heimkomuna sá hann að gamli vinahópurinn á Akureyri var farinn í ýmsar áttir. Baldvin fann því að hann yrði að leita á ný mið, því allir hafi þörf fyrir félagslíf, að hitta annað fólk.

„Þá datt mér í hug að ganga í einhvern góðan félagskap og mótaði í huga mér eftir hverju ég væri helst að sækjast. Það kom mér á óvart hvað það eru til mörg félög sem vilja hafa góð áhrif á samfélagið. Í stuttu máli var það Oddfellow sem hafði vinninginn. Eflaust hefur uppeldi föður míns og hans viðhorf til lífsins og samfélagsins haft þar sin áhrif. Ég sótti um inngöngu í Freyju og þar var mér vel tekið. Ég var vigður í byrjun árs 1988, þá orðinn 29 ára gamall.“

Baldvin hefur verið mjög virkur í Reglunni allt



frá vigslu. Hann var meðhjálpari, síða-meistari, kappellán, ritari, undirmeistari og loks yfirmestari hjá Freyju. Síðar var hann bókari, fyrsti höfuðsmaður og höfuðpatriarki í búðum. Hann var einnig kjörinn stórfulltrúi stúku sinnar og búðanna og núna er hann starfandi stórkappellán og fulltrúi í Akadémiunni.

„Starfið innan Reglunnar hefur gefið mér mikið og mótað mína lífssýn til betri vegar að mínu mati. Ég sé ekki á eftir einni mínútu af þeim fjölmörgu sem ég hef varið í þetta starf, sem hefur verið mjög lærdómsríkt. Ég tel að sá lærdómur hafi gert mig að hæfari einstaklingi á vinnumarkaði. Það gladdi mig því mjög þegar svör reglusystkina minna lágu fyrir. Þar kemur fram að nær allir svarendur telja starfið gefandi, mannbætandi og skili þeim sem hæfari einstaklingum út í samfélagið.“ segir Baldvin.

Leið til að leggja góðum málum lið

Félagi hans í málefnaþróunum og reglubróðir, Hannes Siggason, tekur í sama streng. Á því tímabili sem könnunin náði til var hann yfirmestari í stúkunni sinni. „Það kom mér ekki á óvart, eftir að hafa gegnt embættum ritara, undirmeistara og yfirmestara, að kjörembætti í stúkum væru tímafrek ef þau eiga að vinnast vel. Það kom mér hins vegar skemmtilega á óvart hversu margir kjörembættismenn höfðu svipað viðhorf og ég til starfanna fyrir Regluna. Þótt álagið geti stundum verið mikið þá væri tímanum vel varið og maður kæmi út sem sterkari starfskraftur á vinnumarkaði.“ sagði Hannes.

Hannes er fæddur og uppalinn á Selfossi. Hann nam rafmagnstæknifræði, fyrst hér heima, en lauk náminu í Danmörku. Heimkominn starfaði Hannes við hönnun og ráðgjöf við ýmis stórverkefni en sneri sér síðar að verkefnastjórnun. Fyrst var hann hjá álverinu í Straumsvík. Síðar var hann hjá Orkuveitu Reykjavíkur við byggingu Hellisheiðarvirkjunar þar til framkvæmdum lauk 2012. Eftir það, allt fram að starfslokum, starfaði Hannes hjá Stjórnstöð Veitna Orkuveitu Reykjavíkur.

„Með auknum þroska fann ég fyrir löngun til að láta eitthvað gott af mér leiða í lífinu. Í Straumsvík kynntist ég mörgu góðu fólki, þar á meðal br. Rúnari Pálssyni, sem sagði mér frá Oddfellowreglunni. Þar sá ég leið til að leggja góðum málum lið, um leið og ég gæti unnið í sjálfum mér til aukins þroska.“ sagði Hannes þegar hann var spurður um upphafið að starfi í Oddfellow.

Hann sagði Rúnar hafa vakið forvitni sína og samtal þeirra leiddi til vigslu Hannesar í St. nr. 14, Bjarna riddara, í Hafnarfirði. Hannes var vigður í nóvember 2005, þá orðinn 47 ára. Hann segir starfið hafa reynst

sér gefandi en hann segir bræður verða að bera sig eftir þeim þroska sem Reglan getur gefið þeim.

„Oddfellowstarfið stóð undir mínum væntingum fljótlega eftir að ég hafði náð áttum,“ segir Hannes aðspurður um fyrstu skrefin í Reglunni.

–Náð áttum segirðu, varstu áttavilltur, Hannes?

„Nei, það slapp nú til, en til þess að ná áttum varð maður að mæta vel á fundi og það gerði ég,“ svarar hann og við gefum honum orðið áfram:

Á fyrstu árum mínum í Reglunni vann hún að framkvæmdum við Líknardeildina í Kópavogi. Þar kom ég að verki ásamt stúkusystkinum víða að, þar til framkvæmdum lauk. Þetta var stórt framtak hjá Reglunni og ég fann mig við að leggja þar hönd að verki. Ég var stoltur af því hvernig þarna var staðið að málum og naut þess að vera þátttakandi með mínum reglusystkinum. Ég fann mig því í stúkustarfinu frá fyrsta degi. Sérstaklega í þeim líknar- og hjálparverkefnum sem stúkan stóð að í nærumhverfi sínu, sem og í verkefnum með öðrum regludeildum. Samstaða regludeildanna í Hafnarfirði var einnig eftirminnileg og hún hefur vaxið og dafnað á undanförunum árum,“ segir Hannes.

Hvað get ég gert fyrir Oddfellow?

Baldvin tekur í sama streng. Hann segir sárt að upplifa það stundum að nýliðar finni sig ekki í starfi Reglunnar eftir vígslu, oft vegna þess að þeir sem hafa stutt að inngöngu þeirra sinni ekki nægilega hlutverki sínu við að standa við bakið á þeim fyrstu skrefin. Margir nýliðar upplifi mikla tilhlökkun og tilstand, eins og vekjandi storm, við vígslu og stigveitingar en síðan lygni þegar almennir fundir hefjast.

Sumir nýliðar virðast túlka það sem eins konar „svikalogn“ og gefast strax upp. Tillögumenn þeirra bregðast líka í sumum tilvikum, láta hjá líða að hvetja nýliðana og skýra markmið Reglunnar, eða með því að bjóða þeim samfylgd til funda. Til starfsins í stúkum sínum megi nýliðar ekki ganga með þá spurningu í huga: hvað Reglan geti gert fyrir þá? Þeir þurfi fyrst að gefa af sjálfum sér til Reglunnar, með vináttu, kærleika, sannleika og trausti til stúkusystkina. Þeir þurfi líka að mæta á sem flesta fundi til að njóta þeirrar gleði sem fundir með bræðrum eða systurum geti veitt. Baldvin segir þetta mikilvæga undirstöðu.

„Geri nýliðar þetta í upphafi opnast þeim leið til að njóta þess sem Reglan getur veitt þeim, í auknum þroska og nýjum lífsgildum. Allar formkröfurnar sem eru gerðar til starfa innan Reglunnar lærir maður fljótt. Þær hafa nýst mér á öðrum vettvangi; bæði í öðru líknar- og mannúðarstarfi sem ég hef tekið þátt í og einnig í atvinnulífinu. Fundaformið getur virkað þungt og þurrt, en þetta er í raun kennslubók í því hversu mikilvægt er að fundir séu vel skipulagðir. Um leið er allt formið þroskabraut fyrir bræður, því án skipulags á lífsgöngunni er boðið heim þeirri hættu

að lenda á villigötum. Þar við bætast allar dásamlegu og skemmtilegu samverustundirnar sem ég hef átt í einstökum vinahópi innan Reglunnar. Það er ekki bara skemmtilegt í Oddfellow, það er stórgróði fyrir hvern og einn sem kemur inn í starfið og starfar af heilindum. Sá stórgróði er ekki skattlagður!“ segir Baldvin.

Akademían beinist að endurbótum

Stofnað var til Akademiunnar fyrir 10 árum til að vinna að grundvallarhugsjónum Reglunnar með akademiskum hætti. Forseti Akademiunnar, þegar ýtt var úr vör með umrædda könnun, var Guðmundur Þórhallsson. Nú hefur Stefán B. Sigurðsson tekið við því embætti. Hannes tók sæti í Akademiunni árið 2024, sem fulltrúi Ob. nr. 3, Magnúsar. Í Akademiunni er unnið í fimm málefnaþópum, en það er hópur 4 sem framkvæmdi könnunina. Sá hópur einbeittir sér að verkefnum sem eiga heima undir „stjórnun stúkana og búða í nútíð og framtíð“.

Á aðalfundi Akademiunnar árið 2025 var Hannes valinn í stjórn hennar og honum falið að vera gjaldkeri á yfirstandandi kjörtímabili, sem endar árið 2027. En hvernig hefur Akademían reynst? Hannes svarar því:

„Ég man eftir neikvæðum röddum varðandi Akademiuna í byrjun. Ég var fylgjandi stofnun hennar og þóttist sjá að akademísk vinnubrögð, sem ég hafði kynnst í mínu námi, gætu gert gagn í starfi Reglunnar. Hitt er svo annað mál; veit hinn almenni Oddfellowi út á hvað akademísk vinnubrögð ganga? Þar er kannski verk að vinna, að kynna Akademiuna betur. Reglusystkini þurfa að vita að Akademían er ekki til þess að rífa niður starf Stórstúkupinga né starf Stórstúkunnar. Hún er til þess að gera gott starf enn betra með rannsóknarverkefnum sem ætíð eiga að beinast að endurbótum. Einnig er þörf á því að niðurstöður rannsóknarverkefna Akademiunnar nái eyrum stjórnenda í Reglunni. Tilkoma Akademiunnar var mikill fengur fyrir Regluna að mínu mati. Þar er sannarlega farvegur fyrir úrlausn mála ef rétt er haldið á spilunum,“ segir Hannes.

Baldvin tekur undir þessi sjónarmið Hannesar og Hannes tekur heilsa hugar undir þá túlkun Baldvins að það sé „stórgróði“ fyrir hvern og einn að starfa innan Oddfellow, jafnvel þótt það taki sinn tíma.

„Ég nýt þess að hafa hlutverk í reglustarfinu, þar sem heilsa mín og fjölskylduaðstæður gera mér kleift að stunda reglustarfið af krafti. Það er gefandi að sjá starf sitt bera árangur. Tuttugu ára starf innan Reglunnar hefur gert mig að heilsteypari einstaklingi. Ég veit betur fyrir hvað ég stend og veit betur en í byrjun, að ég get treyst sjálfum mér. En mér er ljóst að alveg til enda lífsgöngunnar getur maður bætt sjálfan sig,“ sagði Hannes í lok þessa samtals um Akademiuna og reglustarfið.

Höfundur: Gísli Sigurgeirsson, St. nr. 15, Freyju.

Sigrún fyrsti heiðursfélagi Barböru

Sigrún Guðmundsdóttir var gerð að heiðursfélagi Rbst. nr.12, Barböru, á hátíðarfundum þann 23. febrúar síðastliðinn. Fjölmargar systur frá reglu-deildum innan Oddfellowreglunnar voru viðstaddir til að samgleðjast henni. Var fundurinn hátíðlegur og starfsferill Sigrúnar rakinn. Flutti hún þakkarræðu af þessu tilefni.

Sigrún er fyrsti yfirmeistari og ein af stofnendum Barböru, sem stofnuð var þann 2. október 1999. Er hún fyrsti heiðursfélagi stúkunnar. Hún var gerð að heiðursfélagi Rebekkubúða nr. 1, Þórhildar, á síðastliðnu ári en þar er hún einnig ein stofnenda og fyrrum höfuðmatriarki.

Starfsferill Sigrúnar er langur innan Reglunnar og mörg veigamikil embætti og störf hafa henni verið falin. Þau hefur hún unnið með sóma, áhuga og starfsgleði.

Starf í Oddfellowreglunni byggist á áhuga og dugnaði þeirra sem í henni starfa og þess vænst að til þess veljist dugmiklir einstaklingar. Það á sannarlega við um Sigrúnu. Það er afar mikilsvert að eiga systur sem býr yfir jafnmikilli reynslu á eðli og starfi Reglunnar og Sigrún og erum við Barbörusystur því lánsamar að eiga hana að.

Megi henni vel farnast og bera heiðursmerkið sem heiðursfélagi okkar með sóma og virðuleika.

*Höfundar:
Helga Gunnarsdóttir og Þorbjörg Jónsdóttir,
Rbst. nr. 12, Barböru*



Sigrún Guðmundsdóttir er heiðursfélagi Barbörusystra..





Stækkaður í 27 holu keppnisvöll

Urriðavöllur íðjagrænn á miðju sumri, og náttúruvegurinn allt um kring.

Á form eru uppi um að stækka golfvöllinn í Urriðavatnsdölum, Urriðavöllinn, úr 18 holum í 27. Áætlað er að framkvæmdin kosti tæpan milljarð króna og geti tekið 4-5 ár, án þess þó að vellinum verði lokað á framkvæmdatíma.

Landið er í eigu Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa (StLO). Árið 1990 var Golfklúbbur Oddfellowa (GOF) stofnaður, sem gerði samning við StLO er veitti leyfi til að byggja upp og reka golfvöll í Urriðavatnsdölum. Var gerður leigusamningur við StLO til ársins 2041. Í kjölfarið, eða árið 1993, var Golfklúbburinn Oddur (GO) stofnaður, sem gerði framleigusamning við GOF um daglegan rekstur á vellinum og afnot. Hefur sá samningur verið endurnýjaður reglulega, nú síðast árið 2025.

Alla uppbyggingu og framkvæmdir á landinu þarf að leggja fyrir StLO sem tekur afstöðu að fengnu álit stjórna GOF. Taka átti stækkunina fyrir í seinni afgreiðslu, á aðalfundi StLO núna í lok aprilmánaðar, en í fyrri afgreiðslu málsins á haustfundi StLO í nóvember sl. var samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta atkvæða að ráðast í stækkun vallarins. Var fát talið standa í vegi fyrir því, er þetta var ritað, að sjóðurinn myndi endanlega samþykkja framkvæmdina á aðalfundinum.

Hönnun tekur mið af friðlýsingunni

Stækkun vallarins hefur staðið til í nokkur ár en aðsókn í klúbbinn er slík að langir biðlistar hafa myndast, líkt og hjá flestum öðrum golfklúbbum á höfuðborgarsvæðinu.

Á fundi fulltrúaráðs Styrktar- og líknarsjóðsins í janúar 2025 var samþykkt að verja allt að 50 milljónum króna til hönnunar á nýtingu og aðgengi að Urriðakotshrauni, sem friðlýst var sem fólkvangur í janúar 2024. Er það fyrsti friðlýsti fólkvangurinn í einkaeigu hér á landi, líkt og greint hefur verið frá í Oddfellowblaðinu.

Samið var við bandarískt hönnunarfyrtæki, Robert Trent Jones II, um að koma með tillögu að hönnun á stækkuðum Urriðavelli, úr 18 í 27 holur. Fyrir haustfundi og aðalfundi StLO lá tillagan fyrir. Hönnunin tekur mið af markmiðum friðlýsingarinnar um að tryggja aðgengi almennings að náttúru svæðisins til útivistar, náttúruskoðunar og fræðslu, vernda jarð- og hraunmyndanir sem eru fágætar á heimsvísu, menningarminjar og náttúrulegt gróðurfar svæðisins. Jafnframt er sjónarmiðum um lýðheilsu gert hátt undir höfði með góðum útivistar- og göngustígum, með betri tengingu við stígakerfið í Heiðmörk, auk aukinna möguleika til golfiðkunar á svæðinu.

Hönnuðirnir voru í sambandi við 10 manna nefnd sem skipuð var vegna þessa verkefnis. Nefndin var skipuð Heiðari Friðjónssyni, formanni StLO, Bergþóri Guðmundssyni, ritara StLO, fulltrúum úr Landnýtingarnefndinni; þeim Ingjalði Ásvaldssyni, Hlöðveri Kjartanssyni og Júlíusi G. Rafnssyni, og formönnum beggja golfklúbba; þeim Kára Sölmundarssyni, formanni GO, og Harald Gunnari Halldórssyni, formanni GOF. Einnig voru í nefndinni formenn hagkvæmnisnefndar um stækkunina, þeir

Ágúst Valgeirsson og Þórður Ingason, og Þorvaldur Þorsteinsson, fv. framkvæmdastjóri GO. Þessi ágæta nefnd fór yfir hugmyndir sem komu frá Robert Trent Jones II og lögðu fyrir framkvæmdaráð StLO.

Kostnaðarmatið lækkaði

Lagt var fyrir StLO uppfært kostnaðarmat, sem gerir ráð fyrir um 956 milljóna króna kostnaði við stækkunina. Er það um 30 milljóna króna lægra mat en það sem gert var í mars árið 2024. Meginástæða lækkunar er að nú þegar hönnun stækkunarinnar liggur fyrir, liggja einnig fyrir stærðir og lega golfbrauta og annarra eiginleika golfvallarins. Hönnunarfyrirtækinu tókst að aðlaga hönnunina vel að landslaginu þannig að lágmarks efnisflutninga til og frá framkvæmdasvæðinu þarf til. Miðast núverandi hönnun við að hægt verði að hafa 18 golfbrautir opnar á Urriðavelli á framkvæmdatíma. Frátekið er svæði fyrir mögulegar framtíðarbyggingar við völlinn, auk bílastæða.

Á fundum StLO í vetur var farið yfir rekstrarforsendur fyrir stækkun Urriðavallar. Í fyrri skýrslu hagkvæmnisnefndar frá því í mars 2024 kom fram áætlun um að tekjuauki af svæðinu eftir stækkun gæti orðið um 160 milljónir króna á ári, rekstrar-kostnaður aukist á móti um 40 milljónir á ári og þá yrði tekjuafgangur vegna stækkunarinnar samkvæmt þessu um 120 milljónir á ári. Gæti sá tekjuafgangur þá gengið til StLO að hluta sem leigutekjur af svæðinu og til frekari uppbyggingar á golfvallarsvæðinu að hluta.

Sem fyrr segir var framleigusamningur GOF við GO endurnýjaður á síðasta ári. Ákveðið var að hafa þann samning til stutts tíma og rennur hann út í október 2027 en framlengist um eitt ár í senn ef ekki kemur til uppsagnar. Leigugjald fyrir aðstöðuna er 55 milljónir króna árlega og var hækkað úr 37,5 millj-

ónum samkvæmt eldri samningi. Auk þess greiðir GO aukaleigugjald sem nemur 4% verðtryggt á allar tekjuaukandi fjárfestingar á svæðinu. GOF fjárfestir í tækjum og aðstöðu og er þá eigandi þess.

830 manns á biðlista

„Fjölgun í golfhreyfingunni hefur verið gríðarleg síðustu ár, eða um 26% frá árinu 2022. Því hafa bæst við rúmlega 6.000 kylfingar, sem flestir eru búsettir á höfuðborgarsvæðinu en skráðir í golfklúbba utan þess. Mikil eftirspurn er því eftir að komast á golfvelli á höfuðborgarsvæðinu og er tímasetning stækkunar því hagstæð,“ segir Kári H. Sölmundarson, formaður GO og yfirmestari í St. nr. 20, Baldri, við Oddfellow-blaðið.

Hann bendir á að eftir síðasta haustfund StLO hóf GO að innheimta gjald fyrir þá sem eru á biðlista. Þetta hafi verið talið nauðsynlegt til að fá réttari mynd af stöðu biðlistans. Niðurstaðan sé sú að nú greiði 830 manns 4.000 krónur fyrir að vera á biðlista hjá GO. „Má því með nokkurri vissu segja að hér sé um staðfestan biðlista þeirra sem vilja ganga í Golfklúbbinn Odd,“ segir Kári.

Skipt eftir kynjum eru 59% umsækjenda karlar og 41% konur. Að sögn Kára er hlutfall kvenna með því hæsta sem þekkt meðal golfklúbba hér á landi. Langflestir umsækjendur í GO eru á aldrinum 26-67 ára, koma að miklu leyti úr Garðabæ en einnig úr öðrum sveitarfélögum á höfuðborgarsvæðinu.

Núverandi fjöldi félagsmanna er um 1.500, að meðtöldum félögum með leikheimild á Ljúflingi, litla þar 3 vellinum. Kári segir ráðgert að fjölga um 700 meðlimi og vera með fjölda félagsmanna á hverja golfholu undir meðaltali á höfuðborgarsvæðinu. Rekstraráætlun hafi ekki verið uppfærð en óháður endurskoðandi vinni að yfirferð þeirrar áætlunar sem fyrir liggur. Félagsgjald í GO hafi hækkað í takt við



verðlag og sé því ekki gert ráð fyrir að sú áætlun hafi breyst.

„Stækkunin fer að mestu fram utan núverandi golfsvæðis og vonir standa til að hún geti verið langt komin áður en þörf verður á að breyta núverandi holum, sem hægt er að gera utan leiktíma. Upplifun kylfinga og fjárhagur svæðisins mun því ekki verða fyrir verulegum áhrifum af framkvæmdunum,“ segir Kári Sölmundarson.

Aukið aðgengi félaga í GOF að Oddinum

Félagar í Golfklúbbi Oddfellowa voru rúmlega 400 talsins á starfsárinu 2025 og er það nokkur fjölgun frá fyrra ári. Þar spilar vafalítið inn í að félagar í GOF hafa verulega aukið aðgengi að Urriðavelli, samkvæmt nýjum samningi við Odd og geta nú bókað rástíma með jafn löngum fyrirvara og félagsmenn GO. Meðlimir í GOF geta spilað þrjá hringi á Urriðavelli, eða tíu hringi á Ljúflingi. Samningar aðilanna kveða áfram á um hagstæð teiggjöld vegna landsmóts Oddfellowa í golfi, móta einstakra Oddfellowstúkna og áskorendamót Oddfellowa og Frímúrara.

Á haustfundi StLO benti Harald Gunnar Halldórsson, formaður GOF, á að mikil þekking lægi fyrir um rekstur Urriðavallar, sem myndi nýtast til framtíðar með stækkun vallarins. Mikilvægt væri að hafa þetta í huga þegar stækkunin nú væri borin saman við stækkunina úr 9 í 18 holur. Áætlanir gæfu einnig til kynna að nokkur samlegð kæmi fram við stækkunina og því myndu kostnaðarhlutföll geta lækkað á sama tíma og þeir sem leika völlinn gætu átt von á bættri upplifun og hækkuðu þjónustustigi.



Kári Sölmundarson, formaður Golfklúbbsins Odds, GO.



Harald Gunnar Halldórsson, formaður GOF.

Golfklúbbur Oddfellowa er sem fyrr segir stofnaður árið 1990 og fagnar því 35 ára afmæli um þessar mundir. Harald Gunnar, sem er starfandi fyrrum meistari St. nr. 5, Þórsteins, segir starf klúbbsins öflugt. Í síðasta blaði var sagt frá 35 ára afmælis-mótinu, sem haldið var á Urriðavelli í ágúst 2025 þar sem hátt í 180 kylfingar kepptu. Næsta landsmót verður haldið á sama velli 15. ágúst í sumar.

Í tilefni afmælisársins var einnig ákveðið að efna til golf- og menningarferðar til Alicante á Spáni nú í byrjun maímánaðar. Þegar þetta var ritað var uppselt í ferðina, nærri 80 manns, og eftirvænting mikil, að sögn Haralds Gunnars.

Höfundur:

Björn Jóhann Björnsson, St. nr. 7, þorkeli mána



Frá landsmóti Oddfellowa á Urriðavelli síðasta sumar, þar sem stemningin var mikil og góð, eins og sjá má..

Hádegisverður eldri systra

Í Rebekkustúku nr. 1, Bergþóru, er hefð að bjóða eldri systur til hádegisverðar í marsmánuði, fagna saman og þakka þeim fyrir allt gamalt og gott. Að þessu sinni skunduðu systur í veitingahúsið Nauthól sunnudaginn 15. mars síðastliðinn, þar sem Ingigerður Anna Konráðsdóttir, ritari Bergþóru, bauð systur velkomnar. Hún sagði m.a. að hádegisverður eldri systra væri kærkominn vorboði í starfi stúkunnar og að ljúft væri að fá að þakka þeim sem ruddu brautina í stúkustarfinu.

Hádegisverður eldri systra var fyrst haldinn í Odd-fellowhúsinu í Vonarstræti árið 1988. Ingibjörg Jóhannsdóttir, sem þá var yfirmeistari og hafði frumkvæði að fyrsta hádegisverðinum, sagði að eldri systur hefðu verið mun færri á þessum tíma. Þær hefðu þó átt góða stund og notið sín vel og mundi Ingibjörg eftir því að boðið var upp á kaffi og sherry eftir matinn.

Haldið í hefðina

Nú, nokkrum áratugum síðar, höldum við í hefðina. Skemmtinefndin skipuleggur hádegisverðinn og býður systur sem eru 75 ára og eldri. Auk þess mætir stjórn stúkunnar og fyrrum meistarar. Að þessu sinni voru eldri systur 35 talsins, þær elstu fæddar 1939 og 1940, en ég nefni engin nöfn. Boðið var upp á fordrykk, dýrindis fiskrétt og dásamlega súkkulaðiköku í eftirrétt.

Tviburastysturnar Ingibjörg og Margrét Kristjánsdætur fögnuðu afmæli sínu í leiðinni en þær eru fæddar 1947. Þær systur sögðu að þetta væri í þriðja sinn sem þær fagna afmæli sínu í hádegisverði eldri systra. Systur tóku að sjálfsgöðu afmælissönginn fyrir afmælissönginn.



Tviburastysturnar Ingibjörg og Margrét Kristjánsdætur fögnuðu 79 ára afmæli sínu í Bergþórubodinu.

Óttar Guðmundsson, læknir og rithöfundur, sagði okkur sögur af Sigurði Breiðfjörð skáldi. Óttar skrifaði bókina *Kallaður var hann kvennamaður* um Sigurð sem kom út árið 2024. Sigurður skildi eftir sig 23.000 vísur og var um árabil vinsælasta og mest lesna skáld þjóðarinnar. Drykkjuskapur og kæruleysi spilltu fyrir Sigurði og hann dó á besta aldri úr alkóhólisma og vesaldómi. Þá kvað Jóhanna V. Þórhallsdóttir, söngkona og myndlistarmaður, nokkrar rímur eftir Sigurð.

*Höfundur:
Ingibjörg Ólafsdóttir, Rbst. nr. 1, Bergþóru*



Eldri systur úr Bergþóru á góðri stund saman í hádegisverði í boði systra sinna. Árlegur viðburður í marsmánuði.

Brautin breiða og slétta

Oddfellowstúka nr. 13, Njörður, í Keflavík fagnaði 50 ára afmæli 6. mars síðastliðinn og daginn eftir fór fram hátíðarfundur og hátíðarsamkoma. Um 100 manns fögnuðu með Njarðarbræðrum að deginum til en þeir slógu svo upp glæsilegri veislu um kvöldið. Svo skemmtilega vildi til að gestabók stúkunnar, sem var tekin í gagnið við stofnun Njarðar fyrir hálfri öld, fylltist þennan dag.

Fyrsti Suðurnesjamaðurinn sem fetaði brautina breiðu og sléttu innan Oddfellowreglunnar var br. Þorgrímur Þórðarson, en hann var vigður í St. nr. 1, Ingólf, þann 30. júlí 1920. Hann starfaði á þessum tíma sem læknir í Keflavík og var jafnframt virkur í líknar- og mannúðarstarfi í sinni heimabyggð.

En saga stúkustarfsins á Suðurnesjum hófst meira en hálfri öld síðar þegar þrettán Oddfellowbræður komu saman í Keflavík árið 1974 til að kanna hvort jarðvegur væri fyrir því að stofna stúku í heimabyggð. Þeir hittust, ræddu, skipulögðu, og héldu alls tólf undirbúningsfundi á tveimur árum. Þannig hófu þeir að ryðja brautina fyrir okkur sem á eftir komum.

Til heiðurs sjávarguðinum

Þann 6. mars 1976 var Stúkan nr. 13, Njörður, stofnuð, undir forystu br. Tómasar Tómassonar, fyrsta yfirmeistara stúkunnar. Nafn stúkunnar var ekki valið af handahófi, heldur eftir nákvæma íhugun og til heiðurs sjálfum sjávarguðinum, verndara sjómanna og kaupmanna. Sú ákvörðun að tengja stúkuna við sjávarguðinn Njörð hefur reynst afar farsæl, enda hefur blásið byrlega í segl okkar Oddfellowa á Suðurnesjum frá stofnun.

Stofnfélagar stúkunnar voru 21 að tölu og komu þeir frá átta stúkum, hver og einn með sína reynslu og trú á framtíðina. Þar með höfðu þessir frumkvöðlar í bræðralagi okkar tekið fyrstu skrefin í landnámi Oddfellowreglunnar á Suðurnesjum og hafið að ryðja brautina „breiða og slétta heimsendanna á milli“ enda hafa þau skref bergmálað langt fram á þennan dag.

En eins og svo oft gerist þá eru fyrstu skrefin ekki alltaf dans á rósum. Starf stúkunnar hófst í litlu leiguhúsnæði JC-hreyfingarinnar við Kirkjuveg. Aðstæður voru þröngar, stúkusalinn þurfti að setja upp og taka aftur niður eftir hvern fund. Oftast þurfti einnig að leita til annarra stúkna til að halda síðaathafnir. Þannig varð starf umsjónarmannsins mjög krefjandi, og þurfti hann jafnvel að taka sér heilan frídag til að gera allt klárt.

Frá Túngötu í Grófina

Síðan tók við að komast í eigið húsnæði fyrir stúkuna, fyrst með kaupum á Túngötu 12 í Keflavík árið 1980. Það var gert með útgáfu skuldabréfa sem bræðurnir keyptu sjálfir og gáfu síðar stúkunni. Fundir voru haldnir í þröngu húsnæði á tveimur hæðum og fljótlega varð ljóst að áfram þyrfti að leita að betri húsnæðislausn. En engan bilbug var að finna á bræðrum – áfram var haldið.

Árið 1989 var vígt húsnæði í Grófinni í Keflavík þar sem stúkan og fleiri regludeildir eru nú til húsa. Þá stóð það í iðnaðarhverfi og hafði áður hýst skemmtistað, en með mikilli sjálfböðavinnu, hugviti og samhentu átaki breyttist það í glæsilegt stúkuheimili. Þar



Fyrsta stjórn Njarðar við innsetningu árið 1976, f.v. Tómas Tómasson, Jóhann Einvarðsson, Vilhjálmur Þórhallsson, Sölvi Ólafsson og Bjarni Halldórsson.



Um 100 manns sóttu hátíðarfund og –samkomu í tilefni af 50 ára afmæli Njarðar í Keflavík.

með hófst nýr kafli í sögu stúkunnar og brautin breiða og slétta breikkaði enn fyrir komandi kynslóðir.

Stækkun, viðgerðir og endurbætur í sjálfböðastarfi einkenndu stúkustarfið næstu áratugina. Oddfellowar í stúkunum tóku sig jafnvel til og keyptu hlutabréf til að fjármagna kaup á húsnæði gömlu vélsmiðjunnar við hliðina, sem síðar var gefið stúkunum til að skapa rými fyrir frekari stækkun. Eldhús, samkomusalur, húsgögn og ytra byrði – allt hefur verið bætt og fegrað, oftar en ekki með fjáröflun skemmtinefndar og ómetanlegri sjálfböðavinnu bræðra og systra. Og ekki má gleyma rausnarlegum stuðningi þróunarsjóðs, sem hjálpaði til við að reka smiðshöggjöð á húsnæðisverkefnið.

Fleiri fylgdu í kjölfarið

Ekki leið á löngu þar til fleiri Oddfellowar urðu sama sinnis og nýttu „brautina breiðu og sléttu“ til að halda áfram landnámi Oddfellowreglunnar á Suðurnesjum. Fyrst dró til tíðinda árið 1997 þegar 23 Rebekkusystur stofnuðu Rebekkustúkuna Steinunni, nr. 11. Með því varð Oddfellowhúsið í raun að sönnu heimili. Í kjölfarið fylgdu síðan tvær nýjar stúkur til viðbótar; Jón forseti, nr. 26, árið 2011 og loks Eldey, nr. 18, sem stofnuð var árið 2015.

Eftir „brautinni breiðu og sléttu“ hafa síðan fetað fleiri regludeildir sem numið hafa land á Suðurnesjum. Þann 10. október 2009 stofnuðu 82 Odd-



Tómas Tómasson var fyrsti yfirmeistari Njarðar og einn þeirra sem ruddu brautina fyrir Oddfellowregluna á Suðurnesjum.

fellowbræður nýjar Oddfellowbúðir nr. 5, Frey, sem völdu að setjast hér að í Oddfellowhúsinu í Grófinni. Af þeim stofnfélögum komu 22 bræður úr Nirði. Þetta er lifandi vitnisburður um þann kraft sem býr í því góða umhverfi sem hér hefur verið skapað fyrir blómlegt Oddfellowstarf í anda boðorða bróðurkærleikans.

Frá einum Oddfellowa í Keflavík árið 1920 spratt 21 stofnfélagi sem stofnuðu þessa stúku árið 1976. Í dag, 50 árum síðar, hafa 551 Oddfellowar til viðbótar fetað þessa braut. og af þeim eru 323 virkir í dag í stúkunum fjórum sem eiga heimili sitt hér. Það er ekki sjálfgefið. Það er árangur dugnaðar, fórnfýsi og trúar á tilganginn.

Nú hafa allir stofnendur stúkunnar gengið brautina á enda.

Þeir sáu framtíð sem fáir sáu og lögðu á sig ómælda vinnu svo hún gæti orðið að veruleika. Fyrir það ber að þakka.

Landnám Oddfellowreglunnar á Suðurnesjum er ekki aðeins saga fortíðar heldur lifandi verkefni samtíðar og framtíðar. Það er nú undir okkur komið að halda áfram að rækta vináttuna, sýna kærleikann í verki og starfa í sannleika svo fleiri fái notið þess mannræktarstarfs sem Reglan stendur fyrir.

Megum við bera gæfu til að varðveita þann anda sem hér hefur ríkt í hálföld og láta hann lýsa okkur áfram veginn.

Höfundar:

Sigurður Garðarsson og Páll Ketilsson, St. nr. 13, Nirði

Hér getur að líta fyrsta íbúðarhúsið sem reis í Urriðaholti.

Aðgengileg saga uppbyggingar Urriðaholts

Á vefsíðu Urriðaholts ehf. er nú að finna itarlega frásögn í máli og myndum af uppbyggingu Kaupþúns, Urriðaholts og Urriðavallar. Ekki þarf að hafa mörg orð um þá lyftistöng sem þessi uppbygging hefur haft fyrir Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa.

Á vefsíðunni eru fjölmörg vídeóviðtöl við fólkið sem kom að uppbyggingunni, auk texta sem tengir viðtölin saman. Meðal þeirra sem segja frá eru þeir bæjarstjórar Garðabæjar, skipulagsráðgjafar, skólastjóri Urriðaholtsskóla og formaður íbúasamtakanna. Enn fremur bræðurnir Jón og Sigurður Gísl Pálmasynir sem tóku höndum saman við Styrktar- og líknarsjóð um þróun svæðisins með stofnun Urriðaholts ehf. Þá er rætt við Guðmund Eiríksson, þáverandi stórsir, Steindór Gunnlaugsson, þáverandi formann StLO, Ólaf Helga Ólafsson, fyrrum formann Urriðaholts ehf., og Ingjald Ásvaldsson Oddfellowa.

Á vefsíðunni (www.urridaholt.is/sagan) er sagan rakin aftur til þess þegar nokkrir félagar úr Oddfellow keyptu jörðina Urriðavatn árið 1946. Áform þeirra um sumarbúðir gengu ekki upp og ákváðu eigendur

jarðarinnar, þá 61 talsins, að gefa hana Styrktar- og líknarsjóði. Það var svo ekki fyrr en 1987, undir forystu Jóns Otta Sigurðssonar, að skriður komst á með útgáfu Hvítbókar um nýtingu jarðarinnar. Þar á meðal voru áform um 4.500 manna byggð, golfvöll, leikskóla og útivist.

Mikil sjálfböðavinna

Oddfellowar lögðu á sig mikla sjálfböðavinna til að gera Urriðavöll að veruleika. Undirbúningur hófst 1988, framkvæmdir 1990 og völlurinn varð leikhæfur 1992.

Um svipað leyti og verzlunarsvæðið í Kaupþúni komst á legg eftir aldamótin var farið að huga að íbúðabyggingunni í Urriðaholti. Sala lóða hófst 2007 en bankahrunið hægði á allri uppbyggingu í holtinu í fimm ár.

Urriðaholt er nú nánast fullbyggt og voru 4.300 íbúar með lögheimili í hverfinu í árslok 2025.

*Höfundur:
Ólafur Hauksson, f.h. Urriðaholts ehf.*



Uppbygging Urriðaholts frágengin við athöfn í golfskála GO árið 2007, f.v. Wilhelm I Andersen Stórsir Reglunnar, Geir Zoëga, formaður Urriðaholts ehf og fyrrum Stórsir, Ingjaldur Ásvaldsson, formaður Styrktar- og líknarsjóðs Oddfellowa, Erling Ásgeirsson, forseti bæjarstjórnar Garðabæjar, og Gunnar Einarsson bæjarstjóri.



Geir Zoega, þáverandi stórsír Oddfellow, og Ingjaldur Ásvaldsson við kynningu á verkefninu árið 2007.



Hús Náttúrufræðistofnunar Íslands var fyrst til að rísa í Urriðaholti. Hefur verið leigt af Oddfellow.



Loftmynd af norðurhluta holtisins árið 2016.



Ljósmynd: Tristan Gylfi Baldursson

Svona lítur Urriðaholtið út í dag, séð úr lofti, og er orðið nokkuð fullbyggt.

Aldrei íþyngjandi, alltaf gaman

Þóranna Þórðardóttir var í desember sl. gerð að heiðursfélaga Rebekkustúkunnar nr. 16, Laufeyjar, á Akureyri. Af því tilefni var Þóranna tekin tali fyrir Oddfellowblaðið.

Þóranna segir það mikinn heiður að hafa verið gerð að heiðursfélaga, hún meti það mikils. Það kom fljótt í ljós í samtali okkar hversu ötul Þóranna hefur verið í starfi Oddfellowreglunnar og hefur hún fengið margar viðurkenningar í gegnum tíðina.

Þegar Þóranna gekk í Rebekkustúkuna nr. 2, Auði, á Akureyri þann 12. október árið 1988 var hún ekki alls ókunnug Oddfellowreglunni því báðir foreldrar hennar voru í henni auk fimm systkina. Eiginmaður Þórönnu, Guðmundur Valdimarsson, var félagi í Stúku nr. 2, Sjöfn, en hann lést árið 2008. Þóranna og Guðmundur eignuðust tvö börn, Margréti Unni, fædda 1971, sem er sjúkraþjálfari og býr og starfar í Noregi, og Valdimar Rúnar, vélstjóra, fæddan árið 1976 en hann lést 2015. Barnabörnin eru fjögur.

Börnin voru komin vel á legg þegar Þóranna vígðist í Auði. Hún hafði ekki hugsað sér að vera endilega mjög virk, fannst bara gott að klæða sig upp tvisvar í mánuði og njóta samvista við góðar konur. Annað kom á daginn því hún var beðin um að taka að sér nefndarstörf og ganga í kórinn sem hittist á hverjum laugardegi þar sem æfð voru lög sem flutt voru á fundum, skrefveitingum og öðrum viðburðum. Þegar Þóranna var komin í stjórn hjá Auði þá vann hún að því ásamt fleirum að setja tónlistina sem notuð var á fundum og við athafnir á i-pad. Það var mikil vinna að velja lög og koma þessu inn.

Þóranna gegndi ýmsum embættum í Auði og árin 2006–2008 var hún vígð yfirmeistari. Það var í fyrsta sinn hjá Auði sem eingöngu konur tóku þátt í innsetningu embættismanna.

Fyrsti æðstiprestur Melkorku

Árið 2003 komu systur úr Rebekkubúðum nr. 1, Þórhildi, norður og tóku inn um það bil átta systur og var Þóranna í þeim hópi. Fram að því hafði verið starfandi félag innan Reglunnar á Akureyri sem bar nafnið Melkorka en var ekki formleg regludeild og fengu búðirnar nafn félagsins við stofnun árið 2011 og númerið 3 meðal Rebekkubúða. Í búðunum voru systur úr Auði og Laufeyju á Akureyri, Eir á Sauðárkróki og Björk á Egilsstöðum. Var Þóranna fyrsti æðstiprestur í Melkorku.

Árin 2009–2011 var Þóranna stórfulltrúi í Rebekkustúkunnar nr. 13, Eir, og hafði áður aðstoðað við



Huguína Marta Magnúsdóttir, yfirmeistari í Laufeyju, afhendir Þórönnu Þórðardóttur heiðurskjalíð.

stofnun stúkunnar. Hún keyrði á milli til að sitja fundina og missti einungis af einum fundi vegna veðurs á Sauðárkróki. Þóranna var ein stofnenda Laufeyjar á Akureyri og varð stórfulltrúi þar. Af þeim sökum lét hún af sama embætti hjá Eir.

Þóranna fræddi okkur um aðdragandann að stofnun Laufeyjar. Til þess að hægt væri að stofna stúkuna þurfti að fjármagna hana. Anna S. Jóhannesdóttir, sem varð fyrsti yfirmeistari stúkunnar, stakk upp á að hún myndi elda súpu á mánudagskvöldum í Oddfellowhúsinu og selja þeim sem voru í húsinu. Á þeim tíma var engin stúka með fundi á mánudögum þannig að þau kvöld voru laus til nefndafunda og annarrar starfsemi í regludeildum og því margir í húsi. Þetta gekk vel og fjármögnun stúkunnar fór vel af stað.

Það var að mörgu að huga, t.d. þurfti að lagfæra heiltali sem til var í húsinu og þá hafði Þóranna séð í Danmörku að sumar stúkur voru með skjöld á stóli yfirmeistara. Systir Hallfríður Lilja Einarsdóttir heitin lagði gjörva hönd á öll þau verk. Þóranna segir að undirbúningurinn hafi oft farið fram eftir kl. 10 á kvöldin, því systur voru með heimili sem þurfti að sinna og auk þess unnu þær utan heimilis. Það var því oft setið fram á nótt við skipulagningu og undirbúning. Þóranna segir störfin fyrir Oddfellow aldrei hafa verið íþyngjandi, alltaf hafi verið gaman að vinna fyrir og innan Reglunnar.

Meðal stofnenda Akademiunnar

Þórunna tók þátt í stofnun Canton regludeildar systra á Íslandi. Canton tilheyrir Evrópsku stórstúkunni og er ekki undir stjórn íslensku Oddfellowreglunnar. Canton er með eigin fundasiði, siðareglur og búninga. Eftir nokkurn undirbúning gengu 25 konur á Íslandi í Canton í Danmörku hrunárið 2008. Þær funduðu síðan mánaðarlega heima á Íslandi og stofnuðu síðan Canton árið 2010. Árið 2009 fékk Þórunna stórstúkustig og tók sæti í nefndum hennar.

Þórunna kom að undirbúningi og stofnun Akademíu Oddfellowreglunnar. Akademían vinnur að upplýsingaöflun og rannsóknum á því sem efst er á baugi hjá mönnum um málefni Reglunnar og skoðar aftur í tímann hvernig ýmislegt í síðum hefur verið, hvenær það kom inn og hvers vegna, hver á að stjórna því og svo framvegis. Akademían byggir að mestu á hópstarfi þar sem hver hópur skoðar ákveðna hluti sem hafa verið ákveðnir fyrir fram.

Þórunna fékk heiðursmerki Oddfellowreglunnar árið 2017 og var þá búin að vera í Oddfellow í 29 ár

og verið stofnfélagi, eins og áður hefur komið fram, Rbst. nr. 16, Laufeyjar, Rebekkubúða nr. 3, Melkorku, M.M.Canton nr. 1, Heklu, og Akademíu Oddfellowreglunnar.

Oddfellowreglan hefur verið hluti af manneskjinni Þórunnu og vafist inn í lífsmynstur hennar. Þegar börn hennar uxu úr grasi voru „Oddfellow og mamma eitt og hið sama,“ eins og það var orðað. „Reglan verður hluti af manni þegar maður fer að starfa. Fólk fer í það sem það treystir sér til og gerir,“ segir Þórunna.

Aðspurð að endingu hvað Oddfellowreglan hafi gert fyrir hana þá stendur ekki á svari:

„Fyrst og fremst hefur hún gefið mér félagsskap og sterka vináttu. Þegar áföll dýnja á manni eins og andlát eiginmanns og sonar þá finnur maður hvað Oddfellowreglan er dýrmætur félagsskapur. Sá stuðningur og nærvera sem manni er sýndur er einstakur.“

Höfundar:

*Helga Ragnheiður Gunnlaugsdóttir og
Þórunna Sigurðardóttir, Rbst.nr.16, Laufeyju*

FRÉTTIR

105 ára Hallveig styrkti Arnarskóla

Hátiðarfundur var haldinn í St. nr. 3, Hallveigu, í byrjun mars síðastliðinn. Tílefnið var 105 ára afmæli stúkunnar sem bar upp á 26. febrúar í ár. Að loknum fundi fór kaffisamsæti fram í Vonarstrætinu þar sem Styrktarsjóði Arnarskóla í Kópavogi var afhentur styrkur upp á 2 milljónir króna úr Mannúðarsjóði Hallveigar. Styrkurinn er ætlaður til uppbyggingarverkefna í skólanum, sem stofnaður var árið 2017 og er rekinn sem sjálfseignarstofnun með þjónustusamningi við nokkur sveitarfélög.

Arnarskóli er heildstæður grunnskóli fyrir börn með þroskafrávik á grunnskólaaldri, t.d. einhverfu. Atferlisihlutun er notuð í námi og kennslu barnanna. Með heildstæðum skóla er átt við að þjónustan er veitt alla virka daga ársins, skóli, frístund og sumarfrístund fer öll fram á sama stað með sama starfsfólkinu. Skólinn er til húsa við Kópavogsbraut.

Kolbrún Eir Óskarsdóttir, formaður stjórnar sjóðsins í Arnarskóla, tók við styrknum en hún er einnig í Oddfellow, kemur úr Rbst. nr. 8, Rannveigu. Styrkinn afhentu þeir Gunnar Þór Schiöth Elfarsson, yfirmestari Hallveigar, og Gunnlaugur Auðunn Ragnarsson, formaður stjórnar Mannúðarsjóðs Hallveigar.



Að gleðjast með góðum félögum

Mörg viðfangsefni heilla okkur liðsmenn hverrar stúku, í gleði gjörðarinnar, á aðventu viðburða og af hreinu hjarta. Aðventan er að vísu fjórar síðustu vikur fyrir jól, en í þessu plaggi er líkingin notuð vegna fegurðar og fögnuðar þess tíma sem nýttur er til undirbúnings. Þetta hefur verið mér hugleikið þegar fjallað er um undirbúningstíma alls þess er blasir við að koma í verk. Í raun er stúkustarf aldrei eins manns viðfang. Hver félagi þarf á öðrum að halda og ekki aðeins tveimur eða þremur, heldur öllum.

Hvert tímabil okkar félags afmarkast af tveimur árum er marka sér stað í tilveru stúkustarfsins, og við upphaf þess hefst aðventan, undirbúningur og gleði þeirra er fá að takast á við þau verkefni sem vinna þarf. Aðventa árshátíðar, jólakvölds með mökum, skötuveislu og jólaballs fyrir börn og barnabörn, vorferða, skemmtiferða hvers konar og ánægjukvölda. Ánægja aðventunnar verður mest ef vel er til vandað, og fögnuður stundarinnar verður í samræmi við það sem lagt hefur verið af mörkum til að verkefnið, viðburðurinn eða viðfangsefnið í hvaða mynd sem er verði sem glæsilegast og gleðilegast.

Grunngildin varin

Hér er það keppikefli okkar allra og á að vera hverjum okkar kappsmál að fá að koma að undirbúningi þess sem framundan er. Vera virk og viljug til að vaxa í hverju verkefni, bera gott að í dagsins önn.

Með þeim hætti styrkist félagsskapur okkar í kærleika, um leið og möskvar vináttunnar þéttast. Þannig missum við heldur ekki sjónar af sannleikanum, en þetta þrennt, hvert og eitt, leggur grunninn að reglustarfinu.

Höfuðmarkmið starfsins er að styrkja þurfandi. Koma þann veg góðu einu til leiðar fyrir samfélagið. Og fundirnir verða gefandi og gleðjandi enda eru grunngildin þar varin. Að gefa án þess að miklast af því eða vænta þakklætis á strætum úti er sú gjöf er gleður kyrrlátan huga. Minnumst þess að gjöf er svo lengi gjöf að eigi sé vænst gjafar á móti. Gerist



Akranesvitinn er tákn stúkunnar Egils.

það, breytist eðli gjafarinnar í viðskipti, var haft eftir heiðursdoktor Listaháskólans, Goddi, í útför hans nýverið.

Í ljóði Gunnars J. Straumland er heitir *Arfur*, eru þessar línur:

*Mér var kennt við móðurhné
að muna ef ég léti í té
aumur hjálp til handa
að geyma það sem gullin vé
í gleði og engu segja, né
miklast í minum anda.*

Markmið starfs okkar á að byggja á þeim aga er gerir hvern féлага frjálsan. Og þá á að vera eftirsóknar-



Hús í Byggðasafninu í Gørðum. Lengst til hægri er Templarahúsið, en þar voru stúkufundir Egilsbræðra haldnir í upphafi.

vert að hvíla í þeim friði á meðan fundur varir. Frá því að fyrsti hljómur upphafslags ómar, hefst ferðalag okkar úr amstri daganna inn í frið fundarins.

Engu að síður tel ég gleðina mikilsverðan förunaut í starfi okkar. Höldum gleði hátt á loft og höfum gaman í Oddfellow, m.a. við sameiginlegan undirbúning viðburða, undirbúning með áræði og ákafa er leiði til góðrar samveru, gefandi og nærandi okkur öllum.

Völlur grær

Allra hendur, hvers og eins okkar með sínum kostum, eiga að vera sjálfsagðar á plóginn til að brjóta land og bylta í blómlega akra mannsandans. Í haust fagnar St.nr. 8, Egill, 70 ára afmæli og einum þremur árum betur ef Oddfellowfélagið Egill Skallagrímsson, sem stofnað var á Hvanneyri í Borgarfirði þann 8. febrúar 1953, telst forveri stúkunnar okkar hér á Akranesi.

Þegar nú verður farið að huga að undirbúningi afmælishátíðarinnar veit ég að hún verður okkur til sóma og ánægju ef aðventa hennar verður vel notuð til að undirbúa og virkja sem flesta.

Hver nýr félagi á ekki að þurfa að biða verkefna heldur bjóða fram krafta sína og þekkingu, því ef allir taka höndum saman um að bera grjót úr mel og sá í hann, af góðum hug, fer svo að lokum að völlur grær og gefur af sér, því svo uppsker hver sem hann sáir.

Davið Stefánsson segir í ljóði sínu, *Nú sefur jörðin:*

*Nú dreymir allt, hvert foldarfræ,
að friður ríki um lönd og sæ.
Nú lifir allt sinn dýrðardag,
Nú drottinnar heilagt bræðralag.*

Í messu á Selfossi á nýjárðsdag fyrir um 40 árum lagði sr. Eiríkur J. Eiríksson út af samveru og mætti samstöðunnar með því að höfða til flaumsins í Ölfusá. Hann væri í raun stakir dropar, er hefðu safnast saman, svo úr varð straumþung áin. Þannig væri okkur mönnunum eins farið, við söfnuðumst saman

til að njóta samverunnar og um leið til að finna styrk samtakamáttarins. Á leið til sjávar bæri hún með sér vatn til jarðarinnar og jarðveg til ræktunar. Allt leitaði jafnvægis.

Í Oddfellow finnum við, að í frelsi agans felst hin eftirsóknarverða gleði sem er hreyfiafl allra góðra verka.

Höfundur:

Guðlaugur Óskarsson, St. nr. 8, Agli

**Fundarkjólar,
yfirhafnir og
allt hitt líka**

Fyrir fundi, tónleika og tilefni
þar sem þú vilt líta vel út
– án fyrirhafnar

belladonna

Dalvegur 30, 201 Kópavogur | Sími 517 6460
f VersluninBelladonna | Netverslun á www.belladonna.is

Einmanaleiki, heilsa og líðan

Félagsleg tengsl stuðla að betri líðan og heilbrigði einstaklinga. Ef þú lesandi góður ert ekki þegar þátttakandi í Oddfellowreglunni ættir þú að kynna þér betur starfsemi hennar og gerast þátttakandi með því að hafa samband við einhvern sem þú þekkir og er í Oddfellowreglunni eða fara inn á heimasíðu Oddfellowreglunnar og óska eftir frekari upplýsingum.

Félagar í Oddfellowreglunni eru um 4.000 karlar og konur um allt land. Starfsemin byggist á samveru og mannrækt félaganna annarsvegar og hinsvegar að vinna að mannúðarmálum þar sem við styrkjum góð verkefni sem nýtast vel þeim sem minna mega sín. Sjá www.oddfellow.is.

Einmanaleiki og félagsleg tengsl

Einmanaleiki er sú tilfinning sem við finnum fyrir þegar við upplifum skort á félagslegum tengslum. Mannfólkið er í eðli sínu félagsverur og flestir hafa ríka þörf fyrir að vera í samskiptum og félagsskap annarra.

Þó má ekki endilega gera ráð fyrir að allir sem eru einir séu einmana því félagsþörf okkar er misjöfn. Sumir una sælir í eigin félagskap án þess að

finna til einmanaleika. Á hinn bóginn getur fólk verið einmana þrátt fyrir að vera í reglulegu samneyti við aðra ef það saknar nánari og dýpri tengsla við aðra manneskju. Það sem skiptir mestu máli er hvort persónubundinni þörf okkar fyrir félagsleg samskipti og tengsl sé fullnægt.

Áhrif einmanaleika á heilsu og líðan

Félagsleg sambönd, bæði gæði og magn félags- tengsla, hafa áhrif á heilsu, líðan og jafnvel lífslíkur. Það er því ekki bara sárt að vera einmana heldur vinnur það gegn góðri heilsu og lífsgæðum. Því er mikilvægt að efla tengsl milli fólks í samfélaginu, vinna gegn félagslegri einangrun og skapa aðstæður sem ýta undir samneyti milli íbúanna.

Mjög einstaklingsbundið er hvaða ráð duga best til að auka félagslega virkni og vinna á einsemd. Ólíkar ástæður geta verið fyrir því að við upplifum einmanaleika, t.d. skortur á tækifærum til að hitta fólk, skortur á félagsfærni, slæm andleg eða líkamleg heilsa o.s.frv.

Skortir þig sjálfstraust eða færni í samskiptum? Hefur þú ekki orku eða heilsu til að fara út úr húsi? Upplifir þú kvíða í kringum annað fólk? Ef svo er þarf



Nokkrir vaskir bræður úr Hrafnkeli Freysgoða við kartöfluupptöku félagsins eitt haustið. Vinnan göfgar manninn, segir máltækid.

að byrja á því að leita lausna við þeim vanda. Þú getur leitað til heilsugæslunnar sem getur hjálpað þér að finna aðstoð við hæfi, t.d. sálfræðimeðferð eða félagsráðgjöf. (Hér getur þáttaka í starfi Oddfellowreglunnar verið góð lausn).

Aðstæður í lífinu geta einnig orðið til þess að rjúfa mikilvæg félagsleg sambönd, svo sem breytingar í tengslum við skóla, vinnu eða búsetu, vina- eða ástarsambönd sem taka enda, makamissi, börn fara að heiman o.s.frv. Þá er mikilvægt að leita leiða til að byggja upp ný tengsl. Hér til hliðar eru nokkrar hugmyndir sem má nýta til þess en hver og einn þarf að meta hvað hentar m.t.t. aldurs, áhugasviðs, heilsufars, færni, fjárráða, o.s.frv.

Rannsóknir undirstrika mikilvægi þess að viðhalda góðri heilsu, félagslegum tengslum og virkni á lífsleiðinni til að koma í veg fyrir, og takast á við, einmanaleika og félagslega einangrun á efri árum. (*Tímarit félagsráðgjafa 1. tbl. 2024*)

Félagsleg tengsl eru mikilvæg á öllum aldursstigum frá unga aldri til fullorðinsáranna.

Virk þátttaka í starfi Oddfellowreglunnar tengir þig við stóran hóp af frábæru og skemmtilegu fólki á öllum aldri sem er eins og ein stór fjölskylda og kemur í veg fyrir félagslega einangrun og einmanaleika.

Oddfellowreglan tekur vel á móti þér.

Höfundur:
Reynir Kristinsson, St. nr. 3, Hallveigu

Ráð til að draga úr einmanaleika

- Hafa samband við vin og skipuleggja hitting, t.d. bíó eða kaffihús.
- Bjóða einhverjum í heimsókn.
- Taka þátt í félagsstarfi (t.d. mæta í félagsmiðstöð eða í safnaðarstarf kirkjunnar) (*Taka þátt í starfsemi Oddfellowreglunnar; oddfellow.is*).
- Fara út – í sund, á bókasafnið, niður í bæ, rölta um og upplifa mannlífið.
- Taka þátt í sjálfböðastarfi.
- Fá skóla- eða samstarfsfélaga með sér í hádegismat.
- Skrá sig á námskeið – matreiðslu, tungumál eða skapandi skrif.
- Bjóða fram aðstoð, t.d. við barnapössun, dýrahald eða heimilsstörf.
- Fylgjast með menningar- og listviðburðum.
- Kanna hvaða störf eru í boði t.d. á þjónustumiðstöðvum, menningarmiðstöðvum og á vegum Rauða krossins.
- Bjóða nágranna í mat.
- Fá sér gæludýr.
- Skrá sig í ferðafélag.
- Taka þátt í leshring, kórstarfi eða öðru skapandi starfi.
- Taka þátt í heilsurækt þar sem sami hópur hittist reglulega, t.d. gönguhópar, jóga eða hugleiðsla.
- Leita aðstoðar vegna andlegra erfiðleika, s.s. kviða, þunglyndis eða slæmrar sjálfsmýndar“.

(Af vef Heilsuveru; heilsuvera.is)



GRÆN PRENTUN Í ÖLLUM LITUM

**FRAMÚRSKARANDI OG
UMHVERFISVÆN PRENTSMIÐJA**



Vatnagarðar 14 • 104 Reykjavík • Sími 563 6000 • litrof.is • litrof@litrof.is



Oddfellowhúsið ris hratt í Urriðaholti

Framkvæmdir við nýja regluheimilið við Vínastaði í Urriðaholti ganga vel. Um miðjan mars sl. var unnið við uppsteypu 2. hæðarinnar, og veggir og súlur voru að taka á sig endanlega mynd. Holplötum yfir 2. hæðinni var komið fyrir jafnóðum. Jafnframt var hafin vinna við stálvirki sem myndar útveggi og þak fundarsalanna. Staðan fyrir páska var þannig að verkið var á áætlun, og í raun á undan ef eitthvað var.

Verktakinn Tildra ehf. hefur staðið sig með mikilli þrýði og samstarfið við þá verið með ágætum. Ásbjörn Arnarsson hefur staðið vaktina fyrir verktakann á byggingarstað af mikilli röggsemi. Gengið hafði verið frá gluggapöntun og utanhússklæðningin var væntanleg með hækkandi sól. Samstarfið við hönnuði hefur sömuleiðis gengið afar vel og öll mál sem hafa komið upp hafa verið leyst jafnóðum, en í nokkuð flókinni byggingu sem þessari eru alltaf einhverjar spurningar sem vakna á byggingartíma.

Arkitektarnir Kristján Örn Kjartansson og Guðni Valberg hjá Krads og Trípoli hafa borið þungann af hönnunni og samstarfið við þá hefur verið með ágætum. Sama má segja um verkfræðihönnun en Baldur Kárason hjá Teknik hefur borið hitann og þungann hvað varðar þau samskipti.

Að hálfu Þróunarsjóðs hefur byggingarstjórinn, br. Auðunn Kjartansson, séð um dagleg samskipti á byggingarstað, en br. Emil Birgir Hallgrímsson sér um dagleg rafræn samskipti, ýmis úrlausnarverkefni, að svara orðsendingum og koma erindum til hönnuða, svo eitthvað sé nefnt. Framkvæmdin fram að þessu hefur að stórum hluta hvílt á herðum þessara tveggja bræðra. Þá hefur br. Stefán B. Veturliðason séð um að ganga frá útboðsgögnum og komið að gerð samninga í verkinu fram að þessu.

Uppsteypu að ljúka og klæðning næst

Um miðjan mars var unnið að því að fá verktaka til að sjá um gluggaísetningu og uppsetningu klæðningar, en það voru næstu verkþættir eftir uppsteypuna en Tildra á að ljúka sínu uppsteypuverki nú fyrri hluta sumars. Þá er unnið að því að fullhanna lóðina en stefnt hefur verið að því að einfalda þá hönnun nokkuð frá upphaflegu verðlauna tillögunni.



Svona var staðan á verkinu í lok febrúar og verktakar hafa ekki látið vetrarveður aftra sér.



Oddfellowhúsið á Urriðaholti ris hratt og er farið að taka á sig áberandi svip efst á holtinu. Myndin er tekin í byrjun aprílmánaðar.

Byggingarnefndina skipuðu í byrjun verks reglusystkinin, Guðmundur Eiríksson, Emil Birgir Hallgrímsson, Aldís Gunnarsdóttir, Þröstur Valmundsson Söring og Dagný Geirdal. Nefndin hefur fundað hálfsmánaðarlega og haldið utan um verkefnið. Frá síðustu áramótum tók br. Björn Hafsteinn Halldórsson sæti í nefndinni en Guðmundur Eiríksson hafði þá óskað eftir að vikja úr nefndinni sem formaður hennar. Hann heldur þó áfram með ýmis verkefni fyrir nefndina og er ekki langt undan. Hefur Emil verið skipaður formaður.

Hægt er að fylgjast með gangi verksins á facebooksíðunni Oddfellowhúsið Urriðaholti.

Styrkur veittur á BFH-kvöldi

Rebekkustúkan nr. 11, Steinunn, í Reykjanesbæ er með styrktarkvöld á hverju vori sem Steinunnarsystur kalla sín á milli BFH-kvöld. Það er til minningar um Bjarna Fertram Halldórsson sem var bróðir í St. nr, 13, Nirði.

Bróðir Bjarni var mikill Oddfellowi og hafði hann mikinn og einlægán áhuga á að Rebbekustúka yrði stofnuð á Suðurnesjum. Þegar Bjarni lést 6. desember 1989 gaf ekkja hans, Guðrún S. Björnsdóttir, útfararstyrkinn til minningar um hann. Styrkurinn var formlega afhentur við stofnun Rebbekufélagsins Steinunnar sem var undanfari að stofnun stúkunnar. Styrkurinn var nýttur vegna undirbúnings stofnunar stúkunnar sem var formlega stofnuð 5. apríl 1997.

Ópera í Stapa í maí

Hlutverk minningarsjóðs um Bjarna Fertram Halldórsson er í dag til að styrkja hvert það menningarstarf sem stúkan, eftir tillögu stjórnar sjóðsins, samþykkir hverju sinni. Í gegnum tíðina hafa Steinunnarsystur styrkt hin ýmsu verkefni. Má þar nefna einstaklinga sem eru í söng-, tónlistar- dans- eða öðru listnámi. Einnig hafa félögum á svæðinu verið veittir styrkir í ákveðin verkefni sem þau standa



Tónlistarfólkið frá Norðurópi og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar sem fékk styrkinn í ár, og kom fram á styrktarkvöldi Steinunnarsystra, frá vinstri Antonia Hevesi, píanóleikari, Kristinn Thor Schram Reed, baritónsöngvari, Martyna Gesella, sópransöngkona og Jóhann Smári Sævarsson, tónlistarstjóri Norðuróps.

fyrir eins og Leikfélag Keflavíkur, Bjöllukór Tónlistarskóla Reykjanesbæjar, Danskompáníð og fleiri.

Styrkurinn í ár fékk samvinnuverkefni Norðuróps og Tónlistarskóla Reykjanesbæjar. Þau eru að æfa óperu, Gianni Schicchi, eftir ítalska tónskáldið Giacomo Puccini sem verður flutt í Stapa 16. og 17. maí með hljómsveit, sviðsmynd, búningum og öllu tilheyrandi. Þátttakendur í verkefninu eru nemendur í söng og hljóðfæranámi ásamt Hátíðarkór Norðuróps sem samanstendur af söngfólki kirkjukóra og annarra kóra á Suðurnesjum.

Sérhæfum okkur í hreinsun á einkennum og viðkvæmum fatnaði

Símanúmer fyrir hreinsun á einkennum er 8571360

EFNALAUGIN
BJAURG
MJÓDD

Munið afsláttinn ykkar kærur bræður og systur

Stækkun regluheimilis vel á veg komin

Nú eru framkvæmdir við stækkun regluheimilisins að Sjafnarstíg 3 á Akureyri komnar vel á veg og ánægjulegt að gefa reglusystkinum innsýn í framþróun þessa mikilvæga verkefnis. Áður hafa birst greinar í Oddfellowblaðinu um framkvæmdina vorið 2024 og vorið 2025.

Regluheimilið var byggt af reglusystkinum á Akureyri á árunum 1986 til 1994 og var vígt við hátíðlega athöfn þann 1. september 1994 og hefur síðan verið vettvangur starfsemi regludeildanna til funda, skemmtana og annarrar starfsemi þeirra.

Frá því núverandi húsnæði var tekið í notkun hefur reglusystkinum fjölgað um nær 200 og eru nú 516 talsins starfandi í sjö regludeildum, fimm stúkum og tveimur Oddfellowbúðum.

Því var ákveðið að ráðast í stækkun núverandi regluheimilis, um 300 fermetra stækkun sem öll verður nýtt til starfsemi regludeildanna.

Stækkun á 1. hæð er þrjúþætt: samkomusalur stækkaði og getur þá rúmað með góðu móti um 200-220 gesti í sal, félagsaðstaða stækkar sem og fatageymsla og snyrtingar. Jafnframt var gólf í veislusal hækkað og breyting gerð á eldhúsi og aðkomu utan frá að því. Stækkun á 2. hæð er samsvarandi stækkun 1. hæðar. Aukið rými nýtist sem fundaraðstaða og setustofa. Með þessum breytingum verður hægt að innrétta nýjan fundarsal sem rúmar 50-60 gesti. Í þakrými á 3. hæð verður tækja- og geymslurými.

Stækkun lokið að utan og frágangur lóðar

Í lok árs 2024 voru viðbyggingarþættirnir orðnir fokheldir. Á fyrstu mánuðum ársins 2025 var lokið við að steypa bogavegg fyrir ruslageymslur, steypa



Hressir bræður við barinn í regluheimilinu.



Nýtt og rýmra svið á nýjum stað í samkomusalnum.

neyðarstiga og palla og setja upp handrið. Í lok sumars var búið að ganga endanlega frá þökum og þakköntum. Þá var húsið þokapússað að utan og vatnsbretti steyppt þar sem við á og stéttir steyptar. Þar sem hraunun veggja var ekki lokið fyrr en síðla hausts var ekki unnt að mála utanhúss.

Síðsumars var byrjað á vinnu við lóðina í samráði við br. Hauk Haraldsson í st. nr. 15 Freyju en hann er hönnuður hússins. Er hellulögn og jöfnun lóðar lokið og þökulögn hafin sem verður lokið nú í vor. Þá er suðvesturhluti lóðarinnar ófrágenginn þar sem lista-verkið Skjól á að koma og setja þarf upp útiljós á lóðinni.

Einangrun og lagnavinna

Leitað var til reglusystkina um að sjá um einangrun veggja, lagningu raf- og pípuþagna ásamt aðstoð við múrverk og málun í viðbyggingarhlutunum. Í byrjun febrúar 2025 hófst vinna af fullum krafti við einangrun veggja í viðbyggingunum sem og lagnavinna við ofna og rafmagn. Mest var lagt upp með vinnu á laugardögum í upphafi og komu þá á milli 15 og 25 reglusystkini að þessum verkefnum með bros á vör og varð vel ágengt.

Stærri veislusalur og eldhús

Þegar stúkustarfi lauk sl. vor var hafist handa við að breyta veislusalnum og hækka gólf salarins um 15 cm jafnframt því að gera breytingar á eldhúsi og færa til snyrtingu fyrir fatlaða. Þegar komið var fram á sumarið mæddi sjálfboðavinnan mest á iðnaðar-



Frá árshátíð í nýjum sal stækkaðs regluheimilis á Akureyri.



Bætt hefur verið við sal fyrir bræður og systur til að setjast niður fyrir og eftir fundi.



Gengið að veisluborði en matur er nú framleiddur í nýju og glæsilegu eldhúsi.

mönnum í stúkunum ásamt aðstoðarmönnum eins og þörf var á hverju sinni. Einnig var keypt að vinna verktaka svo sem við steypusögun, múrbrot og múrverk. Mikilvægur áfangi náðist þegar gólf í veislusal og eldhúsi voru steypð þann 9. júlí sl.

Síðari hluti ársins snerist einkum um uppbyggingu á veislusalnum og eldhúsi, vinnu við loftræsikerfi, pípu- og raflagnir og uppsetningu á nýrri aðalrafmagnstöflu hússins. Þjartsýnustu áætlanir stóðu til þess að vinnu við veislusal og eldhús væri að mestu lokið um miðjan september. Það gekk ekki allt eftir en þegar komið var fram í desember voru eldhús og veislusalur komin í það horf að allar regluleildir í húsinu héldu þar sína jólafundi og skótuveisla sem og jólatrésskemmtun voru haldnar með hefðbundnum hætti. Í janúar sl. var vinnu við veislusal lokið og var hann vígður með glæsilegri 250 manna árshátíð reglusystkina á Akureyri þann 7. febrúar.

Framkvæmdir í ár

Lokakafli þessa verkefnis byggingarnefndar verður unninn í ár. Þá verða önnur rými fullkláruð og þeim skilað til hússtjórnar til innréttinga og ráðstöfunar, gengið frá lóð og húsið allt málað að utan. Gangi

framkvæmdir áfram í takt við það sem verið hefur til þessa standa vonir til að unnt verði að taka stækkað og endurbætt regluheimili í notkun síðla árs 2026 eða fyrri hluta árs 2027.

Kostnaður í takti við áætlun

Áfallinn kostnaður við nýbygginguna í lok árs 2025 er 293 milljónir kr. Auk þessa er ótalið framlag reglusystkina sem einkum var vinna við niðurrif, endurnýjun rafmagnstöflu, raf- og pípulagnir, einangrun og múrvinnu, smíðavinnu, þrif og framkvæmdaefirlit. Skráð vinnuframlag reglusystkina á árinu 2025 var um 2.550 klst. og að því komu riflega 130 reglusystkini. Frá upphafi framkvæmda hafa verið skráðir um 2.900 timar í vinnuframlag.

Framreiknaður kostnaður við stækkun hússins er nú áætlaður um 372 milljónir króna. Heilt yfir er þróun kostnaðar að mestu í takt við væntingar að teknu tilliti til verðlagsbreytinga.

Höfundar:

Bjarni Jónasson, formaður byggingarnefndar,

St. nr. 25, Ránar

Ritnefnd Oddfellowsblaðsins, St. nr. 2, Sjafnar

Textarnir endurspeglar oft innra starfið

Guðspjónusta Oddfellowa var haldin í Viðistadakirkju í Hafnarfirði fyrir rúmu ári. Kórinn Hallveigarsynir úr Stúku nr. 3, Hallveigu, söng þá lög og voru allir textar þýddir eða frumortir af stofnanda kórsins, Jóni Karli Einarssyni, fyrrverandi kórstjóra, kennara, skólustjóra tónlistarskóla og ferðafrömuði.

Þann 23. október sama ár voru tónleikar í Salnum í Kópavogi til styrktar Ljósinu og voru Hallveigarsynir á meðal flytjenda. Þar voru einnig eingöngu lög við texta Jóns Karls á dagskránni. Á þessum tímamótum fagnaði hann 50 ára kórstjórnarferli sínum, en hann hætti formlega sem stjórnandi kórsins fyrir tveimur árum.

„Þetta var í fyrsta sinn sem aðeins lög við texta eftir mig hafa verið flutt á opinberum tónleikum en þegar ég var kórstjóri var ég alltaf með nokkur lög, sem ég hafði samið eða þýtt texta við.“

Tónlistin í blóð borin

Jón Karl fæddist og ólst upp á Blönduósi og var umvafinn tónlist frá fæðingu. „Tónlistin var mér í blóð borin,“ áréttar hann og bendir á að þeir hafi verið fjórir bræðurnir og þrír þeirra, fæddir 1948, 1950 og 1951, orðið tónlistarkennarar en sá fjórði dansari. „Tónlistin hefur verið ættarfylgja.“

Þeir bræður hafi verið látnir syngja í þremur röddum, þegar hann hafi verið níu ára. „Okkur þótti

það ekki sérstaklega erfitt og það var ekki fyrr en ég var orðinn tónmenntakennari og farinn að stjórna barnakórum að ég gerði mér grein fyrir því að það hafi verið mjög vel af sér vikið hjá okkur að hafa getað hver um sig sungið þríraddað, einn í hverri rödd. Það er ekki almennt á færi barna heldur fyrir fullorðna, rútineraða söngvara.“

Bræðurnir stofnuðu hljómsveit og spiluðu víða. Jón Karl segir að þeir hafi prófað sig áfram og eftir að hafa rekið sig oft á vegg hafi hann viljað fara í tónlistarskóla og læra tónlist og að útsetja tónlist. Hann hafi því farið í Tónlistarskólann í Reykjavík og útskrifast frá tónmenntakennaradeild 1976. Samhliða náminu kenndi hann í Tónlistarskólanum á Akranesi á föstudögum og laugardögum í tvo vetur.

„Þar kenndi ég efnilegum krökkum og má nefna Andreu Gylfadóttur, söngkonu, Björn Steinar Sólbergsson, organista og tónlistarstjóra Hallgrímskirkju, og Friðrik Vigni Stefánsson, organista Seljarnarneskirkju.“

Stofnun og stjórn

Ágústa Helgadóttir, fyrrverandi systir í Rebekkustúku nr. 4, Sigríði, er eiginkona Jóns Karls. Eftir útskrift hans fluttu þau á Akranes, þar sem hann kenndi tónmennt við Barnaskólann á Akranesi til 1979, þegar hann var ráðinn skólustjóri Tónlistarskólans á Akranesi. Strax á fyrsta ári, sem tónmenntakennari, stofnaði hann



Jón Karl stjórnaði lengi vel kórnum Hallveigarsonum, sem skipaður er bræðrum úr Hallveigu.



Jón Karl Einarsson og Ágústa Helgadóttir við Brúarfoss, á 50 ára brúðkaupsafmælisdegi þeirra hjóna.

Barnakór Akraness sem vann meðal annars til verðlauna undir hans stjórn í alþjóðlegri kórakeppni á Spáni 1984. Hann stjórnaði líka karlakórnum Svönum á Akranesi í tvo vetur áður en hann varð skólastjóri.

Jón Karl var ráðinn skólastjóri Tónlistarskólans á Seltjarnarnesi 1985 og gegndi starfinu til 1996. Fyrstu árin kenndi hann jafnframt kórstjórn við tónmenntaval Kennaraháskóla Íslands og endurvakti og stjórnaði síðan kór skólans í tvo vetur. Hann tók við Selkórnum á Seltjarnarnesi 1991 og var þar við stjórnina til 2012.

Norrænt samstarf

Rúmum tveimur árum eftir að hjónin fluttu á Akranes vígðist hann í Oddfellowstúkuna nr. 8, Egil. Skömmu eftir að Jón Karl gekk í Egil í ársbyrjun 1979 forfallaðist orgelleikarinn. Jón Karl hljóp í skarðið og eftir að orgelleikarinn féll frá sá hann um orgelleikinn, þar til fjölskyldan flutti aftur til Reykjavíkur.

Er fjölskyldan fluttist aftur til Reykjavíkur flutti hann sig í Hallveigu í Reykjavík. Skemmtun og gleði hafa gjarnan fylgt Jóni Karli. „Fljótlega varð til hópur söngelskra stúkubræðra í Hallveigu, við byrjuðum að syngja saman á skemmtunum stúkunnar 1997 og komum fyrst fram opinberlega fyrir hönd stúkunnar á hátíð vinastúkna, einni frá hverri höfuðborg Norðurlandanna, 1999.“

Til nánari skýringar bendir hann á að Hallveig hafi verið þátttakandi í þessu vinasambandi síðan á sjötta áratug liðinnar aldar. Stúkubræður þessara fimm stúkna hittist annað hvert ár og 1999 hafi Hallveig séð um mótið.

Umrædd skemmtun gekk vel fyrir sig en Jón Karl

segist ekki hafa lesið hópinn rétt. Hann hafi viljað sýna hvað kórinn væri viðsýnn og hafi meðal annars grafið upp lag í þremur röddum á finnsku. „Þegar við byrjuðum að syngja það kom í ljós að finnsku fulltrúarnir voru úr hópi sænskumælandi Finna og þeim fannst þetta ekki sérstaklega sniðugt.“

Jón Karl hafði kynnt sér starf í nokkrum stúkum í Reykjavík þegar fjölskyldan var komin aftur til Reykjavíkur. Nokkrir félagar hans úr Agli höfðu gengið í Hallveigu og hann fann sig vel í þeirra hópi. Þar endurtók orgelsagan sig og þegar orgelleikarinn varð einn af stofnendum Baldurs var staða Jóns Karls föst við orgelið. „Ég var orgelleikari Hallveigar þar til ég fór í stjórn stúkunnar.“

Ljóð og þýðingar

Fyrir um fjórum árum hætti Jón Karl á vinnumarkaði og hefur síðan verið að fara yfir texta sína og þýðingar. „Ég hef aldrei samið lag en byrjaði ungur að yrkja og setja saman ferskeytlur og hringhendur og hvaðeina. Yrkingarnar komu með móðurmjólkinni, reyndar úr föðurættinni, en þar hafa verið margir hagarðingar.“ Vísur hans hafa samt ekki verið áberandi en þó hafa nokkrar birst í Vísnahorni Morgunblaðsins. „Fyrsta vísan, sem Pétur Blöndal birti eftir mig, varð til þegar byrjað var að tala um blæðingar á þjóðvegum. Umræðan hófst í Langadal í Húnavatnssýslu og mér því málið skylt.“ Þá varð til þessu vísa:

*Mögnuð smíð er móðir jörð
mjög í kvenmannslíki gjörð
en þó tók steininn þyngsta úr
er þjóðvegurinn fór á túr.*



Frá 50 ára afmælistónleikum Jóns Karls í Salnum í Kópavogi í október 2025.

Eitt er að vera hagröðingur og annað að semja texta eða að gera þýðingar við lög. Jón Karl segir að hvorki sé auðvelt að semja texta við lag né semja lag við texta. „Áherslur í laginu eyðileggja oft bragarháttinn og eins getur bragarhátturinn haft áhrif á lagið. Þetta getur verið flókið og sérstaklega þegar þýtt er úr ensku yfir á íslensku.“ Í ensku séu mörg smáorð en fjöldi samsettra orða á íslensku. „Löng orð sem eru bara eitt atkvæði á ensku.“

Vísar hann á orðið *Imagine* í því sambandi og bendir á textann, *Ég á mér draum*, sem hann samdi við lagið *The Impossible Dream* úr söngleiknum *The Man of La Mancha* um Don Quixote. Þegar hann lesi *Imagine*, ljóð Johns Lennons, komi „hvað ef“ helst til greina. „*Ég á mér draum* er byggt á bæði *Imagine* Lennons og hinni viðfrægu ræðu dr. Martins Luther's King, *I have a dream*. Hann er einnig hugsaður til að styðja við hugsjónir Reglunnar,“ segir Jón Karl.

*Hvað ef – allra trú væri eins.
Hvað ef – allir virtu þinn sið,
við öll værum hérna í heimi
ein heild, sem að byggi við frið.*

*Hvað ef – ekki væru nein vopn,
en von okkur lofað og efnt.
Að við gætum unnað hvert öðru
og öll að því takmarki stefnt.*

*Ég á mér draum, þann dag hef ég þráð
að dætur og synir þeim stað hafi náð,
hvert hörund sem ber, óháð hóp eða stétt,
muni horfast í augu og skynja
hvað rangt er og rétt.*



Frá fjölskylduferð til Verona á Ítalíu.

*Og ég veit, ef með huga hönd
allir heiðra þann draum.
Byssukúlum mun eytt og þeim kastað
í kærleikans flaum.
Okkar jörð verður helguð og hrein.
Í hóp drögum gæskunnar taum,
svo allt lýtur einlægum kærleik.
Við öll lifum fallegan draum.*

„Þetta verður ekki betur gert“

Jón Karl hefur þýtt marga texta eftir þekktu laga-
höfunda eins og til dæmis Paul McCartney, Paul
Simon, Billy Joel, Benny Andersson, Eric Clapton og
Michael Jackson, ýmsa erlenda sálma og þjóðlög.
Margir stórsöngvarar hafa spreytt sig á að syngja
þekktu bæn, *Panis Angelicus*, eftir Cesar Frank, en



Hallveigarsynir uppáklæddir í garði íslenska sendiráðsins í Kaupmannahöfn, er kórinn var þar á söngferðalagi.

hún nefnist *Englanna blessað brauð* í þýðingu Jóns Karls.

„Ég fékk Karl Sigurbjörnsson biskup til að þýða bænina frá orði til orðs og síðan felldi ég þýðinguna að laginu með íslenskum bragarháttum. „Þetta verður ekki betur gert,“ voru viðbrögð biskups.“

Fyrir yfir 40 árum tók Jón Karl þátt í að þýða söngleikinn *Sjóræningjarnir frá Penzance* eftir Gilbert og Sullivan, sem nemendur Tónlistarskólans settu síðan upp í Bióhöllinni á Akranesi, ásamt stjórnendum skólans 1985.

„Þarna sprangaði um hinn annars dagfarsprúði skólastjóri Tónlistarskólans, Jón Karl Einarsson, sem vígreifur sjóræningjakóngur og virtist kunna hið besta við sig,“ skrifaði Egill Friðleifsson meðal annars í dómi um flutninginn í Morgunblaðinu. „Ég söng í þessu hlutverki og sumir kalla mig ennþá kónginn.“

Á árunum 1996 til 2022 starfaði Jón Karl við að skipuleggja ferðir fyrir tónlistarhópa, kóra og hljóm-sveitir, fyrst hjá Úrval-Útsýn en síðan ráku hjónin eigin ferðaskrifstofu, Fararsnið, 2009 til 2022. Hann segist alla tíð hafa verið vel skipulagður og getað notað tímann á milli vinnutarna til að semja og þýða. Hann hafi verið mjög virkur í starfi Oddfellow og margir texta sinna séu ortir beint inn í starf og hugsjónir Reglunnar.

Textinn *Melamær* sé hins vegar frumortur við lag Billy Joels, *Uptown Girl*, og sé í raun lýsing á kvöldinu, þegar þau Ágústa hittust fyrst í Klúbbnum. „Hún fæddist og ólst upp á Melunum í Vesturbæ Reykjavíkur.“

Kórstarfið og söngurinn í stúkunni hefur gefið bræðrum mikið, að sögn Jóns Karls. Oftar en ekki séu sungnir textar sem endurspeglir innra starf stúkunnar og Reglunnar og við höfum nýtt okkur hinn söngvíska kór okkar til að auðga og bæta síðat-hafnir stúkunnar.

„Það hefur gefið mér gríðarlega mörg tækifæri til þess að setja þessa texta saman og fá að flytja þá. Okkur, bæði mér og kórfélögunum, hefur þótt einstaklega skemmtilegt að flytja þessa texta,“ segir Jón Karl. Í þessu sambandi bendir hann á ljóð sitt, *Ljóssins faðir*:

*Ljóssins faðir, fótmaál okkar
lát um farsæld bera vott.
Höldum tryggð við okkar takmark
alla tíð að gera gott.*

*Ljóssins faðir leiddu hópinn,
göfuglyndi okkur kenn.
Ljáðu mildi, veittu visku,
svo við verðum betri menn.*

*Þeim er angist hugans hrellir
veitum huggun, þerrum brá.
Heyrum bergmaál bæna þeirra
svo ei bresti réttmæt þrá.*

*Ljóssins faðir leiddu hópinn ...
Glæðum von hjá veikum bróður
greiðum veikrar systur hag.
Ræktum kærleik, gefum gjafir
sýnum góðvild sérhvern dag.*

Ljóssins faðir leiddu hópinn ...

„Þetta ljóð visar beint inn í reglustarfið,“ leggur Jón Karl áherslu á og bætir við í lokin: „Oddfellowreglan hefur þroskað mig mikið og starf Hallveigarsona hefur lyft stúkustarfinu mikið.“

*Höfundur:
Steinþór Guðbjartsson, St. nr. 11, Þorgeiri*

Getið verið stolt af ykkar störfum á Íslandi

„Til langtíma litið er mikilvægt að við höfum gott samstarf yfir landamæri. Þótt verkefnið nái kannski ekki til margra í senn þá skiptir það máli. Þetta eru einnig sömu mikilvægu gildin og við störfum eftir innan Oddfellow, að efla og styrkja vináttu, kærleik og sannleik,“ segir hinn norski Morten Buan, stórsír Evrópu, en Oddfellowblaðið ræddi við hann er hann heimsótti Ísland í vetur vegna fundar sem hér var haldinn um ungmennastarf Oddfellowreglunnar í Evrópu. Hafa þáttökulönd verkefnisins skipst á að halda slíka fundi, voru þar áður í Hollandi og næsti fundur fer fram í Póllandi.



Með Morten í för til Íslands voru nokkrir stúkubræður hans úr St. nr. 139 í Noregi, Kong Haakon, sem er vinastúka St. nr. 10, Þorfinns karlsefnis, hér á landi. Að sjálfsögðu nýttu þeir tækifærið og mættu á fund hjá Þorfinnsbræðrum. Norska stúkan fagnar 25 ára afmæli í ár og fór um 40 manna hópur frá Þorfinni karlsefni á afmælisfund í Osló núna í apríl sl.

Morten notaði einnig ferðina og sótti fund í reglu-deildinni PM Canton nr. 1, Njáli, sem hann er félagi í. Til stendur að stofna PM Canton í Noregi og segist Morten hafa fengið dygga aðstoð frá reglubræðrum hér á landi við þann undirbúning. Hann er eini Norðmaðurinn í Njáli hér, en um 60 norskir Oddfellowar sækja fundi PM Canton í Kaupmannahöfn.

Hinir norsku gestir fóru víða í Íslandsheimsókninni, skoðuðu framkvæmdir við nýtt Oddfellowhús í Urríðaholti og litu inn á jólabasar Rebekkusystra í Vonarstræti, svo fátt eitt sé nefnt.

Lengi í fararbroddi ungmennastarfsins

Morten Buan hefur starfað innan Oddfellow í 40 ár og lengst af verið í fararbroddi, fyrst í sinni stúku, Kong Haakon, og síðan var hann stórsír Noregs í 12 ár. Undanfarin 10 ár hefur hann átt sæti í stjórn Stórstúku Evrópu og verið stórsír Evrópu undanfarin fjögur ár. Lýkur hann störfum í því embætti í sumar.

Jafnframt hefur Morten verið meðal forvígismanna ungmennastarfs innan Oddfellow í Evrópu, allt frá árinu 1997. Starfið á sér langa sögu, eins og fjallað hefur verið um áður í Oddfellowblaðinu. Það byrjaði í Bandaríkjunum 1949 og nefndist lengi vel Pilgrímaferðir ungmenna til Sameinuðu þjóðanna. Grunnhugmyndin var að styðja ungt fólk með leiðtogahæfileika en Morten segist vilja leiðrétta þá sögu að Elenor Roosevelt, forsetafrú Bandaríkjanna, hafi átt frumkvæði að verkefninu. Svo sé nú ekki þó að maður hennar, Franklin D. Roosevelt forseti, hafi vitað af verkefninu og stutt það.

Á árunum 1992 til 1994 hófu Noregur, Svíþjóð, Finnland og Danmörk þátttöku í verkefninu og árið 2000 var European Youth Council (EYC) stofnað til að halda utan um þessi samskipti. Ísland varð þátttakandi í EYC árið 2009 og sendi fyrstu þátttakendurna. Síðan þá hafa verið sendir héðan tveir þátttakendur á ári, að meðaltali. Hafa ungmennin heimsótt löndin í Evrópu og síðan endað á ferð til Bandaríkjanna þar sem höfuðstöðvar Sameinuðu þjóðanna hafa verið heimsóttar. Kanada hefur einnig átt aðild að verkefninu í Evrópu.

Skapa tengsl og samskipti

Þátttakendur hafa í flestum tilvikum verið valdir í hverju landi í samráði við framhaldsskólana, m.a.





Morten og kona hans, Synöve Buan, elska að aka mótörhjólum og eru meðlimir í mótörhólaklúbbi Oddfellow í Noregi. Þau aka bæði um á Harley Davidson-mótörhjólum.

með ritgerðasamkeppni, eins og hér á landi. Að sögn Mortens hafa ungmennin einnig verið valin á félagslegum grunni, úr hópi nemenda sem koma frá efna- minni heimilum.

„Helsta markmiðið með þessu verkefni er að gefa ungmendum í Evrópu færi á að kynna sér sjálfbærnimarkmið Sameinuðu þjóðanna og skapa tengsl og samskipti við ungmenni í öðrum löndum. Um leið hafa þau fengið að kynnast starfi Oddfellowreglunnar. Með verkefninu höfum við jafnframt

fengið tækifæri til að fá umfjöllun í fjölmiðlum þátt- tökalandanna og þannig getað breitt út boðskapinn,“ segir Morten en leggur áherslu á að Oddfellow hugsi þetta ekki sem leið til að fá unga fólkið í Regluna. Þau taki þátt í verkefninu af fúsum og frjálsum vilja þó að vissulega séu dæmi um að þau hafi síðar meir ákveðið að ganga til liðs við Oddfellow.

„Krakkarnir hafa verið mjög ánægð í þessu verkefni og skilað jákvæðum umsögnum. Vinátta hefur skapast, sem haldist hefur áfram. Verkefnið hefur



Að loknum fundi með Þorfinni Karlsefni í Vonarstrætinu sl. desember, f.v. Roger Grindstrand, Atle Wøllo, Steindór Gunnlaugsson stórsir, Egill Viðarsson, þá yfirmestari Þorfinnsbræðra, Morten Buan og Rune Wennevold.

ekki hvað síst skapað áhuga ungmenna á alþjóðlegum samskiptum," segir Morten og tekur dæmi um einn starfsmann sem þau hittu í sendiráði Noregs í New York árið 2024, sem hafði á sínum yngri árum tekið þátt í verkefnum. Þá hittu þau annan starfsmann Sameinuðu þjóðanna, sem hafði verið þátttakandi eitt árið en var nú orðinn yfirmaður upplýsingakerfa SP. „Það gleður mann alltaf jafn mikið, að uppgötva og sjá að verkefnið skapar áhuga á alþjóðlegum samskiptum.“

Oddfellow í Úkraínu

Í ljósi vaxandi átaka á heimsvísu var ekki úr vegi að spyrja Morten hvort ungmennastarfið væri ekki mikilvægur liður í að auka skilning og bæta samskipti á milli þjóða. Hann sagði engan vafa leika á því. Er við ræddum saman var stríðið í Mið-Austurlöndum ekki hafið.

„Til langtíma litið er mikilvægt að við höfum gott samstarf yfir landamæri. Þótt verkefnið nái kannski ekki til margra í senn þá skiptir það máli. Þetta eru einnig sömu mikilvægu gildin og við störfum eftir innan Oddfellow, að efla og styrkja vináttu, kærleik og sannleik,“ segir Morten.

„Við finnum það líka í Evrópu hversu mikilvægt er að halda góðum samskiptum og samstarfi landa á milli. Staðan hefur gjörbreyst á skömmum tíma og löndin farin að auka sinn viðbúnað ef stríðið í Úkraínu breiðist út um Evrópu. Ástandið í Bandaríkjunum er heldur ekki gott og sú breyting sem hefur orðið í tíð núverandi forseta,“ bætir Morten við.

Þrátt fyrir átökin í Úkraínu var Oddfellowstúka stofnuð þar fyrir rúmum tveimur árum, í borginni Lviv í vesturhluta landsins. Í fyrra var tveimur ungmönnum þaðan boðið að taka þátt í evrópska ungmennastarfinu en þegar til átti að taka fengu þau ekki vegabréfsáritun til Bandaríkjanna. Morten segir að önnur tilraun verði gerð með þetta í ár.



Morten Buan er fráfaramandi stórsír Evrópu en hann var stórsír Noregs í 12 ár og hefur gegnt fjölmörgum embættum fyrir Oddfellow og ýmis fleiri félagsamtök.

Farið til Íslands!

Næst vikur talinu að Oddfellowstarfinu í Noregi og annars staðar í Evrópu. Morten segir að því miður hafi orðið fækkun í Noregi. Ísland geti státað sig af því að vera eina landið í Evrópu þar sem fjölgun hefur orðið í Oddfellow. Jákvæð þróun hafi einnig átt sér stað í Póllandi og af þeirri ástæðu var ákveðið að fara yfir landamærin til Úkraínu og stofna þar stúkuna í Lviv.

-Hvað veldur fækkun félagsmanna, eru það breytingar á samfélagsgerðinni eða hvað?

Ljósmynd: Garðar Pétursson.



Morten og norskir stúkuþrædur hans skoðuðu framkvæmdir í Urriðaholti og létu íslenskt vetrarveður ekki aftra sér.



Morten með leiðbeinendum ungmennastarfsins á vinstri myndinni og til hægri er hann í New York í sömu erindagjörðum.

„Skýringin á þessu er fjölpætt,“ svarar Morten og bætir við: „Þjóðfélögin breytast og þarfir fólks eru aðrar en fyrir 30–40 árum. Svipuð þróun hefur átt sér stað í Danmörku, Svíþjóð, Finnlandi og Noregi, þar hefur orðið lítils háttar fækkun. Þegar við höfum fengið inn yngra fólk þá hefur það oft gerst að það finnur sig ekki nógu vel og leitar annað. Þetta er eitt-hvað sem Oddfellowreglan verður að takast á við og er að gera það með ýmsum hætti. Við megum ekki láta það sama gerast í Evrópu og gerðist í Bandaríkjunum, þar sem Oddfellow á sínar upphaflegu rætur. Fyrir um 100 árum voru Oddfellowar í Bandaríkjunum um tvær milljónir talsins en í dag erum

við líklega að tala um 25 þúsund manns, og þá tel ég Kanada með. Staðan er einna best í Kaliforníu. Bandaríkjamenn hafa gert ýmsar breytingar á reglustarfinu sem hafa ekki verið til bóta,“ segir Morten og tekur sem dæmi að skipunartími stórsirs Bandaríkjanna sé einungis eitt ár. Á svo stuttum tíma sé ekki hægt að koma breytingum í gegn eða fylgja málum eftir. „Við höfum bent þeim á þetta en ekkert gerist.“

Morten segir Oddfellowregluna þurfa að aðlagast þeim breytingum sem orðið hafi í samfélögum nútímans þótt reynt sé eftir megni að halda í ræturnar og upphaflega siði. Reglan í Evrópu hafi til þess fjölmörg og góð tækifæri.



Morten í hópi ungmenna sem tekið hafa þátt í ungmennastarfi Oddfellow. Hér er hópurinn á Lögbergi á Þingvöllum, ásamt fararstjórum.

„Þó ungmennastarfinu sé ekki beint ætlað að fjölga fólki í Oddfellow þá sýnum við þar í verki að Oddfellow skiptir máli og skilar sínu til samfélagsins. Og Oddfellowreglan á Íslandi getur sannarlega verið stolt af sinni stöðu. Við höfum ítrekað sagt innan Stórstúku Evrópu að horfa beri til Íslands. Við höfum sagt okkar reglusystkinum: Farið til Íslands og sjáið hvernig þau gera þetta!“

Morten þreystist ekki við að bera lof á starfið á Íslandi. Hann segist hafa átt frábært samstarf við marga Oddfellows á Íslandi og nefnir þar einkum til sögunnar Steindór Gunnlaugsson, Stefán B. Veturliðason, Guðmund Eiríksson og Davíð Einarsson. Stúkur í Noregi hafi einnig átt í góðum samskiptum við bræður og systur á Íslandi.

-Hvað er það á Íslandi sem gerir stöðu Oddfellow betri en víðast annars staðar? Er eitthvað hér sem aðrir innan Oddfellow geta lært af?

„Það er erfitt að benda á eitthvað eitt. Almennt ríkir hér gott andrúmsloft kringum starfið og vel er haldið utan um það. Samheldnin er mikil og sjálft stúkustarfið er það mikilvægasta af öllu, hvort sem það er hér eða annars staðar. Líklega eru það óþarfa átök milli manna sem helst hafa staðið Reglunni fyrir þrifum hjá öðrum Norðurlandþjóðum. Slík staða er ekki góð og þetta þarf að bæta.“

Byrjaði með Akademiú í Noregi

Morten hefur sannarlega lagt sitt af mörkum til að reyna að snúa þróuninni við heima fyrir. Hann hefur stuðlað að aukinni fræðslu um Oddfellow og einnig innan Reglunnar. Þannig stofnaði hann Oddfellow-Akademiuna í Noregi, sem er fyrirmynd Akademiunnar hér á landi. Heldur Morten enn utan um þetta starf í Noregi, samhliða öðrum störfum fyrir Oddfellow.

„Markmiðið hefur verið að auka fræðslu og þekkingu innan Oddfellow. Einnig að efla leiðtogahefili á hugasamra bræðra og systra og fá þau til að takast á við ýmis önnur verkefni en krafist er af þeim innan Reglunnar. Þetta starf Akademiunnar hefur skilað miklum og góðum árangri; núna eru hátt í 700 Oddfellowar hluti af Akademiunni í Noregi, í nokkrum deildum hennar. Fulltrúar úr Akademíum í öðrum löndum hafa heimsótt okkur og tekið þátt í fjölda málstofa og funda.“

Sem fyrr segir skoðaði Morten hér nýtt Oddfellow-hús í Urriðaholti, sem líklega er eina nýbyggingin sem er í gangi innan Oddfellow á heimsvísu. Morten segir það geta verið rétt en bendir á að Oddfellow í Noregi hafi ráðist í gríðarmiklar endurbætur á regluheimilinu í Osló; það jafnist eiginlega á við nýbyggingu þegar horft sé til kostnaðarins, sem var upp á 900 milljónir norskra króna, jafnvirði um 11,5 milljarða íslenskra króna. „Við snerum öllu við, húsið er orðið eins og nýtt. Þó að kostnaðurinn hafi verið mikill þá er þetta góð fjárfesting í miðborg Osló; ætli verð-



Morten ásamt Guðmundi Þórhallssyni og Guðmundi Eiríkssyni á einni af ráðstefnum Akademiú Oddfellow í Noregi

mæti húsnæðisins hafi ekki tvöfaldast síðan það var byggt,” segir Morten, en endurbætt húsið var formlega tekið í notkun á síðasta ári.

Á mörgum vígstöðvum

Timinn með Morten var að renna út og þéttskipuð dagskrá Íslandsheimsóknarinnar þurfti að halda áfram. Ýmislegt fleira bar á góma, m.a. eitt skemmtilegasta áhugamál hans og konunnar, Synöve Buan, sem er akstur mótorhjóla. Stóð Morten fyrir stofnun mótorhjólaklúbbs innan Oddfellow í Noregi og félagar eru nú orðnir um 100 talsins, þar af um 15 í Osló. Aka þau hjónin um á forláta Harley Davidson-mótorhjólum og hafa gaman af. Sýndi hann undirrituðum nokkrar myndir úr starfi klúbbsins og fylgir ein hér með viðtalinu.

Hann hefur greinilega tíma fyrir meira en Oddfellow, þó að störfin þar séu ærin og mörg. Hann starfaði innan skátahreyfingarinnar í Noregi, var skáti frá unga aldri, og einnig hefur hann starfað fyrir norska Rauða krossinn.

Er þetta þá ekki upptalið. Hann er formaður Landsamtaka heyrnarskertra í Noregi og jafnframt varaforseti Evrópusamtaka heyrnarskertra. Næsta verkefni hans eftir Íslandsheimsóknina var einmitt fyrir þau samtök að sitja ráðstefnu Evrópuráðsins í Brussel.

„Ég fer beint héðan til Brussel, ég hef nóg að gera og þannig vil ég hafa það. Og get þá vonandi komið einhverju góðu til leiðar,” segir Morten Buan að endingu og er þakkað kærlega fyrir spjallið.

Höfundur:

Björn Jóhann Björnsson, St. nr. 7, Þorkeli mána

Færeyingar kunna að halda veislu

Oddfellowstúkurnar á Austurlandi gerðu góða ferð til Færeyja á vordögum 2025 og hér kemur frásögn frá þeirri ferð.

Eftir að Rbst. nr. 15, Björk, og St. nr. 24, Hrafnkell Freysgoði, brugðu sér í langa helgarferð til Vestmannaeyja árið 2023 kviknaði sú hugmynd að fara aðra eyjaferð að tveimur árum liðnum. Að þessu sinni urðu Færeingar fyrir valinu. Eftir vinnuferð sem átta Hrafnkelsbræður fóru til Færeyja í maí 2024, til að aðstoða reglubræður þar við framkvæmdir á regluheimilinu, var komin tenging við bræður þar. Eins og gengur og gerist var skipað í ferðanefnd með fulltrúum beggja stúkna.

Nefndin hóf undirbúning og skipulagningu góðu ári fyrir ferðina. Það var í mörg horn að líta, eins og hvort ætti að fljúga eða sigla. Niðurstaðan varð sigling með Norrænu og ferð pöntuð 24. apríl 2025 frá Seyðisfirði. Hópurinn sem boðaði komu sína var nokkuð stór, eða alls 63 bræður, systur og makar. Var þetta of stór hópur fyrir eina rútu í Færeyjum þannig að rúta var tekin með frá Íslandi.

Kvöldverður úr efstu hillu

Góður andi var í hópnum þegar siglt var frá Seyðisfirði og lofaði það góðu fyrir komandi daga. Siglingin gekk að óskum, með afþreyingu upp á gamla mátann. Net í gegnum gervihnött er frekar dýrt um borð í Norrænu svo það var tekið í spil til að styttja sér stundir eða jafnvel bara talað við náungann. Einnig var möguleiki á að fara í pottinn, sund, ræktina eða bíó, svo eitthvað sé nefnt.



Siglingin með Norrænu, frá Seyðisfirði til Þórshafnar, fór vel með hópinn.

Þegar til Þórshafnar var komið um kaffileytið á föstudegi var ekið sem leið lá á Hótel Brandan þar sem hópurinn dvaldi í fjórar nætur. Eftir viðkomu á hóteli var frjáls tími sem flestir nýttu til að líta aðeins í kringum sig, finna sér næringu o.fl. Á laugardegnum var haldið í skoðunarferð í Gásadal og fleiri staði á eyinni Vágar og hádegisverður snæddur á Hótel Vágar. Það er skemmst frá að segja að þessi hádegisverður bjargaði öllum máltíðum það sem eftir var ferðar. Því miður fór allt úrskaiðis sem úrskaiðis gat farið í þessari fyrstu sameiginlegu máltíð ferðarinnar!

Á leið okkar til baka á hóteli var skoðunarferð haldið áfram og meðal annars komið við í Kirkjubæ. Þetta laugardagskvöld var svo kvöldverður á Katarina Christiansen sem var alveg úr efstu hillunni. Aldeilis frábær kvöldverður og topp þjónusta og



Austfirskir og færeyskir Oddfellowbræður fyrir utan Oddfellowhúsið í Þórshöfn.



Íslenski hópurinn frá Austurlandi, bræður og makar, við regluheimili Oddfellowa í Þórshöfn.

hópurinn kátur. Sumir meira að segja voru svo kátir að gerð var atлага að því að mála bæinn rauðann.

Fundað með Amboltinum

Á sunnudeginum var svo laus stund til að gera það sem hvern langaði til innan siðsemismarkna. Þegar leið að seinnipartskaffi fóru Hrafnkels bræður að tínast í Oddfellowhúsið til að hitta þar færeyska bræður. Þar héldum við fund þar sem bræður úr Losje nr. 1, Ambolturinn, voru með á fundinum. Þetta var eftirminnilegur fundur og færðum við bræðrum í Amboltinum minjagrip með merki Hrafnkels Freysgoða. Eftir fund fóru svo systur og makar að tínast í hús til að næra sál og líkama. Að sjálfsögðu voru allir boðnir velkomnir með snafs af ákaviti úr staupinu (þessu eina) að hætti heimamanna. Þarna sýndu færeyskir bræður okkur að þeir kunna að halda veislu og buðu upp á nautalund með öllu tilheyrandi. Einhverjir brustu í söng þegar líða fór á kvöld en ekki meira um það.

Mánudagur heilsaði bjartur og fagur, hentaði vel til skoðunarferða. Haldið var sem leið lá til Saksun, Tjörnuvíkur og Gjógv hvar snæddur var þorskur af bestu gerð í hádeginu. Í gjánni brustu tenórar hópsins í söng svo undir tók í mörgum eyjum. Svo var stefnan tekin suður á bóginn um Funningsleið sem

reyndist heldur minni en rútan. En með vanan mann undir stýri gekk þetta allt upp og kvenpeningurinn komst í Navia til að höndla garn og fleira sniðugt sem er náttúrulega ófáanlegt á Íslandi. Kvöldmatur var svo snæddur á Húsagarðinum, veitingastað á Hótel Brandan, hvar færeysk matargerðarlist klikkaði ekki frekar en aðra daga, ef undan er skilinn hádegisverðurinn á laugardegnum.

Hvert verður farið næst?

Dagskrá þriðjudagsins var svo að koma sér um borð í Norrænu til heimferðar. Siglingin gekk að óskum og allir gátu fundið sér eitthvað til dundurs á leiðinni og að sjálfsögðu mat og drykk eins og fólk lysti. Þegar til Seyðisfjarðar var komið hópaðist mannskapurinn í rútna til að fara um Fjarðarheiði sem var fær þennan daginn til Egilsstaða hvar ferðin endaði formlega.

Er það mál allra sem tóku þátt að vel hafi tekist til og ferðanefnd staðið sig með eindæmum vel. Nú er komið ár frá þessari ferð og jafnlangt í næstu stórfærð stúknanna á Austurlandi. Hvert stefnan verður þá tekin veit nú enginn, né heldur hvort haldið verður í hefðina og einhverjar eyjar skoðaðar.

Höfundur:

Agnar Sverrisson, St. nr. 24, Hrafnkeli Freysgoða





EFNISKAUP

HREINLÆTI, GÆÐI, ÖRYGGI

Hreinsiefni, iðnaðarlausnir og bílaefni fyrir atvinnulífið.
Gæði, hraði og áreiðanleiki – allt á einum stað.
Sterkari lausnir. Hreinni rekstur.



Sannar íslenskar sumarkonur, Þorbjargarsystur, á Stórhöfða, þar sem var stafalogn – svo gott sem!

Á björtum vormorgni í maí 2025 sigldu Þorbjargarsystur loks til Vestmannaeyja. Þetta var önnur tilraun okkar til að komast þangað; árið áður hafði hvassviðrið stöðvað ferðina. Að þessu sinni tók lognið á móti okkur og þegar Heimaey reis úr hafinu blasti við landslag mótað af eldi og sjó — klettaborgir, fuglabjörg og eldfjöll.

En eins og oft vill verða í góðu kvennaferðalagi var fyrsta stoppið ekki í náttúrunni heldur við matarborðið. Við settumst niður á Einsa kalda, þar sem beið okkar einstaklega góður matur og kærkomin hvíld eftir siglinguna með Herjólfri úr Landeyjahöfn.

Eftir máltíðina var næsta stopp jafn eðlilegt: kjólabúð. Þar nældum við okkur í nokkrar fallegar flikur, því ferðalög og smá verslunarleiðangur fara oft vel saman.

Fyrstu skref á nýju hrauni

Fararstjóri okkar var Helena Jónasdóttir, Vestmannaeyingur í húð og hár. Hún flúði eyjuna í gosinu 1973 og settist síðar að í Garðabæ. Þrátt fyrir að hafa oft heimsótt ættingja og vini sem sneru aftur heim hafði hún aldrei stigið út á nýja hraunið sem myndaðist í gosinu. Í þessari ferð tók hún fyrstu skrefin þar — með okkur systur.

Áfall náttúruhamfara getur setið lengi í sálinni. Stundum þarf áratugi til að stíga aftur inn í landslag minninganna.

Við förum í rútuferð um eyjuna, um þröngar götur bæjarins og út á hraunið. Á leiðinni sagði Helena frá bænum, hver bjó hvar og hvað fólk starfaði við, eins



Fast hafa þeir sótt sjóinn frá Eyjum, hér siglir Suðurey VE inn höfnina.

og heimamönnum er einum lagið þegar þeir segja frá sinni gömlu heimabyggð eða því sem eftir var af henni.



Eins og hver simnotandi tóku þorbjargarsystur upp simana til að stytta sér stundir um borð í Herjólfí.



Guðrún Jónasdóttir og Arnheiður Sigurðardóttir, greinarhöfundur, á leiðinni upp á Stórhöfða.

Stafalogn á Stórhöfða!

Við áðum á Stórhöfða, einum vindasamasta stað Evrópu. Þennan dag var þar hins vegar nærri því stafalogn. Við stóðum og horfðum yfir ströndina og hafið. Stórhöfði er staður sem oft er nefndur í veðurfréttum; þar hefur veðurstöð safnað mælingum í áratugi og veðrið getur breyst á örskotsstundu – sól, þoka og stormur. En þennan dag fengum við einfaldlega sól og blíðu.

Landslagið í Vestmannaeyjum er dramatískt: móbergsklettur, svört hraunbreiða og endalaust Atlantshaf. Ljós og veður breyta litunum frá einni stund til annarrar.

Ekki er hægt að heimsækja eyjarnar án þess að

koma við í Herjólfsdal. Dalurinn virðist alltaf miklu stærri í fréttum en þegar maður stendur þar sjálfur. Þar eyddum við restinni af deginum í útiveru og smá piknik, sátum í sólinni og horfðum út á hafið.

Dagurinn leið hratt: matur, verslun, sagan, hraunið og hafið allt í kring. Svona dagar festast í minningunni, eins og eyjar sem risa úr hafi.

En mikilvægur hluti af Oddfellowstarfi er einmitt þetta; að eiga góðar stundir saman, ferðast, upplifa nýja staði og skapa minningar sem lifa áfram.

*Höfundur:
Arnheiður Sigurðardóttir, Rbst.nr. 17, Þorbjörgu*

Viðarvörn

fyrir íslenskar aðstæður

Þeir sem til þekkja nota Kjörvara á allt tréverk utanhúss. Reynslan hefur sýnt að Kjörvari er viðarvörn sem er gædd einstökum eiginleikum fyrir íslenskt veðurfar.

Notaðu sumarið til að verja viðinn!



málning
-það segir sig sjálfst-

Útimálning

fyrir íslenskt veðurfar

Steinvari er öflug varnarlína gegn íslensku veðri, afrakstur þrotlausra rannsókna og þróunar í áratugi. Láttu sérfræðinga okkar aðstoða þig við val á útimálningu.

Steinvari – íslensk varnarlína í útimálningu



MIDSTÖÐIN
- í meistara höndum

Strandvegi 30 | s. 481 1475 | www.midstodin.is | [/midstodin](https://www.facebook.com/midstodin) | midstodin@midstodin.is



Heimsborg sem bragð er að

Matriarkar í Rebekkubúðunum nr. 5, Karítas, alls 70 að tölu, fóru í aðventuferð til Brussel í nóvember síðastliðinn. Hér kemur frásögn af þeirri ferð.

Hópurinn hittist í Leifsstöð að morgni fimmtudags á veitingastaðnum Hjá Höllu. Þar beið okkar poki með handbók, fallegri slæðu og nesti sem kom sér vel í flugvélinni. Við komuna til Brussel var okkur fylgt að rútunum sem fluttu okkur að glæsihótelinu NH Collection Brussels Center, sem er rétt hjá torginu Grand Plaza í miðborginni.

Brussel er heimsborg sem bragð er að, þekkt fyrir matargerð, vöfflur, súkkulaði, franskar kartöflur og fjölmargar bjórtegundir. Merkar byggingar, eins og höfuðstöðvar EFTA, eru í borginni, ótrúlegt úrval flottra verzlana og svo dró jólamarkaðurinn að. Matriarki Helga Ragnarsdóttir bjó um tíma í Brussel og var með sambönd við framúrskarandi veitingastaði sem henta vel fyrir svona stóra hópa. Gengið var frá pöntunum með margra mánaða fyrirvara – og stóðust staðirnir væntingar.

Kastalaveisla

Fyrsta daginn nutum við dagsins í borginni, kiktum á umhverfið til að ná áttum en um kvöldið var veisla í vændum! Svona alvöru kastalaveisla í Kasteel van

Ruisbroek. Þvilik upplifun að ganga inn upplýstan kastalagarðinn þar til þjónarnir tóku á móti okkur, skenktu okkur freyðivín og báru fram gómsæta smárétti með flottum frönskum nöfnum.

Aðalrétturinn var borinn fram í glerhýsi, sem við Karítasar matriarkar höfðum út af fyrir okkur og gæddum okkur á hægelduðu kálfakjöti með sætkartöflumús og trufflusveppum og fengum að sjálfsgöðu sætan bita á eftir. Fullkomið kvöld og matriarkar fóru glaðar og mettar heim á hótél.

Föstudagurinn leið hratt og gerðu matriarkar sér ýmislegt til skemmtunar. „Hop on hop off“ rútan tók okkur t.d. að *Atóminu*, sem er þekkt kennileiti í Brussel, kikt var á söfn, en engin okkar missti af *The Galeries Royales Saint Hubert*, sem er í hjarta Brussel í sögufrægri byggingu frá árinu 1847 við hornið á Grand Plaza. Þar er fjöldi verzlana, veitingastaða og kaffihúsa undir einu glerþaki. Ýmislegt fallegt og fjölmargir konfekt-kassar skiluðu sér heim eftir þann dag.

Um kvöldið voru aftur veisluhöld og nú í gamalli bankahvelfingu rétt hjá Grand Plaza, sem heitir *Belga Queen*. Við matriarkar fengum privat bankahvelfingu fyrir okkur – í orðsins fyllstu og gæddum okkur á humri, kjúklingi og ís með belgísku súkkulaði og þeyttum rjóma – eftirréttur sem bragðlaukarnir gleyma aldrei!



Fríður hópur matriarka í Karítas á hótelinu í Brussel, tilbúnar að fara saman út að borða.



Matriarkar notuðu tækifærið og kaktu á jólamarkaðinn í Brussel.



Auðvitað var tekin ein góð sjálfa á jólamarkaðnum.



Ragna Björg Kristmundsdóttir og Elsa Ína Skúladóttir á góðri stund.

Feneyjar norðursins

Hápunktur ferðarinnar var að margra mati dagsferð til miðaldabæjarins Brugge, gjarnan nefnd *Feneyjar norðursins* og einkennist af fallegum síkjum, steinlögðum götum og miðaldabyggingum. Með okkur í för var lífskúntnerinn, leikarinn og sjónvarpsmaðurinn Kristinn Guðmundsson sem býr í Brussel og sagði okkur m.a. frá lífinu í borginni, en hann hefur búið þar ásamt eiginkonu og ungum syni sl. átta ár.

Í Brugge tók enskumælandi staðarleiðsögu- maðurinn á móti okkur og þeir Kristinn gengu með okkur í tveggja tíma skoðunarferð. Fengum við að heyra ýmislegt um söguna og staðhætti. Þvílík dásemd sem þessi miðaldabær er og alls staðar

eru litlar og sjarmerandi verslanir og svo stærri verslunarhús í miðborginni og þar var líka jólamarkaður.

Nú var komið að síðasta kvöldinu og var ekkert skipulagt, en minni hópar tóku sig saman til að njóta matar og drykkjar. Greinarhöfundi tókst að smakka hinn fræga krækling og það var ómissandi upplifun.

Við Karitasar matriarkar kvöddum Brussel með trega og flestar langar að koma aftur og þá gjarnan að sumarlagi þegar borgin er í blóma.

Höfundur:
Guðrún Sigurgeirsdóttir, Rbb. nr. 5, Karitas

Gleði og gaman í Freyju



Vaskir Freyjubræður við torfbæinn að Baugaseli í Barkárdal.

Maður er manns gaman eins og oft er sagt. Það á sannarlega við um okkur reglusystkin sem hittumst reglulega, njótum góðrar samveru og látum gott af okkur leiða í okkar frábæra starfi innan Oddfellowreglunnar.

Stúkustarfið heldur utan um okkur með festu og hefðum sem við virðum. Umgjörðin þar er notaleg og kærkomin þeim sem hana fanga. Sem betur fer er hugurinn ekki öllum stundum þar og fólk á sér mismunandi áhugamál.

Við bræður í stúku nr. 15, Freyju á Akureyri, höfum að okkar mati verið duglegir að finna upp á allskonar ástæðum til að gera gott betra og skemmtilegra. Því var ákveðið eftir nokkra góða göngutúra, sönggöngur, hjólatúra, frísbíggj og fleira, að stofna útivistarnefnd sem héldi utan um og annaðist viðburði eða léttu samveru. Vorum við þá búnir að skipuleggja slíka samveru síðan 2020, og þar áður ýmsa viðburði af handahófi.

Ferðanefnd hefur að sjálfsgöðu verið starfandi í stúkunni frá stofnun og hefur staðið fyrir frábærum ferðum sem margar hverjar hafa verið mjög eftirminnilegar. Jafnvel verið skrifað um sum atvik og uppátæki í Mogganum, en ekki orð um það hér.

Við reglubræður erum að sjálfsgöðu misgamlir og eðlilegt að það setji mörk á getu til ýmissa athafna. Nútímataekni og allskonar hjálparbúnaður gerir

okkur kleift að gera ýmislegt sem var okkur ómögulegt áður. Má þar nefna rafmagnshjól sem hafa gefið mörgum tækifæri á að fara út að hjóla, hvort sem er á lágslettu eða í mishæðum. Sá sem hefur einu sinni lært að hjóla gleymir því sennilega aldrei.

Alltaf gott veður á Akureyri

Við Akureyringar viljum halda því fram að það sé alltaf gott veður á Akureyri. Einnig vitum við að allt í kringum okkar fallega bæ er útivistarparadís. Það tekur okkur ekki nema örfáar mínútur að komast í óspillta náttúru, sama í hvaða átt er farið. Þetta höfum við í útivistarnefndinni nýtt okkur. Flestar ferðir hafa verið farnar á reiðhjólum þar sem boðað hefur verið til þeirra í lokuðum hópi innan stúkunnar á Facebook. Þar er sagt frá hvert skal halda og þá hægt að spyrja um erfiðleika ferðar eða hvað sem er.

Höfum við undanfarin ár notið samveru á vorin og haustin við dekkjaskipti þar sem br. Sigmar Benediktsson hefur opnað bílskúrinn sinn. Höfum við skipt um dekkjagang fyrir þá sem vilja komast á viðeigandi dekk fyrir þá árstíð sem er í vændum, stillt og lagfært það sem betur má fara og hlúð að fararskjótum okkar. Þar komum við nú aldeilis ekki að tómunum bílskúrnum því Sigmar er með betri hjólurum bæjarins og á allt sem að viðgerðum kemur.

Flestar ferðir eru farnar yfir sumartímann og lagt



Frá grillveislu útivistarnefndar Freyju sem hjónin Elías Örn og Agnes Eyfjörð efndu til í bústað sínum í Lundsskógi.

af stað hjólandi eða gangandi frá tilteknum stað. Ef þörf er á höfum við til umræða kerru fyrir 10 hjól til lengri ferða auk minni flutningsúthalds í einkaeigu.

Alltaf standa einhverjar ferðir upp úr. Má þar nefna ferð sem við fórum í Seljahjallagil í Mývatnssveit með leiðsögn eins af okkar ágæta bróður, Þórðar Helgasonar, sem ættaður er frá Grænavatni í Mývatnssveit. Seljahjallagil er einstakt í heiminum og ekki skemmir fróðleikur með léttu skálðaivafi.

Baugaseli í Barkárdal var heimsótt í einni ferðinni. Þar hefur gamli torfbærinn verið byggður upp sem skemmtilegur stöðustaður, allt gert af sérlegum myndarskap af Ferðafélaginu Hörg. Búið var í Baugaseli til ársins 1965 og ein af síðustu ábúendum með foreldrum sínum er Erla Friðfinnsdóttir, sem er systir í stúku nr. 2, Auði á Akureyri, og jafnframt stórkapelán systra. Erla og Páll Baldursson, hennar maður í okkar stúku, komu okkur á óvart og tóku á móti okkur í Baugaseli með veitingar og kalda drykki úr bæjarlæknum.

Margar perlur eru skammt frá Akureyri, eins og Skuggabjargarskógur, Fnjóskadalur, með nokkrar leiðir inn í dali þar, Eyjafjörður, Garðsárdalur, Glerárdalur og svo má lengi telja með öllum skógum hér í kring. Ekki má þar gleyma Kjarnaskógi með allri sinni fegurð og góðri nærveru.

Sögugöngur með leiðsögn um Vaglaskóg og Kjarnaskóg voru farnar með skógarvörðum og við frædd um helstu perlur þessara fallegu staða. Tré voru föðmuð og gott nesti og veitingar með í för. Í mörgum tilvikum er um fjölskylduferðir að ræða hjá okkur, sem eru við allra hæfi.

Grillað í Lundsskógi

Síðastliðið sumar var ákveðið að slá upp grillveislu í sumarbústað bróður okkar í nefndinni, Elíasar Arnar



Bræður eru duglegir að hjóla að náttúruperlum í Eyjafirði.

Óskarssonar, og konu hans, Agnesar Eyfjörð Kristinsdóttur, systur í Auði. Bústaðurinn er í Lundsskógi, rétt inn af Vaglaskógi. Þangað mættu vel á þriðja tug gesta í mestu rigningu sem hefur verið síðan mælingar hófust. Veislan tókst engu að síður vel og markmiði ferðarinnar náð, þ.e. að hafa gaman saman.

Útivistarnefndin stefnir áfram að skemmtilegum samverustundum og hlakkar til að vera með þeim sem vilja og geta komið í ferðirnar, eða hitt okkur á áfangastöðum. Einnig eru allar hugmyndir að öðrum ferðum vel þegnar. Að sjálfsögðu er velkomið að taka á móti gestum og skipuleggja ferðir með reglusystkinum ef þau eru á ferðalagi hér í nágrenni Akureyrar. Öll útivera og hreyfing gerir okkur gott, maður er manns gaman.

Höfundar:

Elías Örn Óskarsson, Sigmar Benediktsson, Sigvaldi Óskar Jónsson og Jón Marinó Ragnarsson, útivistarnefnd St. nr. 15, Freyju

Veran í Oddfellow hefur þroskað mig

Tónlistarmaðurinn Geir Ólafsson gekk í Oddfellowregluna fyrir áratug og er þakklátur bræðrum í Leifi heppna sem hvöttu hann til þess. „Veran í Oddfellow hefur þroskað mig sem einstakling og sýn mína á lífið og fyrir bragðið hef ég náð ákveðnu jafnvægi,“ segir hann í samtali við Oddfellowblaðið.

Geir hefur sungið um víða veröld. Hann er bón-góður og þegar bræður í Leifi heppna báðu hann um að syngja á skemmtun haustið 2015 stóð ekki á honum. „Skemmtunin gekk enda glimrandi vel og í kjölfarið ýttu bræður á mig, vildu fá mig í hópinn. Þá vissi ég ekkert um Oddfellowregluna en var forvitinn og vildi láta reyna á hvort starfið ætti við mig. Eftir að ég var tekinn inn 2016 fann ég strax að ég var á réttum stað. Mér var sérlega vel tekið og kunní vel við mig.“

Margt gerðist 2016

Nokkrum árum áður kynntust Geir og Adriana Patricia Sanches Krieger frá Kólumbíu. Þau trúlofuðust, eignuðust dóttur 2016 og gengu í hjónaband 2017. Adriana fékk ekki vinnu við hæfi á Íslandi og flutti því til Kólumbíu með dóttur þeirra. Hún sér um markaðsmál fyrir Visa í Suður-Ameríku og Geir ver drjúgum tíma með fjölskyldu sinni ytra.



Geir Ólafsson og Don Randi stilla saman strengi sína.

„Þegar ég er erlendis er ég í tölvusamskiptum við bræður og fylgist því vel með því sem gerist í Reglunni en mæti á fundi þegar ég er á Íslandi.“

Árlegir jólatónleikar Geirs, Las Vegas Christmas Show, í Gamla bíói, hafa slegið í gegn. Miðað við það sem hér hefur verið sagt kemur ekki á óvart að þeir byrjuðu 2016 og síðan hefur skemmtunin byrjað með þriggja rétta kvöldverði fyrir þá sem það vilja og síðan óstöðvandi tónlist á eftir. Alla tíð hefur Geir



Árlegir jólatónleikar Geirs í Gamla bíói hafa vakið verðskuldaða athygli. Þar er öllu til tjaldað.



kappkostað að fá heimsþekktu tónlistarmenn sér við hlið og þar hefur bandaríska stórhjómsveit pianóleikarans Dons Randis spilað lykilhlutverk.

„Ég hef alla tíð lagt áherslu á að bjóða upp á það besta sem völ er á og næstu tónleikar verða veigameiri en nokkru sinni fyrr. Þetta verða flottustu tónleikar allra tíma,“ segir hann.

Að því sögðu leggur Geir áherslu á mikilvægi Oddfellowreglunnar. Hún komi mörgu góðu til leiðar og ekki megi gleymast að Reglan verði aldrei sterkari en einstaklingarnir í henni.

„Ég er mjög ánægður með þetta samfélag og er alltaf tilbúinn að leggja mitt af mörkum fyrir Regluna. Hefðirnar skipta miklu máli en við, eins og aðrir í þjóðfélaginu, verðum að hafa hugfast að enginn er fullkominn. Margir misstiga sig á lífsleiðinni og þá er mikilvægt að muna eftir fyrirgefningunni, því hún gerir engum illt heldur þvert á móti.“

*Höfundur:
Steinþór Guðbjartsson,
St. nr. 11, Þorgeiri*

60 ÁRA FORNLIDAMERKI

Halldór Margeirsson á Ísafirði heiðraður

Hátiðarfundur fór fram 2. mars síðastliðinn hjá St. nr. 6, Gesti á Ísafirði, þar sem Halldór Margeirsson, fyrrum meistari og bróðir heiðursfélagi stúkunnar, var sæmdur 60 ára fornliðamerki Oddfellowreglunnar.

Halldór vigðist inn í stúkuna Gest í febrúar árið 1966, þá 24 ára, og hefur síðan þá gegnt fjölmörgum embættum í stúkunni og fyrir Oddfellowregluna. Stórstúkustig tók hann árið 1985 og hefur verið í Ob. nr. 1, Petrusi, frá árinu 1977.

Fundurinn var vel sóttur og var systur úr Þóreyju boðið í heimsókn af þessu tilefni, þar sem Halldór var einnig Þóreyju. Fjölmenntu þær systur á fundinn, sem var afskaplega ánægjulegur. Meðal viðstaddra voru fulltrúar Stórstúkunar.

Á meðfylgjandi mynd, að lokinni veitingu forn-



liðamerkisins til Halldórs eru, frá vinstri: Eiríkur Gísli Johansson, yfirmestari í Gesti, Hallgrímur Júlíusson, stórmarkskálfur, Geirprúður Charlesdóttir, stofnfélagi og fyrrum meistari í Þóreyju, Oddný Njálisdóttir, eiginkona Halldórs og fyrrum meistari í Þóreyju, Halldór Margeirsson, fyrrum meistari og heiðursfélagi Gests, og Steindór Gunnlaugsson stórsir.

Bræður og systur saman í línudansi

Bræður og systur í St. nr. 16, Snorra goða, og Rbst. nr. 14, Elísabetu, tóku sig til í byrjun árs og skelltu sér saman á námskeið í línudansi. Voru teknir fjórir laugardagar í röð í janúar og febrúar og mæltist námskeiðið vel fyrir.

Leiðbeinandi á námskeiðinu var danskennarinn Óli Geir Jóhannesson og honum til aðstoðar var hún Rósa. Kennnt var í Danshöllinni í Álfabakka á laugardagsmorgnum og var hver tími í rúma klukkustund með smá kaffipásu um miðbikið.

Stúkurnar hafa almennt átt með sér gott og skemmtilegt samstarf og þetta var í annað sinn sem þær fóru saman á námskeið í línudansi. Svo vel tókst til að flestir vildu læra meira og þótti því tilvalið að endurtaka leikinn.

Nú tóku 22 reglusystkini fram dansskóna og góða skapið og mættu á námskeið. Markmiðið var auðvitað aðallega að hafa gaman, en líka að læra fleiri dansa og æfa sig betur. Ánægjan í hópnum var svo mikil að mörg hafa áhuga á að halda áfram og læra meira. Rætt var um að halda áfram og mæta í opna tíma í línudansi í Danshöllinni.

Gott fyrir sál og líkama

Það er gott bæði fyrir sál og líkama að dansa og ekki annað hægt en að vera í góðu skapi þegar dansað er. Línudansinn er góð hreyfing og svo er tónlistin

líka skemmtileg. Annar kostur við línudans er að það þarf ekki dansfélaga heldur er hver og einn hluti af hópnum, sem nærir félagslegar þarfir okkar sem manneskju.

Í hópnum var mikið glens og gaman, við studdum hvert annað og gátum hlegið saman þegar okkur mistókst. Og það er svo sannarlega þannig í línudansinum að maður getur verið góðan tíma að ruglast á sporunum eins og hvenær á að snúa og í hvaða átt á að snúa. Óli danskennari sagði til dæmis: „Haldið bara áfram að gera vitleysur þangað til það hættir!“ Þetta getur ekki verið einfaldara!

Á námskeiðinu lærðum við nokkra línudansa og vorum orðin ansi góð í þeim flestum í lokin. Í síðasta tímanum var kúrekaþema og voru allir hvattir til að mæta í einhvers konar kúrekaklæðnaði, skóm og/eða með kúrekahatt. Þetta gerði síðasta tímenn skemmtilegri og eftirminnilegri.

Það er einstaklega gaman og gefandi að kynnast systur og bræðrum úr öðrum stúkum fyrir utan Regluheimilið og gera skemmtilega hluti saman. Dansinn er virkilega vel til þess fallinn því þar er alltaf glens og gaman.

Höfundar:

Guðrún Oddsdóttir og Inga J. Arnardóttir, Rbst. nr. 14, Elísabetu, og Björn Guðbjörnsson, St. nr. 16, Snorra goða



Hópurinn úr Elísabetu og Snorra goða stillti sér upp ásamt leiðbeinendum í lok námskeiðsins í línudansi í Danshöllinni.

Stemning í pöbbkvíssi

Að frumkvæði bræðra í Hallveigu var efnt til spurningakeppni í Vonarstræti, svonefndu pöbbkvíssi, eitt fallegt föstudagskvöld í febrúar sl. Keppnin var ætluð fyrir allar stúkur sem funda í Vonarstræti og alls mættu 10 lið til leiks frá sex stúkum til að taka þátt í kvíssinu, sem nýtur mikilla vinsælda nú um stundir.

Baldur Trausti Hreinsson í Hallveigu segir keppnina hafa tekist vel og verið æsispennandi. Þegar upp var staðið var hnífjafnt á milli bræðra í Ara fróða og Soffiusystra, og því varð að skella í bráðabana. Að honum loknum stóð keppnislið Ara fróða uppi sem sigurvegari.

Svo vel þótti til takast að ákveðið hefur verið að halda annað pöbbkvíssi, sem verður í Vonarstræti



Sigurrefir bræður í Ara fróða fagna hér sigrinum eftir bráðabana við Soffiusystur. Frá vinstri: Ólafur Örn Haraldsson, Stefán Jóhannsson, Jóhann Ármann Gislason, Björn Hafsteinn Halldórsson og Ómar Sveinsson.

föstudaginn 25. september næstkomandi. Bræður og systur fá því ágætan tíma til að æfa sig og mæta enn sterkari og fjölmennari til leiks.



Mikil spennan var í salnum þegar pöbbkvíssið fór fram.



Þorgeirsbræður hita hér upp fyrir spurningakeppnina.

**Útfararþjónusta
í yfir 70 ár**

Vesturhlíð 2 | Fossvogi | s. 551 1266 | utfor@utfor.is | utfor.is
VIÐ ÞJÓNUM ALLAN SÓLARHRINGINN

Meðal milljóna á októberfest

Í tilefni af 90 ára afmæli stúkunnar Þórsteins var efnt til hátíðarferðar á Októberfest í München fyrstu helgina í október 2025. Októberfest, sem haldin er í höfuðborg Bæjaralands, er ekki einungis viðfrægasta bjórhátíð heims heldur jafnframt fjölsóttasta almenna útihátíðin á heimsvísu. Árlega sækja hátíðina um 6 til 7 milljónir gesta til þess að njóta þeirrar einstöku menningar og stemningar sem þar ríkir.

Alls tók 21 bróðir þátt í ferðinni, ásamt átta vel völdum gestum sem síðan hafa margir hverjir gengið formlega í Regluna. Hópurinn dvaldi á Maritim hóteli, sem reyndist einkar hentugt vegna nálægðar sinnar við hátíðarsvæðið á *Theresienwiese*.

Dagskráin hófst á föstudegi þegar hópurinn flaug utan. Að lokinni inritun og stuttri viðvöl á hóteli klæddust bræður hinum hefðbundna *Lederhosen*-búningi og héldu á svæðið. Þar var fyrsta tjaldið af mörgum heimsótt, en stærð og umgjörð tjaldbúðanna á Októberfest er engu lík; þar rúmast allt





frá litlum 80 manna tjöldum upp í risavaxin mannvirki sem taka yfir 10.000 manns í sæti.

Matseðill hátíðarinnar er í senn einfaldur og saðsamur, þar sem grillaður kjúklingur, fjölbreyttar pylsur og hinar dæmigerðu *Brezn*-kringlur eru í aðalhlutverki. Þjórinn er að hefðbundnum síð einungis borinn fram í eins lítra krúsum og gæta þurfti þess að hafa reiðufé við höndina, þar sem mörg tjöld halda enn fast í fornar greiðsluaðferðir.

Hátíðleg lokastund

Á laugardeginum gafst mönnum kostur á að bæta við búnað sinn og klæðnað áður en haldið var aftur út á svæðið í annað eftirminnilegt kvöld. Sunnu-

dagurinn var lokadagur hátíðarinnar og fengu bræður að verða vitni að hátíðlegri lokastund þar sem talsmenn allra tjalda komu saman við rætur Bavaria-styttunnar og hleyptu af gömlum byssum til marks um lokin.

Ferðin þótti heppnast í alla staði vonum framar og skemmtu allir viðstaddir sér konunglega. Slíkur viðburður er frábær leið til að efla bræðralagið og dýpka kynni utan hins hefðbundna stúkustarfs.

Meðfylgjandi eru ljósmyndir sem fanga gleðina og þann góða anda sem ríkti í ferðinni.

*Höfundur:
Eiríkur Jónsson, St. nr. 5, Þórsteini.*

FRÉTTIR

Friðrik vann allar skákir í Vonarstrætinu

Hraðskákmót Oddfellow fór fram í Vonarstræti skömmu fyrir páska. Friðrik Örn Egilsson í Þorkeli mána bar sigur úr þytum, tapaði ekki skák í tvöfaldri umferð mótsins og hlaut tíu vinninga. Næstur kom Frimann Sturluson í Ara fróða, með sex vinninga, og þriðji varð Guðmundur Ágústsson í Ingólfi, með fimm vinninga.

Alls mættu sex bræður til leiks en keppnisrétt höfðu allar stúkur sem funda í Vonarstræti. Aðrir keppendur voru Ásgeir S. Ingvason úr Þorkeli mána og tveir frá Gissuri hvíta, þeir Jóhannes Harðarson og Vífill Sigurjónsson.

Mótið fór fram í sjöunda sinn og hefur skáknefnd Þorkels mána haldið utan um mótahaldið. Keppt er um farandbikar, sem Friðrik Örn heldur nú hjá sér næsta árið, eftir glæsilega frammistöðu. Ásgeir S. Ingvason, formaður skáknefndar, segir nefndina stefna ótrauða að því að halda áfram með skákmótið að ári, með þeirri von að þátttaka bræðra verði enn betri.



Friðrik Örn Egilsson (t.v.) fékk bikarinn frá Ásgeiri S. Ingvasyni, formanni skáknefndar.

Fjórði ættliður í Oddfellow

Sigurður Lúðvík Stefánsson vígðist í St. nr. 18, Ara fróða, þann 19. nóvember síðastliðinn. Hann á ættir að rekja til mikillar Oddfellowfjölskyldu og er þar fjórði ættliður. Foreldrar hans eru þau Erla Gunnarsdóttir, Rbst. nr. 10, Soffíu, og Stefán Stefánsson, St. nr. 18, Ara fróða, varastórsir bræðra.

Stefán var tillögumaður sonar síns og til gamans má geta þess að Sigurður gekk í stúkuna á 30 ára afmæli hennar, á sama ári og faðir hans var gerður að heiðursfélaga stúkunnar.

Stefán og föðurafi Sigurðar, Stefán Jónsson, stofnuðu Stúkuna Ara fróða árið 1995, en Stefán eldri hafði verið br. í St. nr. 11, Þorgeiri, og St. nr. 3, Hallveigu. Langafi Sigurðar var Sigurður E. Ingimundarson, bróðir í St. nr. 3, Hallveigu.

Sigurður er kvæntur Hörpu Másdóttur Fenger og eiga þau þrjú börn sem eru meðal okkar í dag. „Börnin okkar eru þau Soffía, fædd 2014, Raket, fædd 2019 og Bjarki, fæddur 2022. Lifið hefur fært okkur bæði mikla gleði en líka sorg, eins og þegar við misstum tvíburana okkar, þá Kára og Bergstein, á miðri meðgöngu,“ segir Sigurður.

Aðspurður um áhugamál segist Sigurður alla tíð hafa haft brennandi áhuga á tölvum og tækni. „Mér finnst í raun mikil forréttindi að fá að lifa á þessum tíma í mannkynssögunni og fylgjast með þeim hröðu framförum sem eiga sér stað í vísindum. Annars liggja áhugamál mín mikið í íþróttum og útivist, auk þess sem ég hef mikla ánægju af alls kyns tónlist. Sem dæmi þá er ég mikið að kynna mér jazz þessa dagana, tónlistarstefnu sem ég er fyrst núna að læra að meta fyrir alvöru.“

-Hvað varð til þess að þú gekkst í Oddfellow-regluna?

„Þetta er frekar flókin og erfið spurning að svara, ég vissi bara að leið mín lægi þangað. Minningarnar þegar ég var ungur strákur, þegar ég fylgdist með afa og pabba klæða sig í kjólfötin/jakkafötin á miðvikudagskvöldum og annað hvort kom afi að sækja pabba á fund eða pabbi afa, þeir áttu svo gríðarlega sterka vináttu og feðgabönd sem mér fannst svo gaman að fylgjast með og alast upp í kringum.“

Seinna lærði Sigurður dúkalagnir og veggfóðrun hjá föður sínum. Hann segir það mikil forréttindi að hafa lært iðngrein.

„Ég tel iðngreinar á Íslandi vera á heimsmaelivkvarða sem við þurfum að standa vörð um. Síðar fór ég til frekara náms og lærði byggingafræði í Danmörku og þar eignuðumst við Harpa hana Soffíu.



Feðgarnir Stefán Stefánsson varastórsir og Sigurður Lúðvík í Vonarstræti á vigsludegi Sigurðar.

Eftir að námi lauk fluttum við aftur til Íslands og ég hóf störf hjá ASK arkitektum og vann þar til ársins 2022. Síðan þá hef ég unnið sem mannvirkjahönnuður og byggingarstjóri í hinum ýmsu verkefnum og starfa í dag hjá Íslenskum fasteignum.“

Líst vel á stúkustarfið

-Hvernig var þér tekið í stúkunni og hvernig list þér á stúkustarfið?

„Þeir eru allir alveg yndislegir, stúkubræðurnir. Ég þekki líka svo marga þeirra, hef hitt þá á hinum ýmsu viðburðum allt frá unga aldri. Mér list líka mjög vel á stúkustarfið. Ég er bara svo nýr ennþá og er að komast inn í allt sem tekur sinn tíma, sýnist mér. Ég er mjög spenntur að vera kominn í Framtíðarnefnd og vona að ég geti lagt mitt af mörkum að framtíðaruppbyggingu stúkunnar og Oddfellowreglunnar á Íslandi. Persónulega er ég mjög spenntur fyrir uppbyggingu nýs regluheimilis í Urriðaholtinu okkar og bið spenntur eftir því að geta mætt á jólafjölskylduböll í því húsi með börnin mín eins og mamma og pabbi gerðu með mig sem barn,“ svarar Sigurður að endingu og er honum þakkað innilega fyrir spjallið, með óskum um velfarnað í framtíðinni.

Höfundur:

Ágústa Unnur Gunnarsdóttir, Rbst. nr. 1, Bergþóru

Nýir kraftar og ferðagleði

Í Rebekkustúkunni nr. 15, Eldey, blása ferskir vindar. Við hittum nýliðana Ingibjörgu Ragnarsdóttur og Sædís Kristjánsdóttur, sem báðar hafa látið til sín taka í starfinu af miklum krafti. Saga þeirra sýnir hve dýrmætt það er þegar forvitni og leit að merkingarþærum félagsskap leiðir fólk til Oddfellowreglunnar.

Ingibjörg starfar sem aðstoðarskólalastjóri og er því vön því að halda utan um stóra hópa og flókin verkefni. Leið hennar í hreyfinguna hófst á opnu húsi á Ljósanótt árið 2019.

„Ég vissi í raun lítið um Regluna á þeim tíma og hafði ekki velt því fyrir mér að ganga í slíkt félag,“ segir Ingibjörg einlæg. En gildismat hreyfingarinnar og tækifærið til að láta gott af sér leiða kveikti áhuga sem hefur bara vaxið síðan.

Sædís starfar sem mannauðsstjóri og þekkir manna best mikilvægi þess að hlúa að góðri menningu og samfélagi. Líkt og hjá Ingibjörgu var það hlýleikinn á fyrsta kynningarfundinum sem kallaði á hana.

„Við hittum þarna konur sem tóku á móti okkur af mikilli einlægni og sögðu okkur frá starfinu. Það vakti strax forvitni mína að kynnast þessu dýpra og sjá hvað bjó að baki,“ segir Sædís.

Ferðin til Linz þétti hópinn

Eldeyjarsystur hafa lagt mikla áherslu á að taka vel á móti nýjum konum og láta þær finna að þær séu strax hluti af heildinni. Einn af stóru hápunktunum í upphafi vegferðar þeirra Ingibjargar og Sædisar var ferðalag stúkunnar til Linz í Austurríki en meðfylgjandi mynd var einmitt tekin í þeirri ferð.

Að sögn þeirra skipti ferðin sköpum fyrir hópinn. „Það að ferðast saman svona strax á fyrstu metrunum gerði kraftaverk. Það þétti hópinn ótrúlega mikið og maður kynnist systrunum á allt annan hátt þegar maður upplifir nýja staði og menningu saman,“ segir Sædís. Ferðin sýndi þeim að Oddfellowstarfið snýst um miklu meira en bara fund. „Þetta er lífandi og skemmtilegur félagsskapur þar sem vináttan blómstrar,“ bætir Ingibjörg við.

Gefandi starf og persónulegur vöxtur

Báðar nefna þær að starfið sé gefandi á mörgum sviðum. Ingibjörg hefur haft sérstakt gaman af því að taka þátt í undirbúningi jólamarkaðarins, þar sem



Ingibjörg Ragnarsdóttir og Sædís Kristjánsdóttir í Linz í Austurríki. Ferðalagið með systrunum í Eldey þétti hópinn og dýpkaði vináttuna strax í upphafi

samvinna og líknarmál mætast. „Það er svo dýrmætt að finna hvernig vinnan okkar skilar sér beint í góðverkum. Maður finnur að starfið hefur raunverulegan tilgang,“ segir Sædís.

Hún bætir við að fræðslan og andrúmsloftið skipti miklu máli. „Þetta er staður þar sem maður fær tækifæri til að vaxa sem manneskja. Kyrrðin og yfirveggunin á fundunum er kærkomið mótvægi við hraðann í samfélaginu.“

Það er ljóst að stúkan Eldey er á farsælli vegferð með því að bjóða nýjum konum eins og Ingibjörgu og Sædís velkomnar – konum sem mæta með opinn huga, dýrmæta starfsreynslu og einlægan vilja til að láta gott af sér leiða í sínu nýja samfélagi.

Höfundur:

Helga Björg Steinþórsdóttir, Rbst. nr. 15, Eldey

Samferða í reglustarfinu og lífinu

Fjölmörg dæmi eru um skyldmenni í Oddfellow-reglunni; bræður, systur, feðga, mæðgur, feðgin, mæðgin og hjón. Færri dæmi eru um að hjón gegni samtímis embættum yfir- og undirmeistara í sínum stúkum eða öðrum stjórnarstörfum. Óvísindaleg rannsókn ritstjórnar Oddfellowblaðsins leiddi í ljós fleiri dæmi en mátti vænta, víða um land. Samkvæmt samtölum við nokkur hjón þá virðist sameiginleg vegferð eiga rætur í þeirri löngun að eiga sameiginlegt áhugamál, sterkari tengingu við samfélagið og að vaxa saman á nýjum kafla í lífinu.

Leiðir hjóna inn í Regluna eru þó sjaldnast alveg eins. Eins og oft er ganga sumir í Oddfellow eftir að hafa kynnst starfinu í gegnum vini, fjölskyldu eða kunningja. Í öðrum tilvikum fer fólk sínar eigin leiðir, sumir kynnast reglustarfinu í gegnum maka og sumir ganga í Regluna án mikillar umhugsunar. Getur þetta ferli staðið í nokkur ár þar til fólk lætur loks slag standa.

Þrenn hjón á Egilsstöðum

Oddfellowblaðið ræddi við fimm hjón vítt og breitt um landið sem gegna núna sömu embættum samtímis í sínum stúkum. Hjónin geta vart verið samrýmdari en stundum ráða tilviljanir för.

Einna skemmtilegust er staðan á Egilsstöðum, þar sem þrenn hjón eru samtímis í sömu embættum í sínum stúkum, St. nr. 24, Hrafnkatli Freysgoða og St. nr. 15, Björk. Ágúst Arnórsson og María Veigsdóttir

eru saman yfirmestarar, Hlynur Bragason og Linda Ólafsdóttir eru undirmeistarar og ritarar eru þau Sigurður Freysson og Jórunn Valdimarsdóttir. Á Akureyri eru Karl Ingimarsson og Hanna Sigurjónsdóttir samtímis yfirmestarar, Karl í St. nr. 2, Sjöfn, og Hanna í Rbst. nr. 2, Auði. Á Akranesi eru þau einnig samtímis yfirmestarar, hjónin Guðjón Heiðar Guðmundsson og Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir, Guðjón í St. nr. 8, Agli, og Ragnhildur Inga í Rbst. nr. 5, Ásgerði.

Til viðbótar við þessi hjón skal þess getið að í Eyjum eru hjón samtímis undirmeistarar og þeirra biður því sama hlutskipti og Hlyns og Lindu á Egilsstöðum sem yfirmestarar tímabilið 2028–2030. Þetta eru hjónin Eypör Þórðarson í St. nr. 4, Herjólf, og Helga Björk Georgsdóttir í Rbst. nr. 3, Vilborgu. Ekki náðist tal af þeim í tæka tíð fyrir prentun blaðsins. Eflaust eru dæmin fleiri, um hjón á sama tíma í sömu embættum, og ef Oddfellowblaðið er að gleyma einhverjum þá má endilega láta okkur vita með það.

Vantaði sameiginlegt áhugamál

Hjá Jórunni og Sigurði á Egilsstöðum kviknaði áhuginn á starfi Oddfellowreglunnar út frá sameiginlegri þörf þeirra. „Okkur vantaði eitthvað áhugavert sameiginlegt áhugamál eftir að börnin fluttu að heiman,“ segja þau, en Jórunni var boðið á kynningarfund á meðan Sigurður kynntist starfinu í gegnum vinnufélaga.



Þrenn hjón að lokinni innsetningu í embætti á Egilsstöðum í byrjun árs, f.v. Hlynur Bragason og Hrafnhildur Linda Ólafsdóttir undirmeistarar, Sigurður Freysson og Jórunn Valdimarsdóttir ritarar og Ágúst Arnórsson og María Veigsdóttir yfirmestarar í Hrafnkatli Freysgoða og Björk. Samrýmdari geta þessi ágætu hjón vart verið.



Hanna Sigurjónsdóttir og Karl Ingimarsson eru nú yfirmeistarar samtímis á Akureyri, hann í Sjöfn og hún í Auði.

Leið Guðjóns og Ragnhildar Ingu á Akranesi var annars eðlis. Guðjón kynntist Oddfellowreglunni árið 2007 þegar félagi hans kynnti hana fyrir honum, en Ragnhildur tók sér lengri tíma í ákvörðunina. „Þá taldi ég mig ekki vera tilbúna,“ segir hún um fyrstu kynni sín, en nokkrum árum síðar ákvað hún að láta verða af inngöngu ásamt vinkonu.

Hjá Mariu og Ágústi þróaðist áhuginn einnig á mismunandi hátt. María kynntist Reglunni fyrst í gegnum jólabasar og gekk síðar til liðs við hana. „Það sem hefur heillað mig mest er kærleikurinn og mannræktin,“ segir hún. Ágúst bætir við að hann hafi kynnt starfinu í gegnum Mariu og ákveðið fljótt að slá til þegar honum bauðst innganga.

Karl Ingimarsson á Akureyri segir að foreldrar sínir hafi gengið í Oddfellow til að byrja með. „Þau heita Ingimar Snorri Karlsson í Sjöfn og Ólöf Guðbjörg Kristjánsdóttir í Auði. Pabbi sagði annað slagið við mig að ég kæmi bara þegar ég væri tilbúinn, en þá var ég yngri og á haus í Round Table. Ég hafði ekki mikinn áhuga þá og gaf lítið út á það,“ segir hann, en Hanna Sigurjónsdóttir, kona hans, segir tengdamóður sína hafa nefnt þetta við sig annað slagið. „Síðan kom að þeim tíma að við ákváðum saman að láta verða af þessu,“ segir hún.

Hlynur var í hópi stofnenda Oddfellowstúknanna á Austurlandi árið 2010 en tveimur árum eftir að Linda kynntist Hlyni, eða árið 2014, vígðist hún í Björk.

Sama embætti – tilviljun eða samantekin ráð?

Að hjón gegni sama embætti er ekki alltaf fyrirfram ákveðið. Í sumum tilvikum er það einföld tilviljun. „Þetta var hrein tilviljun,“ segja Guðjón og Ragnhildur Inga um það hvernig þau enduðu í sama hlutverki



Guðjón Heiðar Guðmundsson og Ragnhildur Inga Aðalsteinsdóttir eru yfirmeistarar í Agli og Ásgerði á Akranesi.

á sama tíma og það á einnig við um þau Karl og Hönnu.

Hjá Jórinni og Sigurði þróaðist þetta þó með aðeins öðrum hætti. „Þetta voru ekki alveg samantekin ráð, Jórunn var ritari á síðasta tímabili og var boðið að halda áfram. Mig langaði að vera áfram virkur í starfinu, en ég var umsjónarmaður á síðasta tímabili. Okkur fannst líka að það myndi henta okkur vel að vera með sömu skyldur í starfinu,“ segir Sigurður.

María og Ágúst lýsa þessu sem sameiginlegri vegferð. Þau segja að Oddfellow eigi „stóran part í hjörtum okkar“ og að það hafi verið bæði vilji þeirra sjálfra og hvatning frá öðrum innan Reglunnar sem leiddi til þess að þau tóku að sér embættin á sama tíma.

„Okkur langaði að vera samferða í þessu líka skemmtilega ferðalagi. Fyrir vikið er alltaf tími og fullur skilningur okkar á milli þegar kemur að starfinu og þeim tíma sem í það fer. Svo komu líka fyrrum yfirmeistarar að máli við okkur og fannst tilvalið að kanna áhuga okkar á að taka þessi embætti að okkur og fá að vera samferða í þeim,“ segja þau María og Ágúst.

„Tilviljun eða ekki, við hjónin ræddum málið og í kjölfarið ákváðum við að bjóða okkur fram til embættis undirmeistara og fengum engin mótframboð,“ segja hjónin Linda og Hlynur.

Samstarf, styrkur og sparnaður í sameiginlegu hlutverki

Ritstjórn Oddfellowblaðsins var forvitin að vita hvort hjónin nytu hvers annars í embættisverkunum, hvort þau gætu hallað sér hvert að öðru, en viðmælendurnir nefna nær undantekningalaust að hagræði sé af þessum ráðahag. Þau leiti ráða hvert hjá öðru



Hjónin Eyþór Þórðarson og Helga Björk Georgsdóttir eru undirmeistarar í sínum stúkum í Eyjum, Herjólfri og Vilborgu.

sem auðveldi ákvarðanatöku og skapi aukið öryggi í starfinu.

„Það gengur mjög vel, ég hef góðan aðgang að reyndum ritara þegar mig vantar svör við einhverju og við getum rætt öll mál tengd ritarastarfinu, ráðlagt og samræmt aðgerðir, þar sem við erum bæði íslenskunörðar,“ segir Sigurður.

María og Ágúst taka í sama streng og leggja áherslu á gagnkvæman skilning. „Án vafa njótum við styrks hvort af öðru,“ segja þau og benda á að það auðveldi starfið að skilja vel hlutverk hvors annars og þann tíma sem það krefst. Þetta á líka við í tilvikum Lindu og Hlyns. „Við erum að takast á við bæði sameiginleg verkefni sem og auðvitað ólík líka, sem gott er að ræða saman um, og ekki skemmir fyrir að aðgengið hvort að öðru er betra en ef við værum ekki hjón,“ segja þau.

Þetta er upplifun þeirra Karls og Hönnu líka. „Það er frábært að vera í sama embætti á sama tíma. Það veitir styrk og hjálpar að geta rætt um „allt“ sem viðkemur stúkustarfinu. Auk þess vorum við saman í hússtjórn sem undirmeistarar en hér á Akureyri eru það undirmeistararnir sem mynda hússtjórnina. Það var frábær vettvangur fyrir núverandi yfirmestara að kynna og var virkilega gaman. Við erum bæði á því að það eigi að vera gaman í Oddfellow,“ segja þau.

Það gera þau Guðjón og Ragnhildur Inga líka en þau nefna að það komi sér „mjög vel að geta leitað ráða hvort hjá öðru og njóta styrks hvort af öðru.“ Þau nefna einnig að fyrirkomulagið geti haft sínar hagnýtu hliðar og bæta við með brosi að það „spari líka stúkunum þegar farið er á þing – hvor stúka greiðir bara eitt og hálf herbergi.“

Embættin falli vel að vinnu og fjölskyldulífi

Undantekningarlaust gengur viðmælendunum vel að samræma stúkustarfið vinnu og fjölskyldulífi. Þar kynni að hjálpa að fyrir mörg þessara hjóna eru börnin uppkomin, sem gefur aukið svigrúm til þátttöku.

„Þar sem við erum ekki lengur með lítil börn, önnur en barnabörnin, þá erum við frjálsari að verja okkar tíma í okkar þágu, eða í þessu tilfalli í þágu stúknanna okkar, þar sem þar í liggur okkar áhugamál, að stuðla að velgengni þeirra,“ segja þau Linda og Hlynur.

„Við erum tvö í heimili og höfum nægan tíma til að sinna embættunum,“ segja Jórunn og Sigurður og lýsa því að starfið falli vel að daglegu lífi þeirra. Guðjón og Ragnhildur Inga viðurkenna að þau þurfi að færa nokkrar fórnir. „Önnur áhugamál hafa verið sett á bið að mestu leyti,“ segja þau, en bæta við að skilningur á vinnustað og stöðugleiki í fjölskyldulífi, þar sem börnin eru uppkomin, geri það mögulegt að sinna embættunum af heilindum.

María og Ágúst segja að það auðveldi samræminguna að vera í sömu hlutverkum. „Það gengur vel að samræma starfið með öðrum verkefnum og jafnvel enn betur vegna þess að við erum bæði að sinna sömu embættum,“ segja þau og það sama er uppi á teningnum hjá Karli og Hönnu: „Það gengur mjög vel, við erum ekki með nein ung börn en samtals eigum við sex börn og slatta af barnabörnum en þeim fjölga á hverju ári,“ segja Karl og Hanna sem eiga og reka saman Hótel Natur á Þórisstöðum í Eyjafirði alla daga.

„Samheldnin er einstök“

Það virðist sameiginlegt með hjónunum öllum að reglustarf Oddfellowreglunnar eigi stóran þátt í lífi þeirra. Þau María og Ágúst lýsa því þannig að einhverjir töfrar gerist þegar bræður og systur komi saman.

„Stúkurnar hér fyrir austan eru frekar ungar og samheldnin er einstök. Það er alltaf svo gaman þegar við hittumst öll, bræður og systur. Þá gerast einfaldlega einhverjir töfrar. Svo sannarlega kunnum við að skemmta okkur vel og fallega saman. Við myndum líka segja að góð vinátta sé okkar einkenni hér. Það er líka búið að vera magnað að vinna með systur og bræðrum í hússtjórn og verkefnum tengdum því. Allir eru boðnir og búnir að redda öllu, alveg sama hvert verkefnið er,“ segja þau og eiga lokaorðið í þessari grein:

„Það er bara svo rosalega skemmtilegt í Oddfellow og þarna eigum við svo góða vini í öllum. Að sjálf-sögðu er fjölskyldan númer eitt en svo er líka hin fjölskyldan okkar sem eru Oddfellowar. Einnig höfum við upplifað svo sterkt í gleði og sorgum reglusystkina hvað raðirnar þéttast og þessi fallega umhyggja sem umvefur bræður og systur ef eitthvað bjatar á og eins að samgleðjast þegar tilefni er til.“

Höfundur:

Jón Birgir Eiríksson, St. nr. 5, Þórsteini

Söguslóðir biskupsins sóttar heim

Stúka nr. 21, Þorlákur helgi, fagnaði 30 ára afmæli sínu í vetur með ferð á söguslóðir Þorláks helga Skálholtsbiskups. Hluti af hópnum mætti á Hótel Geysi föstudaginn 20. mars og átti saman góða stund þar um kvöldið.

Eiginleg dagskrá hófst síðan morguninn eftir. Farið var með rútu til Skálholts þar sem vígslubiskupinn, séra Kristján Björnsson, tók á móti okkur og sýndi okkur Skálholtskirkju og helstu sögustaði, með sérstakri áherslu á allt sem tengdist Þorláki helga.

Þorlákur helgi Þórhallsson var biskup í Skálholti á árunum 1178-1193, allt til dauðadags. Hann vann að siðbót á Íslandi og reyndi að innleiða lög og venjur, sem kirkjan beitti sér fyrir í öðrum löndum. Árið 1198 var Þorlákur tekinn í heilagra manna tölu á Alþingi en það var ekki fyrr en árið 1984 að páfastóll útnefndi hann verndardýrling Íslands.

Í Skálholti var snæddur hádegisverður og var farið í spurningaleik á milli rétta. Þarna er rekinn veitingastaðurinn Hvönn og fengum við plökkfisk með tómát og lauksmjörssósu og hverasoðnu rúgbrauði. Einstaklega gott.

Á laugardagskvöldinu var eiginlegur afmælisfagnaður á Hótel Geysi. Þar áttum við saman mjög notalegt kvöld með góðum mat og passlega miklum, eða litlum ræðuhöldum. Gist var á hótelinu og síðan haldið heim á leið að morgni sunnudags, að loknum morgunverði.



Séra Kristján Björnsson, tók á móti bræðrum úr Þorláki helga, og mökum þeirra og sýndi þeim Skálholtskirkju, þar sem Þorlákur helgi var eitt sinn prestur.

Þorlákur helgi var stofnaður 20. apríl árið 1996 af 40 bræðrum. Flestir stofnendurnir komu úr St. nr. 12, Skúla fógeta, og var ætlunin að vera með aðsetur í Vonarstrætinu. Stórstúkustjórn féllst ekki á að haldnir væru hálfsmánaðarlegir fundir í Reykjavík og því var stúkan stofnuð í Hafnarfirði. Fundir voru fyrst haldnir í gamla Oddfellowhúsinu við Linnestíg, síðar í Staðarberginu í Hafnarfirði og nú hyllir undir flutning í nýtt og glæsilegt hús í Urriðaholti.

Að lokum er bræðrum, sem stóðu að undirbúningi afmælisins, þakkað fyrir vel heppnaðan viðburð.

*Höfundur: Viðir Ólafsson, St. nr. 21, Þorláki helga
Ljósmyndir: Örn Árnason og Erlingur R. Þórsson*



Heldur var hryssingslegt þegar farið var að minnismerkinu um Þorlák helga, sem var biskup í Skálholti á 12. öld.

Húsnæði StLO við Glerárgötu tilbúið

Styrktar- og líknarsjóður Oddfellowa, StLO, gekk frá leigusamningi skömmu fyrir páska við Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis (KAON) og Grófina geðrækt vegna húsnæðis að Glerárgötu 24 á Akureyri. Um óhagnaðardrífinn leigusamning er að ræða.

Að frumkvæði reglubræðra á Akureyri keypti sjóðurinn tvær hæðir í húsinu, þá þriðju og fjórðu. Gengið var frá kaupunum í ársbyrjun 2025 og tóku Oddfellowar að sér að breyta húsnæðinu. Skráðir vinnutímar þeirra eftir sjálfboðavinnuna eru ríflega 1.800 talsins!

Birgir Snorrason í St. nr. 25, Rán, segir um aðdraganda verkefnisins að fyrir nokkrum árum hafi sú hugmynd komið upp að Oddfellowhreyfingin ætti að gera eitthvað gott á Akureyri, svipað og gert hafði verið sunnan heiða með endurbyggingu Líknardeildarinnar í Kópavogi, innréttingu gamla St. Jósefs-hospítala í Hafnarfirði og fleiri verkefnum.

„Nokkrir Oddfellowbræður í Rán voru að svipast um eftir hentugu húsnæði á Akureyri þar sem við vissum að nokkur félagasamtök voru í miklum húsnæðisvandræðum. Í desember 2024 fréttist svo af húsnæði á þriðju og fjórðu hæð að Glerárgötu 24 sem myndi verða laust sumarið 2025. Haft var samband við Styrktar- og líknarsjóð Oddfellowa og úr varð að húsnæðið var keypt í janúar 2025. Það losnaði svo í byrjun sumars og var þá samið um að Krabbameinsfélag Akureyrar og nágrennis myndi fá þriðju hæðina og Grófin geðrækt fjórðu hæðina til leigu,“ segir Birgir en hvor hæð um sig er um 220 fermetrar með sameign.

Myndaður var vinnuhópur Oddfellowbræðra á Akureyri og hafist handa við að teikna breytingar á báðum hæðum í náinni samvinnu við væntanlega notendur. Birgir segir margt hafa verið orðið gamalt og fyrirkomulagið hentað illa þessum nýju notendum.

„Miklar breytingar voru gerðar á báðum hæðum, veggir og loft rifið og nýtt sett í staðinn. Mikil sjálfboðavinna reglusystkina á Akureyri var lögð í endurbæturnar og einnig keypt utanaðkomandi vinna í ýmis sérhæfð verkefni. Krabbameinsfélagið flutti inn á þriðju hæðina í byrjun þessa árs og Grófin geðrækt flutti inn núna í apríl. Það má því segja að framkvæmdir hafi gengið vel,“ segir Birgir en heildarkostnaður við kaup á húsnæði og breytingar er um 170 milljónir króna.



Húsnæðið að Glerárgötu 24 á Akureyri. Styrktar- og líknarsjóður keypti tvær efstu hæðirnar.

Öruggt aðsetur KAON til næstu framtíðar

Pétur Þór Jónasson, formaður stjórnar Krabbameinsfélagsins á Akureyri, segir nýtt húsnæði koma sér vel og fagnar framtaki Oddfellowa.

„Það hafði legið fyrir um alllangt skeið að færa þyrfti starfsemi Krabbameinsfélags Akureyrar og nágrennis (KAON) um set og finna nýja aðstöðu. Þröngt var orðið um starfsemina og leigusali hafði þörf fyrir stækkun fyrir starfsemi sína. Fyrir einstaka velvild leigusala fengum við allan þann tíma sem við þurftum og það kom sér vel því vægt frá sagt gekk okkur illa að finna viðunandi lausn. Við áttum í itrekuðum viðræðum við fasteignafélög með afar dapurlegum árangri,“ segir Pétur Þór og bætir við: „Það varð okkur því mikill léttir þegar félagar í Oddfellowreglunni buðu okkur að leigja húsnæðið að Glerárgötu 24. Þriðja hæðin var síðan endurnýjuð í samræmi við þarfir og óskir félagsins. Eitt af því mikilvægasta í þessu öllu er að hér er félagið komið með öruggt aðsetur til næstu framtíðar.“

Pétur Þór segir nýja húsnæðið afar rúmgott, hlýlegt, haldi vel utan um starfsemina og skapi ýmsa möguleika. Aðstaða starfsmanna sé góð og sama megi segja um alla aðstöðu til að taka vel á móti þeim sem leita eftir ráðgjöf eða annarri þjónustu.

„Til dæmis er mjög notaleg aðstaða fyrir jafningjahópa sem þurfa ráðgjöf og eftirfylgni. Þá er gott fundarherbergi þar sem hægt er að hafa fræðslufundi fyrir minni hópa. Loks skal nefnt að vegna þess hve hér er um að ræða mikla stækkun á rými þá skapaðist aðstaða til að bjóða öðrum samtökum



Skrifað undir leigusamninga um Glerárgötu 24 í lok mars. Fremri röð frá vinstri: Pálína S. Halldórsdóttir frá Grófinni, Heiðar Friðjónsson frá StLO, og Pétur Þór Jónasson frá KAON. Aftari röð frá vinstri: Þröstur Sigurðsson í Sjöfn, Bergþór Guðmundsson frá StLO, Gunnar Larsen í Rán og Birgir Snorrason í Rán.



Birgir Snorrason, bróðir í Rán, með málningarpensil á lofti þegar húsnæðið var endurnýjað.



Unnið við niðurrif.



Áð loknum endurbótum er húsnæðið hlýlegt og öll aðstaða til fyrirmyndar.

aðstöðu, t.d. fyrir viðtalsþjónustu," segir Pétur Þór og nefnir sem dæmi að Sorgarmiðstöðin muni nýta sér aðstöðuna, það sé mjög jákvætt.

Grófarfélagar fá öruggt hússaskjól

Grófin geðrækt var stofnuð 2013 á Akureyri og starfaði í Hafnarstræti 95 fyrstu 10 árin eða allt þar til kom að því að hún flutti 1. nóvember 2024 þar sem ljóst var að húsnæðið var orðið heilsuspillandi.

Pálína S. Halldórsdóttir, framkvæmdastjóri hjá Grófinni geðrækt, segir að um árabíl hafi verið leitað leiða til að fá húsnæðið lagfært eða komast í annað og betra húsnæði.

„Sú leit skilaði ekki árangri enda ekkert framboð af góðu húsnæði á viðráðanlegu leiguverði. Á þeirri vegferð höfðu félagar í Oddfellow á Akureyri spurnir af stöðunni og komu Grófinni til hjálpar," segir Pálína. Hún segir griðarlega mikilvægt fyrir framtíð Grófarinnar að fá öruggt hússaskjól á hagstæðum kjörum.

„Það gerir okkur kleift að nýta þá styrki sem Grófin fær í starfið sjálft fyrir fólkið sem þangað leitar. Að

geta hugsað til framtíðar hvað þróun starfsins varðar út frá húsnæðinu og haft frelsi til að gera það svoltið að sínu, er líka góð tilfinning. Ekki síður er það draumi líkast að fá húsnæðið svona mikið endurnýjað. Því hefur verið breytt og það bætt eftir óskum Grófarfélaga svo það henti starfseminni sem best. Nýja Grófin mun án efa halda vel utan um fólkið sem kemur þangað," segir Pálína.

Fyrir hönd Grófarfélaga þakkar hún af heilum hug öllum þeim Oddfellowfélögum sem lögðu hönd á plóg við endurnýjun húsnæðisins við Glerárgötu. Án slíks velvilja og vinnu góðra bakhjarla væri Grófarstarfið ekki á þeim stað sem það sé í dag.

„Þetta er sannarlega ekki fyrsti styrkurinn sem Oddfellow veitir Grófinni geðrækt en án efa sá allra mikilvægasti. Ég horfi með tilhlökkun til framtíðarinnar í Grófarstarfinu og hins fagra útsýnis af fjórðu hæðinni við Glerárgötu 24," segir Pálína að endingu.

Höfundar: Ritnefnd St. nr. 2, Sjafnar

Emmsjé Gauti og Guðni sáu um uppistandið

Fjórar bræðrastúkur, sem funda í Vonarstræti, tóku sig til í byrjun mars sl. og efndu til sameiginlegar árshátíðar. Stúkurnar sem sameinuðust um verkefnið voru Ari fróði, Hallveig, Þorfinnur Karlsefni og Þorkell máni. Var þetta ákveðin

tilraun til að hrista fólk betur saman, snæða veislumat og gleðjast á góðri stund í kjól og hvítt. Skemmst er frá að segja að árshátíðin fór mjög vel fram og skemmtu um 150 manns sér hið besta, bræður og makar.





Guðni Ágústsson var veislustjóri kvöldsins og er hér ásamt Guðmundi Arnarssyni, formanni skemmtinefndar Þorkels mána, og Guðmundi Sv. Hermannssyni, undirmeistara Þorkels mána.



Emmsjé Gauti mætti á svæðið, tók nokkur lög og fór með gamanmál þess á milli. Móðir hans var í salnum, Arnhildur Rannveig Árnadóttir, og stjúpfaðir Gauta, Gunnar Þór Schiöth Elfarsson, yfirmeistari Hallveigar.

Árshátíðin var haldin í Valsheimilínu að Hlíðarenda og létu annarra félaga áhangendur úr stúkunum það ekki aftra sér, þó einhverjir KR-ingar og Víkingar bölvuðu í hljóði er staðsetning gleðskaparins var fyrst tilkynnt. Allt var það nú bara í nösunum á mönnum.

Skemmtinefndir stúknanna sáu um undirbúninginn. Guðmundur Sv. Hermannsson, undirmeistari í Þorkeli mána, setti árshátíðina og bauð Guðna Ágústssyni að taka við sem veislustjóri. Fór hann á kostum með sin gamanmál, sögur af samferðafólki og pólitíkina bar á góma eins og við var að búast. Guðni var ekkert að skafa af því, er hann sagði mál manna að hann væri besti landbúnaðarráðherra sem Ísland hefði alið, og ef grannt væri skoðað væri hann líklega í hópi bestu landbúnaðarráðherra Evrópu!

Guðni sá ekki einn um uppstandið þetta kvöld heldur mætti rapparinn Emmsjé Gauti á svæðið og fór óvænt með gamanmál á milli sinna kunnustu laga, þar sem hann fékk salinn til að taka vel undir í lögnum Þúsund hjörtu, Reykjavík og Klisja. Emmsjé

lét margt flakka og gerði m.a. grín að sjálfum sér og sinni fjölskyldu. Skipti þar nokkru að á fremsta borði við sviðið sat móðir hans, Arnhildur Rannveig Arnadóttir, ásamt manni sínum og stjúpföður Gauta, Gunnari Þór Schiöth Elfarssyni, sem er yfirmeistari Hallveigar.

Flóra veisluþjónusta sá um matseðilinn, sem var girnilegur og gómsætur. Í eldhúsinu voru matreiðslumeistararnir Sigurjón Bragi Geirsson og Sindri Guðbrandur Sigurðsson ásamt vösku aðstoðarfólki. Þeir voru með sjávarréttasúpu í forrétt, með ristudum argentískum rækjum, hörpuskel, blómkáli og dillolíu. Lambafillet var í aðalrétt með kartöfluköku ásamt sveppaduxell, saltbakaðri sellerirót með sellerirótarmauki og heslihnetuvínargrettu. Eftirrétturinn samanstóð af brownie köku með hvítri súkkulaðimús, sitrónukremi og hindberjasorbet.

Að loknum kvöldverði og skemmtiatriðum sá DJ Rúnar Rafn um að halda árshátíðargestum á dansgólfinu fram á nótt.

Ljósmyndir: Víkingur Óli Magnússon og Björn Jóhann Björnsson

FAGFORM
...Gerum allt merkilegt

- Öll almenn skitagerð
- Végskilti
- Vinnusvæðamerkingar
- Ljósaskilti
- Billa & tækjamerkingar
- Gluggafilmur

Laufey WELCOME CENTER

AGR

Síðu á þráðinn. fagform@fagform.is 3. 452-3260 www.fagform.is Gægrten 55, 800 Selfoss



„Þið yljíð mér um hjartarætur“

Guðrún Skúladóttir var gerð að fyrsta heiðursfélaga Rbst. nr. 11, Steinunnar, við hátíðlega athöfn í regluheimilinu í Reykjanesbæ í nóvember síðastliðinn. Guðrún var stofnfélagi stúkunnar árið 1997 og er fyrrum meistari hennar, ásamt því að hafa gegnt fjölmörgum öðrum embættum og störfum fyrir Oddfellowregluna.

Við athöfnina flutti Guðrún ræðu sem Oddfellowblaðið birtir hér valda kafla úr. Í upphafi ræðunnar þakkaði hún fyrir að sjá hve mörg reglusystkini væru viðstödd athöfnina, hún ætti oft eftir að minnast þessarar stundar með hlýju og stolti.

„Þið yljíð mér um hjartarætur. Við svona tilefni leitar hugurinn til upprunaáranna. Þetta hófst nú allt saman hvað mig varðar með því að tengdafaðir minn, bróðir Bjarni Fertram Halldórsson heitinn, kallaði mig á eintal að kvöldi 5. desember 1989 þar sem hann tók af mér loforð um að ég gengi í Oddfellowregluna og reyndi hvað ég gæti til að stuðla að því að hér yrði stofnuð Rebekkustúka. Br. Bjarni varð svo allur næsta morgun sem gerði erindið enn brýnna. Tengdamóðir mín, Guðrún S. Björnsdóttir, veitti okkur svo vænan styrk til að vinna að hinu sama.

Ég komst fljótt að því að systur á Suðurnesjum höfðu þegar hafið vinnu að stofnum Rebekkufélags. Árið 1993 komst skriður á undirbúninginn



Guðrún Skúladóttir.

og 12. október 1994 var stofnað Rebekkufélagð Steinunn sem var ætlað að vinna að stofnun Rebekkustúku. Aðal drifkraftarnir voru str. Anna Lisa Ásgeirsdóttir heitin, str. Lára G. Oddsdóttir og str. Guðlaug Eiríksdóttir. Í félaginu voru líka aðrar systur af Suðurnesjum sem voru í Rebekkustúkum á höfuðborgarsvæðinu og ein frá Ísafirði. Nokkrar þeirra urðu stofnfélagar Steinunnar.

Smám saman fjölgaði í félaginu, sem hélt fundi einu sinni í mánuði. Mikið þurfti að undirbúa fyrir stofnun stúkunnar og temja okkur þá siði sem fara skyldi eftir, eignast siðbækur og áhöld. Áhuginn var mikill og það er gaman að minnast þessa tíma. Alveg frá því

ég gaf tengdafaðir minum þetta loforð hef ég haldið tryggð við stúkuna mína og gefið henni allt sem ég hef getað en jafnframt unnið ótullega í öðrum Reglu- deildum Oddfellowreglunnar," sagði Guðrún um að dragandann að stofnun Steinunnar.

Bræður og systur hjálpuðu til

Húsnæði og fundarastaða var til staðar fyrr nýja Rebekkistúku en bræður í stúku nr. 13, Nirði, höfðu með mikilli vinnu og fórnfýsi keypt húsnæði að Grófinni 6b og buðu Steinunnarsystur velkomnar. „Þeir hafa alla tíð verið okkur afar hjálplegir og kunnum við þeim bestu þakkar," sagði Guðrún.

Stofnfélagar Steinunnar voru 23 systur en einnig



Fjölmennnt var við athöfnina í Regluheimilinu í Reykjanesbæ er Guðrún var gerð að fyrsta heiðursfélaga Steinunnar.



Frá útnefningu Guðrúnar Skúladóttur sem fyrsta heiðursfélaga Steinunnar. F.v. Hafðís Stefánsdóttir varastórsir systra, Sigríður Jóhannesdóttir, fyrsti starfandi fyrrum meistari Steinunnar, Björn Bjarnason, maður Guðrúnar og br. í Nirði, þá Guðrún sjálf, Magnea Steiney Jónsdóttir, fyrsti stórfulltrúi Steinunnar, og Stefán Stefánsson varastórsir bræðra.

tveir bræður úr Nirði, þeir Tómas Tómasson og Árni Þorgrímsson. Þeir voru báðir með Rebekkustigið þar sem að áður gátu einungis bræður verið stórfulltrúar fyrir Rebekkudeildir en því hafði verið breytt skömmu áður en Steinunn var stofnuð. Árni var þeim systur mjög innanhandar og tók þátt í siðaathöfnum þar sem það átti við.

Til að geta náð heppilegum fjölda systra til að stofna stúku, varð að leita til margra Rebekkustúkna, einkum á höfuðborgarsvæðinu, til að vigja ungar og efnilegar konur inn í Regluna, auk þeirra sem þegar voru Oddfellowar og vildu vera með. Þáverandi stórsir, Geir Zoëga, skipaði Magneu Steineyju Jónsdóttur, Rbst. nr. 1, Bergþóru, til að vera fyrsti stórfulltrúi Steinunnar og Unni Jónsdóttur, sem nú er í Rebekkustúku. nr. 14, Elisabetu, til að vera fyrsti varastórfulltrúi.

„Aldrei var veður það vont að þær sæktu ekki fundi þó þær þyrftu að aka Reykjanesbrautina viðfrægu. Þetta gerðu þær auk annarra starfa í regludeildum sínum. Þessar systur leiðbeindu okkur og sýndu okkur hvernig við ættum að framkvæma siðaathafnir og fleira og kunnum við þeim bestu þakkir,“ sagði Guðrún og nefndi einnig str. Sigrúnu Jensdóttur, þá í Bergþóru, sem hefði verið Steinunnarsystur mikil hjálp. Sigrún lést árið 2019.

Guðrún nefndi fleiri systur sem aðstoðuðu við stofnun stúkunnar. Stórsir skipaði jafnframt str. Sigríði Jóhannesdóttur, Rbst. nr. 8, Rannveigu, til að vera fyrsti starfandi fyrrum meistari Steinunnar. Sigríður var viðstödd athöfnina í nóvember sl. en hún verður 99 ára í júlí næstkomandi.

„Sigríður hefur verið okkur svo sannarlega kær. Ekki aðeins skólaði hún okkur til í stúkustarfinu heldur miklu meira en það. Frá henni streymdi því-

lík væntumþykja og kærleikur að við urðum allar snortnar af. Þegar hún talaði hlustuðum við því viska hennar á Oddfellowmálefnum var óþrjótandi. Hún sótti fundi hjá okkur meðan heilsan og orkan leyfði. Í hvert sinn sem við tölum saman spyr hún út í stúkustarfið hjá okkur í Steinunni. Greinlegt er að hún hefur enn óbreyttar taugar til stúkunnar. Mér þykir vænt um að hún hafi séð sér fært um að mæta til okkar í kvöld, takk fyrir systir Sigríður fyrir alla þína aðstoð, hvatningu og einlægar þakkir fyrir að þú skulir sýna mér þann heiður að vera hér í kvöld,“ sagði Guðrún í ræðu sinni.

Nafn og merki stúkunnar

Rebekkufélagið Steinunn var lagt niður 2. apríl 1997 en stúkan nr. 11, Steinunn, var stofnuð þremur dögum síðar, 5. apríl. Fyrstu stjórn skipuðu systurnar Lára G. Oddsdóttir, yfirmeistari, Guðrún Skúladóttir, undirmeistari, Heiðrún Þorgeirsdóttir, ritari, Karlotta Kristjánsdóttir, gjaldkeri, og féhirðir var Elsa Ína Skúladóttir.

Í ræðu sinni vék Guðrún að því hvernig stúkunafníð Steinunn hefði komið til. Nafnið kom að tillögur str. Guðlaugar Eiríksdóttur. Steinunn var frænka Ingólfs Arnarsonar og fyrsta landnámskonan á Suðurnesjum. „Þannig hafa Steinunnarsystur numið land og rutt brautina fyrir Oddfellowstarf systra á Suðurnesjum. Landnámskonan var kölluð Steinunn gamla sem átti að merkja að hún hefði visku og reynslu sem gömul kona þó ung væri en hún þótti bæði vitur og ráðholl,“ sagði Guðrún.

Merki stúkunnar er eftir str. Heiðrúnu Þorgeirsdóttur listamann, það var jafnframt framleitt og hannað sem brjótsnæla fyrir Steinunnarsystur. Vitnaði Guðrún til orða Heiðrúnar, sem lýsti merkinu

þannig: „Merkið vitnar til grunngilda Reglunnar með því að setja þrjá blómstrandi knúppa í merkið sem tákni um vináttu, kærleika og sannleika. Í merkinu er líka sjórinn, sem tákn fyrir Faxaflóa og sólin sem táknar ljósið sem lýsir leið okkar allra.“

Þegar Steinunnarsystur höfðu starfað í ár, um það bil, þurfti að gera breytingar á skipan stjórnar stúkunnar. Lára, sem í dag er fyrrverandi sóknarprestur, varð að hætta sem yfirmeistari þar sem henni var á þessum tíma úthlutað brauð á Austurlandi, nánar tiltekið á Valþjófsstað í Fljótssdal. Guðrún var þá gerð að yfirmeistara og Elsa Ína Skúladóttir færðist upp í undirmeistarann. Færði Guðrún sérstakar þakkir til Láru fyrir samstarfið, sem og til Elsu fyrir þeirra samvinnu.

Eldey fyrsta afkvæmið

„Mér þykir afar vænt um stúkuna mína og það hefur aldrei rofnað. Stærsta breytingin sem stúkan hefur undirgengist var þegar Rbst. nr. 18, Eldey, var stofnuð en þá fóru margar góðar systur úr stúkunni og yfir í þá stúku. Þó svo að það sé sárt að sjá á eftir góðum systur yfir í aðrar stúkur þá er það til góðs. Það er hluti af stækkun og vexti Oddfellowreglunnar, því ber að fagna og koma á góðu samstarfi og rækta

það. Já, Steinunn gamla ól af sér fyrsta afkvæmið, Eldeyju, sem varð 10 ára í haust og óska ég þeim innilega til hamingju og góðrar velgengni í framtíðinni og ánægjulegt að sjá hversu margar systranna úr Eldeyju eru hér viðstaddar.“

Guðrún sagði stúkuna Steinunni hafa á að skipa góðum systur og framtíðin væri björt og spennandi. Hún hefði mjög sterkar taugar til Steinunnar og óskaði stúkunni velfarnaðar og guðs blessunar um ókomin ár.

„Þegar ég hugsa um hvaða áhrif Oddfellowreglan hefur haft á mig, hef ég áttað mig á því að ég breyti öðruvísi. Ég hugsa á þroskaðri máta þar sem ég finn að gildi Reglunnar hafa vissulega sín áhrif. Vináttan við öll þessi systkini hefur reynst mér ómetanleg og veitt mér mikla gleði og ró. Þó er kærleikurinn það mikilfenglegasta sem við höfum kynnst og smýgur inn að hjartarótum á guðdómlegan hátt. Ég er sæl og stolt af stúku minni sem hefur frá upphafi þroskað okkur inn á við en út á við verið öflug í líknarmálum. Þá hefur stúkan styrkt margar ungar konur og menn sem eru að hefja göngu sína á listabraitinni,“ sagði Guðrún og þakkaði að endingu stúkusystur sínum fyrir þann sóma sem henni var sýndur, að gera hana að fyrsta heiðursfélaga Steinunnar.

ÞÖKKUM ODDFELLOW FRAMLAGIÐ TIL SAMFÉLAGSINS!



Uppskeran er góð og gjöful

Það er sama hvaðan gott kemur. Margvíslegar leiðir standa til boða til að rækta okkur sjálf, stuðla að betra samfélagi og verða betri manneskjur. Ein þeirra leiða er að vera í Oddfellowreglunni.

Að ganga í Oddfellowregluna er eins og að leggja upp í leiðangur eða ferðalag. Það er ekki alveg vitað hvert ferðalagið leiðir okkur eða hvernig það verður. Ferðalögum fylgir nefnilega alltaf einhver óvissa, hvað mætir manni og hverja við hittum á leiðinni. Það er eins og lífið sjálft, það þarf alltaf að takast á við eitthvað óvænt en það er það sem gerir ferðalagið skemmtilegt, forvitnilegt og lærdómsríkt.

Þegar ferðadagurinn rennur loksins upp þá er þetta eins og með önnur ferðalög, maður hefur sig til, fer í ferðafötin, reimar á sig skóna og heldur af stað. Í bakpokanum er hæfilegur skammtur af kvíða en þeim mun meira af spenningi, tilhlökkun, forvitni og eftirvæntingu. Með fiðringinn í maganum og hæfilega aukinn hjartslátt er lagt út í óvissuna. Vitundin er samt um að ferðalagið snúist um mannrækt, að láta gott af sér leiða og stefna þannig að því að verða betri manneskja. En hvernig það gerist er ekki endilega vitað.

Við vitum í upphafi ferðar að gildi Oddfellowreglunnar eru vináttu, kærleikur og sannleikur. Allt saman góðir og gefandi ferðafélagar sem kenna okkur svo ótal margt, til að mynda að rækta vináttuna, bera umhyggju fyrir öðrum og vinna saman að bættu samfélagi. Það sem gerist í leiðinni er að maður vinnur í sjálfum sér í og með stuðningi og velvild annarra.

Byggir á gömlum grunni

Oddfellowreglan byggir á gömlum grunni en elstu rituðu heimildir um Regluna eru frá árinu 1537. Oddfellowreglan á Íslandi er grein af stúku sem stofnuð var í Bandaríkjunum árið 1819 en upphaf Oddfellowreglunnar á Íslandi má rekja aftur til ársins 1897. Það hafa því margir gengið götuna á undan og gönguleiðirnar því vel sýnilegar og varðaðar. Það er margt að sjá á leiðinni og áningarstaðirnir margir;



Ingigerður Anna Konráðsdóttir.

þar er upplagt að staldra við, hlusta, skynja og íhuga. Á þessari göngu kynnist maður fullt af fólki, alls konar fólki sem á það sameiginlegt að vinna að sama marki og vera gott fólk sem er fullt af góðvild og kærleika. Á þessari vegferð opnast fyrir manni heill heimur sem er í senn heillandi og skemmtilegur.

Besta leiðin til þess að fá sem mest út úr þessari vegferð er að ástunda, mæta á fundi og kynna öðru fólki. Það er ekkert endilega auðvelt að hafa sig af stað. En það þarf að stiga skrefið og mæta og það getur verið áskorun, sérstaklega þegar maður er nýr í Reglunni. Því er mikilvægt að hafa hugfast að vilji er allt sem þarf.

Í þjóðfélagi okkar heyrum við mikið talað um kvíða og einmanaleika og skort á félagslegum tengslum og að ungt fólk á leið út í lífið sé kvíðið og þunglynt. Það er því afar mikilvægt að tilheyra einhverju eða einhverjum eins og til dæmis góðum og gefandi hópi.

Mikilvægt að tilheyra

Það er margt sem tekur hug okkar í dag, eins og til dæmis hraðinn í samfélaginu, síminn og samfélagsmiðlar. Í þessu öllu saman er auðvelt að hverfa inn í sjálfan sig og einangrast. En mannum er eðlislægt að eiga samskipti við aðra og ein af grunnþörfum mannsins er að tilheyra, ekki bara sjálfum sér heldur einhverju eða einhverjum, hvort sem það er fjölskylda, vinir, skólafélagar, vinnufélagar eða hópur. Að vera hluti af heild veitir öryggi og traust og það felur í sér viðurkenningu á því að vera manneskja.

Það er því mikilvægt að tilheyra, að geta skilið tilfinningar sínar og annarra og geta sýnt tilfinningar. Finna fyrir skilningi, fá stuðning og viðurkenningu. Það eru ekki allir sem eiga gott með félagsleg tengsl og það þarf að virða, sýna skilning og veita stuðning. Það er góð tilfinning að vera hluti af hópi sem veitir traust, vernd og samkennd. Það er mikilvægt fyrir sjálfsmyndina og andlega vellíðan að eiga samastað því það eflir einstaklinginn.

Í Oddfellow eru haldnir fundir reglulega og þeir fylgja ákveðinni dagskrá og síðareglum. Það er mikilvægt að mæta á fundi og gefa sig í starfið.

Maður skilur allt eftir fyrir utan fundarsalinn, hverfur um stund burt frá amstri dagsins, hraðanum og áreiti símans og samfélagsmiðla og gengur inn í fallegar vistarverur, verndandi umhverfi þar sem hægt er að vera í ró, hverfur inn í kyrrlátari heim sem er umvafinn hlýju og kærleika. Bara að vera, hlusta og njóta. Þetta er eitt af því sem gefur hugarró. Kjarninn eru hefðirnar og það er gott að hvíla í þeim. Endurupplifa eitt-hvað gott og dýrmætt.

Starfið er ögrun

Í Oddfellowstarfinu hef ég komið sjálfri mér á óvart. Starfið er ögrun, það veitir tækifæri og eflir sjálfs-traustið. Í starfinu hef ég margoft þurft að stíga út fyrir þægindarammann sem er svo auðvelt að vera í en kannski engum hollt að vera í til lengdar því það er ekki endilega mikil örvun sem á sér stað þar. Það þarf hugrekki til að stíga út fyrir boxið og það hefur verið áskorun að taka þátt í starfi Oddfellow-reglunnar. Það er ekki alltaf auðvelt en uppskeran er góð og gjöful. Uppspera sem gefur, þroskar, nærir

og kennir manni að þiggja. Auk þess að efla mann í því að vilja meira, taka skrefið nær sjálfum sér til uppbyggilegra og betra lífs.

Í starfinu ræktum við vináttuna, okkur sjálf og njótum stuðnings hvers annars. Það er margt um að vera í Oddfellowreglunni og fundirnir eru ekki allt. Við hittumst fyrir eða eftir fund, sitjum saman, fræðumst, spjöllum og borðum saman. Utan funda gerum við ýmislegt; ferðumst, hittumst og höfum gaman, allt eftir vilja og getu hvers og eins. Það er skemmtilegt og gefandi líf í stúkustarfinu.

Oddfellowreglan hefur á ýmsan hátt látið gott af sér leiða í þjóðfélagi okkar með stuðningi og aðstoð við margvíslega þörf og brýn málefni. Ég hef fundið mína leið í stúkustarfinu og ég er stolt af því að tilheyra því góða og öflugra starfi sem þar fer fram.

Höfundur:

Ingigerður Anna Konráðsdóttir, djáknakandidat og ritari í Rbst. nr. 1, Bergþóru

ÞÖKKUM ODDFELLOW FRAMLAGIÐ TIL SAMFÉLAGSINS!

Þjóðum
10%
Oddfellow
afslátt

f Skoðið laxdal.is

**BERNHARD
LAXDAL**
Skípholti 29b • S. 551 4422

SJÓMANNASAMBAND
ÍSLANDS

**HRADFRYSTIHÚSIÐ-
GUNNVÖR HF.**

VÉLAR OG DÆLUR

Ertu stjórnandi?

Við vinnum fyrir þig.



STF

STYRKUR TRYGGÐ FORYSTA



Það borgar sig að vera í stjórnendafélagi!

Stjórnendur og fólk í ábyrgðarstöðum eiga heima í stjórnendafélögum STF.

Félagssólk nýtur stuðnings sem skiptir máli:

- Öflugir styrkir í sjúkra- og menntunarsjóðum
- Fjölbreyttir orlofskostir
- 80% niðurgreiðsla í stjórnendanám STF og SA
- Persónuleg þjónusta

Taktu skrefið, við tökum vel á móti þér!



www.stf.is

HEYRNARTÓL PELTOR WS ALERT XPV MEÐ SÓLARHLEÐSLU

DYNJANDI.IS



DYNJANDI

allt fyrir öryggið

Dynjandi · Skeifunni 3h · Sími: 588 5080 · dynjandi.is